TVÖ NÝ FJÖLBÝLISHÚS Í MOSFELLSBÆ

*Sérinngangur af svölum og útsýni yfir sundin*

hús fasteignir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




FREYDÍS VIGFÚSDÓTTIR

*Mannekla í frisbífélagi*

Flugdiskafélag stúdenta stefnir hátt

FÓLK 34





NÁMSKEIÐ Á VORÖNN 2007

SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR
WWW.CAPACENT.IS

capacent

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. janúar 2007 — 14. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## MÁNUDAGUR

### Máttur ástarinnar



Halldóra Malín Pétursdóttir flytur einleik sinn „Power of Love/ Hið fullkomna deit“ í Austurbæ.

MENNING 24

### Britney eldist hratt



Þekktur lýtalæknir segir Britney Spears hafa elst um 10-15 ár síðustu tvö árin. Partístandið tekur sinn toll.

FÓLK 29

### RÚV-frumvarpið

„Breytingin sem felst í að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi mun leiða til málaferla vegna áreksturs við Evrópureglur um samkeppnismál,“ segir Össur Skarphéðinsson.

Í DAG 18

### Sigur á Tékkum



Íslenska handboltalandsliðið vann síðasta leikinn fyrir HM í handbolta. HM-hópurinn verður valinn í dag.

ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART SUÐAUSTAN TIL** Í dag verða norðlægar áttir, 5-13 m/s. Snjókoma eða él nyrðra, stöku él vestan til en bjart á landinu suðaustanverðu. Frost 0-8, mildast syðst.

VEÐUR 4




# Verðmæti síldarkvótans er fimmtíu milljarðar króna

**Viðræður um skiptingu á norsk-íslenska síldarkvótanum hefjast að nýju í Noregi í dag. Norðmenn hafa farið fram á 70 prósent kvótans. Íslensk stjórnvöld munu ekki ganga að því og hafa gagnrýnt Norðmenn hart.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir afar mikilvægt að ná samkomulagi við Norðmenn og önnur strandríki um kvótaskiptingu norsk-íslenska síldarstofnsins en þriðja lota viðræðna um kvótaskiptingu hefst í Noregi í dag. Norðmenn rufu samkomulag um stjórn veiðanna árið 2005 og hækkuðu kvóta sinn einhliða um 14 prósent. Íslensk stjórnvöld hafa gagnrýnt þá ákvörðun hart og segja afstöðu Norðmanna ósanngjarna og óraunhæfa og hún geti stefnt sjálfbærni stofnsins í hættu.

Einar K. Guðfinnsson vonar að samkomulag náist og segir það mjög miður að Norðmenn ákváðu að endurnýja ekki samninginn sem náðist með mikilli fyrirhöfn árið 1996. „Það er mjög mikilvægt fyrir strandríkin öll að ná samkomulagi um þennan deilistofn. Við verðum sem ábyrgar fiskveiðiþjóðir að reyna allt til að ná samkomulagi.“ Inntur eftir skoðun sinni um framgöngu Norðmanna í samningum um síldarstofninn segir Einar að það hafi verið afar óheppilegt þegar Norðmenn ákváðu að hverfa frá samkomulagi um veiðarnar.

Stefán Ásmundsson, formaður íslensku samninganefndarinnar, segir Norðmenn hafa farið fram á 70 prósent kvótans. „Það er ljóst að við munum ekki ganga að ítrustu kröfum Norðmanna.“ Stefán segir Íslendinga sætta sig við 15,54 prósent á grundvelli samnings frá 1996. „Við höfum þó talið okkur eiga skilið meira. Aðalatriðið er þó stjórnun veiða því við þekkjum allra best hvað óábyrgar veiðar úr þessum stofni geta þýtt.“

Einar hefur gagnrýnt Norðmenn opinberlega vegna samningsbrots þeirra. Það gerði Geir H. Haarde forsætisráðherra einnig í ræðu á Alþingi í fyrra vegna takmarkana Norðmanna á veiðum við Svalbarða. Stjórnvöld undirbúa málsókn á hendur Norðmönnum vegna þeirrar ákvörðunar.

Viðræðum var hætt í desember síðastliðnum þegar ljóst varð að enn vantaði nokkuð upp á að samkomulag tækist um skiptingu kvótans. Miklir hagsmunir eru í húfi enda er aflaverðmæti heildarkvótans metið á um 50 milljarða króna.

- shá



**Í HALARÓFU** Á meðan sumir bölsótast yfir því að komast illa leiðar sinnar í ófærðinni sem jafnan fylgir snjóþyngslum, þá eru aðrir sem nota þau fátíðu tækifæri til að koma sér í gott skap. Þessi fjölskylda undi sér vel í snjónum sem huldi Reykjavíkurtjörn í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON BRINK

Snjórinn í höfuðborginni:

## Mesti snjóþungi í um þrettán ár

**VEÐUR Snjókoman á höfuðborgarsvæðinu undanfarið er líklega sú mesta í um þrettán ár, að sögn Þórs Jakobssonar veðurfræðings. Þrátt fyrir það var ekki skíðafæri í Bláfjöllum og Skálafelli í gær. Vindur hefur feykt léttum snjónum ofan af grjóti í hlíðunum og skapað þar með slysahættu, en vonir standa til að með hlýnandi veðri verði hægt að opna þar á næstu dögum.**

**Þór segir nákvæmar tölur enn ekki liggja fyrir en allt bendi til þess að ár og dagar séu síðan höfuðborgarbúar hafi séð jafnmikinn snjó á jafnstuttu tímabili á þessum árstíma.**

**Minni snjór var á Norðurlandi en fyrir sunnan um helgina, sem Þór segir mjög óvenjulegt í janúar. Þó voru skíðasvæðin þar opin.**

- sh / -re

Hæstaréttarlögmaður telur veigamikla ágalla á frumvarpinu um Ríkisútvarpið:

## RÚV verður vopnlaust gegn kærum

**RÍKISÚTVARPIÐ** Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður óttast að lögin um Ríkisútvarpið ohf. verði upphafið að endalokum þess í þeirri mynd sem það er í í dag.

Ástráður telur ákvæði frumvarpsins um fjárhagslegan aðskilnað starfsemi í almannaþágu og samkeppnisreksturs óframkvæmanlegt og segir Ríkisútvarpið verða vopnlaust gagnvart gagn- og samkeppnisaðilum sem myndu kæra til Evrópustofnana. „Ég álít að það verði mjög erfitt að verjast slíkum samkeppniskærum,“ segir Ástráður.



ÁSTRÁÐUR HARALDSSON LÖGMAÐUR

Jafnframt efast Ástráður um að sá skilningur stjórnarliða í menntamálanefnd Alþingis að samkeppnislög nái ekki til Ríkisútvarpsins ohf. fáist staðist. Þá dugi ekki lög um opinber hlutafélög utan um þá starfsemi sem því er ætlað að sinna. „Um leið og starfsemi er færð í form hlutafélags verður hún einkaréttareðlis og það er mikilvægt að menn átti sig á að frumvarpið fjallar því í reynd um einkavæðingu Ríkisútvarpsins,“ segir Ástráður.

Til að búa til millistig milli opinbers rekstrar og einkarekstrar þurfi að setja um það almenn lög og færa svo starfsemina undir þau í stað þess „að gera það með stagbættum frumvörpum um einkavæðingu Ríkisútvarpsins“.

Fram hefur komið að forstjóri Samkeppniseftirlitsins telur ákvæði frumvarpsins stangast á við samkeppnislög, en talsmenn meirihluta menntamálanefndar Alþingis telja að sérlög gangi framar almennum lögum.

Þriðja umræðan um frumvarpið hefst á Alþingi í dag og má búast við hörðum deilum um frumvarpið á lokastigum umræðu þingsins.

- bþs / sjá síðu 4

Forsetakosningar í Frakklandi:

## Sarkozy fer í forsetaframboð

**FRAKKLAND, AP** Nicolas Sarkozy, innanríkisráðherra Frakklands, hlaut í gær formlega tilnefningu íhaldsmanna til að verða frambjóðandi flokksins í forsetakosningunum í vor.



NICOLAS SARKOZY

Nærri 70 prósent flokksfélaga höfðu veitt honum stuðning sinn í netkosningu, þar sem hann var reyndar einn í framboði.

Sarkozy hefur þó ekki hlotið stuðning frá tveimur voldugustu flokksbræðrum sínum, þeim Dominique de Villepin forsætisráðherra eða Jacques Chirac forseta, sem báðir hafa verið orðaðir við forsetaframboð.

- gb / sjá síðu 16

## SPURNING DAGSINS



*Kristján, er Akureyri best?*

„Langbest! Fallegasti bær landsins að mati Íslendinga samkvæmt skoðanakönnunum."

Kristján Þór Júlíusson, fyrrverandi bæjarstjóri á Akureyri, segist ekki ætla að flytja til Reykjavíkur þótt hann verði kjörinn á þing í vor.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna hitti Mahmoud Abbas, forseta Palestínumanna:

# Abbas andvígur bráðabirgðalausnum

**RAMALLAH, AP** Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hitti í gær Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar, í Ramallah á Vesturbakkanum og hélt síðan til Jórdaníu á fund Abdullahs konungs. Í dag ætlar hún að hitta í Jerúsalem Ehud Olmert forsætisráðherra Ísraels og þaðan heldur hún til Egyptalands þar sem hún hittir Hosni Mubarak forseta.

Hún er á ferð um Mið-Austurlönd til að kynna breytingar á hernaðaráætlun Bandaríkjanna í Írak og afla stuðnings við þær.

Á fundi sínum með Abbas sagði hún Bandaríkin vilja gera sitt til að koma friðarviðræðum Ísraela og Palestínumanna á skrið á ný, en hafði þó fátt nýtt fram að færa og lét ekki uppi afstöðu sína til tillagna, sem aðrir hafa komið með.

Hún sagði að nú væri kominn tími til þess að „líta yfir sjóndeildarhring stjórnmálanna og byrja að sýna Palestínuþjóðinni hvernig við getum þokast í áttina að Palestínuríki."

Að loknum fundinum sagði Abbas við blaðamenn að Palestínumenn væru andvígir öllum bráðabirgðalausnum, en á laugardaginn hafði Tzipi Livni, utanríkisráðherra Ísraels, gefið það í skyn á fundi sínum með Rice að Ísraelsmenn vildu hraða einhliða áætlun sinni um að stofnað yrði Palestínuríki með bráðabirgðalandamærum á Vesturbakkanum og Gazasvæðinu. - gb



**PALESTÍNSKIR „INDJÁNAR"** „Indjánastríðunum er ekki lokið," stóð á skilti sem hópur Palestínumanna hélt á lofti þegar Condoleezza Rice kom til Vesturbakkans í gær. Palestínumennirnir höfðu klætt sig að hætti bandarískra frumbyggja. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Baugsmálið í Hæstarétti:

## Sex ákæruliðir til meðferðar

**DÓMSMÁL** Tekist verður á um sex ákæruliði af þeim 40 sem upphaflega voru gefnir út á hendur sex einstaklingum í hinu svokallaða Baugsmáli í Hæstarétti í dag.

Í þeim liðum sem eftir standa eru fjórir ákærðir: Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, Kristín Jóhannesdóttir, og endurskoðendurnir Anna Þórðardóttir og Stefán Hilmar Hilmarsson. Ákæruefnin snúa að meintum tollsvikum vegna innflutnings á tveimur bílum, meintum brotum á hegningarlögum og lögum um ársreikninga með því að setja fram rangar eða villandi upplýsingar í ársreikningum. - bj



**FRÁ ALÞINGI** Þingmenn geta á ný stungið saman nefjum í þingsalnum í dag.

Þing kemur saman á ný:

## Ríkisútvarpið fyrst á dagskrá

**STJÓRNMÁL Alþingi kemur saman í dag eftir jólahlé sem hófst 9. desember.**

**Frumvarpið um Ríkisútvarpið er fyrsta mál á dagskrá þingsins í samræmi við samkomulag sem fulltrúar flokkanna gerðu í desember.**

**Samkvæmt starfsáætlun verður þinginu slitið fimmtudaginn 15. mars en alþingiskosningar verða tæpum tveimur mánuðum síðar. 33 dagar eru ætlaðir til þingfunda á vorþinginu og sex dagar til nefndastarfa.** - bþs

# Kostnaður ríkisins tæpar 450 milljónir

**Fjármálaráðherra boðar breytingar á vinnuferli í þjóðlendumálum. Þingmaður Samfylkingar segir að minna fé fari í að styðja vafasamar þjóðlendukröfur. Hæstaréttarlögmaður segir kostnað að hluta tilkominn vegna ítarlegra krafna.**

**ÞJÓÐLENDUMÁL** Kostnaður ríkisins af þjóðlendumálum hefur verið rúmar 447 milljónir frá árinu 1998 til ársins 2005. Þessi tala fæst þegar heildarkostnaðurinn, rúmar 384,5 milljónir, er uppreiknaður til verðlags ársins 2006.

Þessar upplýsingar koma fram í svari Árna Mathiesen fjármálaráðherra við fyrirspurn sem Jón Gunnarsson, þingmaður Samfylkingarinnar, lagði fram á Alþingi í október. Jón fór einnig fram á að sjá kostnað sveitarfélaga af þjóðlendumálum. Í svari fjármálaráðherra kemur fram að ráðuneytið hafi ekki upplýsingar um kostnað þeirra.

Tölur um kostnað af þjóðlendumálum fyrir árið 2006 lágu ekki fyrir í gær þegar Fréttablaðið hafði samband við Böðvar Jónsson, aðstoðarmann fjármálaráðherra.

Kostnaður ríkisins af þjóðlendumálum er þrískiptur: kostnaður ráðuneytisins vegna undirbúnings mála, almennur kostnaður óbyggðanefndar og kostnaður við úrskurði.

Í kostnaðinum felst meðal annars vinna lögmanna við gagnaöflun, laun til starfsmanna óbyggðanefndar, laun til lögmanna vegna málflutnings lögmanna fyrir óbyggðanefnd og einnig þóknun til lögmanna sem gæta hagsmuna málsaðila annarra en ríkisins.

Á fundi ríkisstjórnarinnar á föstudaginn lagði Árni Mathiesen fram tillögu þess efnis að vinnuferlið við kröfugerðarlýsingar í þjóðlendumálum verði endurskoðað. Samkvæmt tillögu Árna mun ríkið ekki lýsa endanlegum þjóðlendukröfum sínum á tilteknum svæðum fyrr en óbyggðanefnd hefur hafið rannsókn á svæðinu.




**YFIRLITSKORT YFIR STÖÐU ÞJÓÐLENDUMÁLA** Kortið sýnir stöðu þjóðlendumála á Íslandi. Kostnaður ríkisins af þjóðlendumálum á tímabilinu er rúmar 447 milljónir króna á verðlagi ársins 2006. KORTIÐ ER BIRT MEÐ LEYFI ÓBYGGÐANEFNDAR

> Það má ætla að minna fé verði varið í að styðja óraunhæfar og vafasamar þjóðlendukröfur
>
> JÓN GUNNARSSON
> ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGAR

Hingað til hefur fjármálaráðherra lagt kröfurnar fram fyrir hönd íslenska ríkisins áður en óbyggðanefnd hefur hafið rannsóknina. Í Fréttablaðinu á laugardaginn sagði fjármálaráðherra að hann legði til þessa breytingu til að kröfur ríkisins verði byggðar á betri upplýsingum og verði raunhæfari.

Ef ríkisstjórnin breytir vinnuferlinu á þennan hátt má ætla að kostnaður ríkisins muni minnka. „Það má ætla að minna fé verði varið í að styðja óraunhæfar og vafasamar þjóðlendukröfur," segir Jón Gunnarsson, þingmaður Samfylkingarinnar.

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður segir mikinn kostnað vegna þjóðlendumála tilkominn vegna þess að ríkisvaldið hafi gengið of langt í þjóðlendukröfum sínum. „Fjármálaráðherra hefur farið út fyrir það umboð til kröfugerðar sem honum er veitt í lögunum."

Ekki náðist í Árna Mathiesen í gær vegna málsins.

ingifreyr@frettabladid.is

Breska stjórnin:

## Vill víðtækan gagnagrunn

**BRETLAND Breska stjórnin kynnir í dag hugmyndir sínar um að koma á fót víðtækum gagnagrunn með persónuupplýsingum sem á að auðvelda almenningi að fá skjóta þjónustu hjá hinu opinbera.**



TONY BLAIR

**Breski Íhaldsflokkurinn gagnrýnir þessi áform harðlega og segir verulega hættu á að opinberar stofnanir misnoti upplýsingarnar sem þær munu hafa aðgang að. Frá þessu er skýrt á vefsíðu breska útvarpsins BBC.**

**Ríkisstjórnin telur hins vegar nauðsynlegt að ríkisstofnanir hafi aðgang að upplýsingum frá öðrum ríkisstofnunum til þess að borgararnir þurfi ekki að hendast á milli margra stofnana til að fá afgreiðslu mála sinna.** - gb

## RÚSSLAND

### Rússneska lögreglan til London

Hópur rússneskra rannsóknarlögreglumanna ætlar til London á næstunni til að rannsaka morðið á Alexander Litvinenko, fyrrverandi KGB-njósnaranum sem lést af völdum geislavirka efnisins pólón-210 í nóvember.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Læsti fáklædda konu sína úti

Lögreglan var kvödd í Hafnarfjörð í fyrrinótt þar sem afar fáklædd kona sást úti á svölum. Í ljós kom að maður hennar hafði læst hana úti í kjölfar rifrildis. Konunni var útvegað skjól í Kvennaathvarfinu.


BÍLL DAGSINS

SUBARU B9 TRIBECA

Nýskr. 09.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 10 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Heimilislausir karlmenn flýja Byrgið og leita árangurslaust að húsaskjóli:

# Byrgisskýrslan kynnt í dag

**FÉLAGSMÁL** Skýrsla Sigurðar Þórðarsonar ríkisendurskoðanda um málefni meðferðarheimilisins Byrgisins verður kynnt í dag. Það liggur ljóst fyrir að fjármálastjórn meðferðarheimilisins var ábótavant.

Rannsóknin á málefnum meðferðarheimilisins hófst eftir að fréttaskýringaþátturinn Kompás fjallaði um meðferðarheimilið og stjórnunarhætti Guðmundar Jónssonar, forstöðumanns þess.

Afleiðingar af vandræðum Byrgisins eru víðtækar því nýlega skrúfaði félagsmálaráðuneytið fyrir fjárframlög til meðferðarheimilisins eftir tilmæli frá Ríkisendurskoðun.

Jónas Hallgrímur Jónasson, forstöðumaður Gistiskýlisins, athvarfs fyrir heimilislausa karlmenn í Reykjavík, sagðist í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld finna fyrir því að mönnum sem leita á náðir athvarfsins hafi fjölgað frá því að umfjöllunin um Byrgið hófst. Úrræði fyrir slíka menn eru ekki mörg. Hann segir að þurft hafi að vísa heimilislausum mönnum, sem leitað hafa að húsaskjóli í Gistiskýlinu, frá og á götuna.

Jóhann Vísir Gunnarsson og Sævar Ciesielski, sem eru fastagestir Gistiskýlisins, segja mikla þörf á úrbótum. Þeir vilja að yfirvöld bregðist við af alvöru og setji fram lausnir sem miði að því að gera heimilislaust fólk að þátttakendum í samfélaginu. Þeir segjast ekki hafa mikla trú á að nýlegt samkomulag á milli félagsmálaráðherra og borgarstjóra skili árangri og benda á að kosningar séu í nánd. - ifv



**GUÐMUNDUR JÓNSSON** Skýrsla ríkisendurskoðanda um málefni meðferðarheimilisins Byrgisins verður kynnt í dag. Rannsókn á meðferðarheimilinu byrjaði eftir að fréttaskýringaþátturinn Kompás fjallaði um stjórnunarhætti Guðmundar Jónssonar, forstöðumanns þess.

120 1886 2006



# Leggðu góðu málefni lið

Stór þáttur í manneskjunni er að vilja skipta máli og taka þátt í að skapa umhverfi sitt og samfélag. Í Einkabankanum og Fyrirtækjabankanum á landsbanki.is er þjónusta sem auðveldar einstaklingum og fyrirtækjum að styðja við góð málefni. Á einfaldan hátt er hægt að velja á milli fleiri en 70 góðgerðarfélaga og leggja þeim lið með einni greiðslu eða með reglubundnum hætti allt árið. Það er auðvelt að byrja og auðvelt að hætta.

Það er auðvelt að skipta máli.

Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

## GENGIÐ 12.01.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 71,08 | 71,42 |
| Sterlingspund | 138,55 | 139,23 |
| Evra | 91,72 | 92,24 |
| Dönsk króna | 12,304 | 12,376 |
| Norsk króna | 11,002 | 11,066 |
| Sænsk króna | 10,061 | 10,119 |
| Japanskt jen | 0,5897 | 0,5931 |
| SDR | 105,84 | 106,48 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
126,3137

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Búist er við því að óöld í Sómalíu haldi áfram þótt síðasta vígi íslamista sé fallið:

# Sómalskir hermenn leita uppi vopn

**MOGADISHU, AP** Hermenn stjórnarhersins í Sómalíu gengu hús úr húsi í höfuðborginni Mógadisjú í gær til að leita þar uppi vopn. Sendinefnd frá Afríkubandalaginu kom til Mógadisjú í gær í því skyni að semja um að senda friðargæsluliða til landsins.

Á laugardaginn samþykkti þing Sómalíu að leyfa ríkisstjórninni að koma á herlögum í landinu til að vernda borgara fyrir óöldinni sem ríkt hefur í suðurhluta landsins undanfarið. Samþykktin kveður á um að herlögin geti verið í gildi í þrjá mánuði og hafist þegar ríkisstjórnin ákveður svo.

Alls 154 fulltrúar þingsins kusu með tillögunni en tveir gegn henni. Aðrir fulltrúar á þinginu, sem eru 275 manns, voru fjarverandi. Herlögin geta tekið gildi eftir að forsetinn staðfestir lögin en ekki liggur fyrir hvenær hann gerir það.

Viðurkennd stjórn Sómalíu hefur undanfarið barist af hörku við íslamista sem hafði stjórnað miklu af suðurhluta landsins síðasta hálfa árið. Atkvæðagreiðslan á þinginu fór fram á sama tíma og hersveitir ríkisstjórnarinnar, ásamt eþíópískum bandamönnum, leituðu hús úr húsi að vopnum í nágrenni flugvallarins í höfuðborginni Mogadishu.

Á föstudag náði stjórnarherinn með aðstoð Eþíópíumanna yfirráðum yfir síðasta stóra vígi íslamista í landinu. Þó er búist við að bardagar haldi áfram enn um sinn. **- sh/gb**



**VÍGBÚNIR SÓMALAR** Herlögin geta tekið gildi um leið og forseti landsins staðfestir þau, en ekki er vitað hvenær það gerist. FRÉTTABLAÐIÐ / AP

Olíuhreinsun í Noregi:

# Sjógangur olli strandi Servers

**NOREGUR** Norskir sérfræðingar unnu að því í gær að hreinsa upp olíuna sem lak úr flutningaskipinu Server eftir strandið við vesturströnd Noregs í fyrrakvöld. Tæp 300 tonn af olíu fóru í sjóinn eftir að skipið brotnaði í tvennt. Allir skipverjarnir, 25 talsins, björguðust.

Skipstjóri Servers þakkaði björgunarmönnum fyrir afrekið á blaðamannafundi í fyrrakvöld. Hann sagðist harma umhverfisskaðann sem af slysinu hlýst og ætlaði að veita alla þá aðstoð sem hann gæti við sjópróf eftir helgi. Hann sagði sjógang hafa valdið því að skipið strandaði. **- sh**



**AFGIRT SVÆÐI** Lögreglan þurfti að grípa til aðgerða í gær til að tryggja öryggi vegfarenda. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

Hættuleg grýlukerti víða:

# Eigendur skulu fjarlægja klaka

**LÖGREGLUMÁL** Þeir sem leið áttu um Austurstræti í gær veittu margir hverjir athygli lögregluborða sem strengdur hafði verið fyrir inngang húss í götunni. Þar hafði þó ekki verið framinn neinn stórkostlegur glæpur heldur setti lögreglan upp borðann til þess að forða því að stærðar klakadrangar sem héngu úr þaki hússins féllu á miðbæjargesti og yllu skaða.

Varðstjóri lögreglu segir það árlega herferð að minna húseigendur á það að fjarlægja grýlukerti og klaka af þaki sínu áður en tekur að hlána eftir kuldaskeið. Falli stórt grýlukerti á mann geti það verið lífshættulegt og húseigendur beri alla ábyrgð á að fjarlægja þau. **- sh**

## VESTMANNAEYJAR

### Útgerðarmenn safna fé

Magnús Kristinsson hefur í félagi við aðra útgerðarmenn í Vestmannaeyjum safnað 20 milljónum króna til að fjármagna rannsóknir á möguleika jarðganga til Eyja. Frá þessu er sagt á Suðurland.is

## REYKJAVÍK

### Borgarbókari ráðinn

Gísli Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi, hefur verið ráðinn borgarbókari hjá Reykjavíkurborg og tekur hann til starfa í byrjun apríl.

# Ríkisútvarpið ohf. verður vopnlaust gagnvart kærum

**Fjárhagslegur aðskilnaður starfsemi í almannaþágu og samkeppnisreksturs Ríkisútvarpsins er ekki tryggður – og í raun óframkvæmanlegur – miðað við frumvarpið um Ríkisútvarpið ohf. Þetta er mat Ástráðs Haraldssonar hæstaréttarlögmanns. Fyrirtækið geti því illa varist mögulegum kærum samkeppnisaðila.**

**RÍKISÚTVARPIÐ** Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður gerir veigamiklar athugasemdir við frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið ohf. Hann telur ákvæði um fjárhagslegan aðskilnað starfsemi í almannaþágu og samkeppnisreksturs óframkvæmanlegt. Ekki sé kveðið sérstaklega á um að lögin eigi að ganga framar sérlögum og að lög um opinber hlutafélög dugi ekki utan um þá starfsemi sem Ríkisútvarpinu ohf. sé ætlað að sinna.

Ástráður segir að í skilningi laga sé starfsemi annaðhvort opinbersréttareðlis eða einkaréttareðlis. Ekki sé til neitt millistig. „Um leið og starfsemi er færð í form hlutafélags verður hún einkaréttareðlis og það er mikilvægt að menn átti sig á að frumvarpið fjallar því í reynd um einkavæðingu Ríkisútvarpsins.“ Hann segir nýleg lög um opinber hlutafélög ekki duga til, þau fjalli aðeins um takmarkaðar undanþágur opinberra hlutafélaga frá almennum reglum um hlutafélög. „Frumvarpið ber vott um viðleitni til að skapa einhvers konar millistig á milli opinbers rekstrar og einkarekstrar en ég tel gjörsamlega ómögulegt að gera það með stagbættum frumvörpum um einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Til að búa þetta millistig til þarf að setja um það almenn lög og færa svo starfsemina í þann ramma.“



**ÁSTRÁÐUR HARALDSSON**

Í frumvarpinu segir að skilja skuli að fjárreiður þeirrar starfsemi sem skilgreind er sem útvarpsþjónusta í almannaþágu og þeirrar sem telst samkeppnisrekstur. Í því felst að tekjur sem fást með afnotagjöldum eða nefskatti og ætlaðar eru til útvarps í almannaþágu má ekki nota til að greiða niður kostnað vegna annarrar starfsemi. Ástráður segir hugsunina rétta en telur erfitt að sýna fram á að sá hluti rekstrarins sem ekki á að njóta ríkisframlags geri það ekki. „Þegar Ríkisútvarpið hefur verið leitt út á eyðihjarn einkarekstrar virðast mér menn vera býsna vopnlausir gagnvart gagn- og samkeppnisaðilum sem myndu kæra til Evrópustofnana. Ég álít að það verði mjörg erfitt að verjast slíkum samkeppniskærum.“ Að mati Ástráðs er ekki nóg að segja í lögum að halda skuli fjárreiðum aðskildum. Með tilliti til lagarammans og aðstöðu Ríkisútvarpsins sé ákvæðið í raun óframkvæmanlegt. „Þess vegna óttast ég, af því að mér finnst vænt um Ríkisútvarpið og vill viðhalda því, að þetta verði upphafið að endalokum þess í þeirri mynd sem við þekkjum það.“

Fram hefur komið að forstjóri Samkeppniseftirlitsins telur ákvæði frumvarpsins um Ríkisútvarpið stangast á við samkeppnislög. Talsmenn stjórnarflokkanna í menntamálanefnd hafa svarað því til að í raun skipti það ekki máli þar sem sérlög gangi framar almennum lögum. Með öðrum orðum nái samkeppnislög ekki til Ríkisútvarpsins. Ástráður hefur efasemdir um þennan lagaskilning og telur raunar að samkeppnisreglurnar séu með vissum hætti tengdar grunngerð samfélagsins. Þeim verði því ekki svo auðveldlega vikið til hliðar. „Það eru því veruleg áhöld um að hve miklu leyti hægt er að undanþiggja tiltekna starfsemi þessum reglum og að minnsta kosti verður það aldrei gert nema með því að segja það berum orðum.“

**bjorn@frettabladid.is**



**FRÉTTASTOFA ÚTVARPS** Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður telur verulega ágalla á frumvarpi menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið ohf. og óttast að upphafið að endalokum þess, eins og við þekkjum það, sé í farvatninu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HORFUR Á AÐ HLÁNI**

Gangi spár eftir eru horfur á að nokkuð myndarleg lægð komi upp að suðvestanverðu landinu á morgun með nokkuð hvössu veðri. Hún ber með sér hlýindi en ljóst er að nokkur átök verða við að koma kalda loftinu í burtu. Mér sýnist þó að síðdegis á morgun gæti orðið frostlaust með ströndum sunnan og vestan til. Þessi frostleysa varir hins vegar stutt, því á miðvikdag kólnar á ný.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Hæg norðvestlæg átt. Skýjað og hætt við stöku éljum. Frost 1-4 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



10-20 m/s sunnan og vestan til, annars hægari.

*» miðvikudagur*



Yfirleitt 13-20 m/s og víða éljagangur.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C skýjað | London | 12°C bjart veður | Alicante | 18°C skýjað |
| Þórshöfn | 5°C skúrir | París | 10°C hálfskýjað | Mallorca | 17°C heiðskírt |
| Osló | 6°C skúrir | Frankfurt | 7°C hálfskýjað | Algarve | 18°C skúrir |
| Stokkhólmur | 7°C skúrir | Friedrichshafen | 9°C hálfskýjað | Krít | 18°C léttskýjað |
| Gautaborg | 9°C skúrir | Berlín | 7°C bjart veður | Las Palmas | 21°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Spennandi salatbar

## Veldu úr yfir 40 spennandi tegundum og settu saman þína máltíð á aðeins

**399 kr**

til dæmis...



**Sesar salat**
Kjúklingur, parmesan, romain salat brauðteningar og paprika



**Ítalskt salat**
Tagliatelle, ætiþistlar, skinka, kjúklingabollur og veislusalat



**Ávaxtasalat**
Melónur, rúsínur, hnetur og klettasalat



**Núðlusalat**
Eggjanúðlur, mini maís, kjúklingur, paprika og salat



**Grískt fetasalat**
Klettasalat, fetaostur, sólþurrkaðir tómatar og olía



**Spínatsalat**
Spínat, tortellini með engiferfyllingu, maís, hummus og paprika



**Speltpasta salat**
Speltpasta, romain salat, fetaostur, paprika og túnfiskur



**Franskt pastasalat**
Hvítlaukspasta, kús kús, veislusalat og salami



**Mexíkanskt baunasalat**
Nýrnabaunir, fetaostur, kjúklingabaunir, salami, veislusalat og kjúklingabollur



**Heilsusalat**
Klettasalat, kjúklingur, kotasæla og maís



**Salamisalat**
Salami, hvítlaukur, kús kús, brauðteningar og spínat



**Skinkusalat**
Skinka, fetaostur, romain salat, hnetur og rúsínur



**Agúrkusalat**
Agúrkur, ætiþistlar, kotasæla, kjúklingur og melónur



**Túnfisksalat**
Túnfiskur, skinka, agúrkur, fetaostur og veislusalat



**Maísbaunasalat**
Maís, kotasæla, paprika, sólþurrkaðir tómatar, spínat og paprika



**Hummus salat**
Hummus, speltpasta, romain salat, brauðteningar, nýrnabaunir, fetaostur og paprika

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**KJÖRKASSINN**



*Hefurðu trú á að handboltalandsliðið nái góðum árangri á HM í Þýskalandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 49% |
| Nei | 51% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga íbúar Reykjanesbæjar að fá að kjósa um álver í Helguvík?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

Ekið var á 70 ketti á götum borgarinnar á síðasta ári og 130 voru veiddir í búr:

# Köttum fjölgar í Reykjavík

**DÝRAHALD** Starfsmenn Reykjavíkurborgar handsömuðu 130 ketti á síðasta ári, samkvæmt reglum um kattahald sem tóku gildi sumarið 2005. Farið var með kettina í Kattholt, þar sem eigendur þurftu að borga til að leysa þá úr haldi.

Eitthvað var um að eigendur kattanna sæktu kettina sína, en einhverjum fjölda var samt lógað, segir Sigríður Heiðberg, forstöðumaður í Kattholti. Hún segir að kostnaðurinn við að sækja köttinn sé 5.000 krónur, og við bætist 800 króna gjald á dag fyrir vistun í Kattholti.

Guðmundur Björnsson, rekstrarstjóri Meindýravarna Reykjavíkurborgar, segir að til algerra undantekninga hafi heyrt ef kettirnir hafi verið örmerktir, sem þó sé skylda. Björn segist einungis muna eftir einu eða tveimur tilvikum þar sem kettir voru örmerktir, en séu þeir það er þeim skilað endurgjaldslaust.

Guðmundur segir að svo virðist sem mikil aukning sé að verða á kattaeign í borginni. Merki um það sé margföldun á fjölda katta sem ekið var á í Reykjavík á síðasta ári miðað við árið áður. Ekið var á sjötíu ketti í Reykjavík á síðasta ári, en um það bil tuttugu árið áður.

- bj



**KETTIR** Ekið var á rúmlega þrisvar sinnum fleiri ketti á síðasta ári en árið 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kosningar um álversstækkun:

# Skýrist á næstu tveimur vikum

**STÓRIÐJA Gunnar Svavarsson, forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, segir að það skýrist á næstu tveimur vikum hvort íbúar Hafnarfjarðar kjósi um stækkun álversins í Straumsvík í mars eða síðar. „Ef reglur um málsmeðferð liggja fyrir og deiliskipulagið verður tilbúið auk nokkurra annarra atriða, þá geta kosningar farið fram í mars. Annars þarf að halda þær síðar, jafnvel eftir þingkosningarnar í vor,“ segir Gunnar.**

Hann segir niðurstöður kosninganna bindandi. Bæjarstjórn taki ákvörðun um stækkun út frá niðurstöðu kosninganna.

- ifv

Ford fyrrum Bandaríkjaforseti:

# Carter var stórslys fyrir landið

**BANDARÍKIN** Gerald Ford, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, sem lést á dögunum, sagði í viðtölum við bandarískt dagblað að Jimmy Carter hefði verið skelfilegur forseti. Hann hefði verið stórslys fyrir landið í efnahagsmálum og innanríkismálum. Um John F. Kennedy sagði Ford að hann hefði verið ofmetinn og um Bill Clinton að hann hefði verið miðlungsforseti.



**JIMMY CARTER**

Ford sagði hins vegar að Richard Nixon hefði verið meistari í utanríkismálum og George Bush eldri hefði haldið vel á málum í fyrri innrásinni í Írak. Ford taldi svo Dwight D. Einsenhower besta forseta landsins á sinni lífstíð.

- shá

**FLJÓTSDALSHÉRAÐ**

### Ekið á hreindýr

Ekið var á hreindýr á Fljótsdalsheiði nýlega en ökumann sakaði ekki. Dýrið drapst samstundis og bíllinn skemmdist nokkuð. Starfsmenn Fljótsdalshéraðs sóttu dýrið og urðuðu það.

**SAFNAMÁL**

### Lána herþotu

Herþota af gerðinni F4-E, sem verið hefur um árabil á fyrrum varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, verður að öllum líkindum lánuð Byggðasafni Reykjanesbæjar. Áhugahópur um Flug- og herminjasafn á Reykjanesi bað bæjaryfirvöld um liðsinni við að fá bandarísku herþotuna að láni.

**SJÁVARÚTVEGUR**

### Eimskip kaupir í Hollandi

Eimskip hefur gengið frá kaupum á öllu hlutafé í Daalimpex beheer B.V. í Hollandi en fyrir átti Eimskip 40 prósenta hlut. Daalimpex er eitt stærsta frystigeymslufyrirtæki í Evrópu og rekur sex frystigeymslur í Hollandi.



**ÓVEÐUR Í SVÍÞJÓÐ** Þessi maður fylgdist með hamagangi hafsins við höfnina í Malmö í Svíþjóð í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Þrír fórust í fárviðri

**Óveður geisaði í Skandinavíu í gær. Miklar truflanir urðu á samgöngum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Stór tré féllu sums staðar eins og hráviði og loka þurfti bæði Eyrarsundsbrúnni og Stórabeltisbrúnni í Danmörku.**

**NORÐURLÖND** Einn drengur og tveir karlmenn fórust í Svíþjóð í gær þegar ofsaveður reið yfir Skandinavíu.

Níu ára drengur lést á sjúkrahúsi skömmu eftir að tré féll ofan á hann í bænum Motala um hádegisbilið. Skömmu síðar varð rúmlega sextugur maður einnig fyrir tré sem féll á bifreið hans í Jönköping og lést hann samstundis. Eiginkona hans var með honum í bílnum, en hún slapp með minni háttar meiðsli. Síðar um daginn fórst svo 24 ára gamall maður í Källsjö þegar tré féll á lítinn flutningabíl sem hann ók.

Hvassviðri olli því að skipa- og lestasamgöngur sunnan til í Svíþjóð, syðst í Noregi og úti um alla Danmörku nánast lömuðust á tímabili. Eyrarsundsbrúnni milli Svíþjóðar og Danmerkur var lokað fyrir allri umferð og sömuleiðis Stórabeltisbrúnni milli Fjóns og Sjálands.

Tré rifnuðu upp með rótum víða á Jótlandi og stöðvaðist umferð um vegi af þeim sökum. „Stóru trén velta eins og tannstönglar,“ hafði danska dagblaðið Politiken eftir lögregluþjóni í Hjørring, nyrst á Jótlandi. Í Kaupmannahöfn var heilu götunum lokað af ótta við að þök fykju af húsum, en ekkert alvarlegt tjón varð þó af völdum veðursins í Danmörku.

Veðrið gekk yfir Skandinavíu frá vestri til austurs og var fólk varað við að vera á ferli utandyra. Lögregla og slökkvilið höfðu nóg að gera, einkum við að sinna tilkynningum um fallin tré eða lausar þakplötur.

Algengt er að mikið hvassviðri gangi yfir Skandinavíu í janúarmánuði. Óveðrið í gær er það versta á þessum slóðum síðan 9. janúar á síðasta ári.

Norskir veðurfræðingar hafa haft þann sið að gefa verstu óveðrunum nöfn. Hvassviðrið sem gekk yfir í gær hlaut nafnið Per en stormurinn sem gerði hvað mestan óskunda fyrir ári hét Guðrún.

gudsteinn@frettabladid.is


Green Diamond

BYLTING í dekkjum

Heilsársdekk frá USA með kvartskornum.
Gefa mun betra grip en hefðbundin vetrardekk.
Umhverfisvæn og hljóðlát.
Aukið öryggi í hálku, styttri hemlunarvegalengd og meira öryggi í beygjum.
Ódýrari kostur en hefðbundin vetrardekk!



Kynningarverð!

Stærð: 13" Verð frá kr. kr. 5.700.-
Stærð: 14" Verð frá kr. kr. 6.700.-
Stærð: 15" Verð frá kr. kr. 7.800.-
Stærð: 16" Verð frá kr. kr. 9.900.-

Komdu strax Takmarkað magn

Green Diamond USA
www.greendiamondtire.com

efnir ehf.
Vesturhraun 3 - 210 Garðabær
Sími 555 1122 / 869 1122 - efnir@efnir.is
Opið virka daga kl. 9-18 - Laugardaga kl.13-16


Íslendingar búsettir í Gautaborg segjast ekki vita um aðra Íslendinga í hrakningum:

# Hættu sér ekki út fyrir hússins dyr

**NORÐURLÖND** „Við höfum haldið okkur innandyra og bara horft á þetta út um gluggann eins og yfirvöld ráðlögðu fólki í gærkvöldi að gera,“ sagði Birna Ágústsdóttir, íslensk kona sem búsett er í Gautaborg, í samtali við Fréttablaðið í gærkvöld.

„Bátar hafa verið að spýtast til niðri við smábátahöfnina, vegum hefur verið lokað vegna auglýsingaskilta sem hafa fallið á þá, þak fauk af skautahöll í nágrenninu og þakplötur hafa fokið af húsum í miðbænum í allan dag þannig að fólk var varað við því að vera á þvælingi.“ Brú yfir Gautelfi var lokað í gær, lestarferðum frá borginni var aflýst fram eftir degi og seinna um daginn fór rafmagnið af lestarstöðinni, að sögn Birnu. Hús og tré þeirra hafa þó sloppið vel. „Vindhraðinn mældist 39 metrar á sekúndu þegar mest var. Við erum með stór og stæðileg tré og þau hafa sem betur fer ekki fallið.“

Birna, sem búið hefur í Svíþjóð í 26 ár, er stjórnarmaður í Íslendingafélaginu í Gautaborg ásamt manni sínum. Þau segjast ekki hafa heyrt af því að Íslendingar í borginni hafi lent í hrakningum vegna óveðursins, en veðrið varð einna verst í Gautaborg. Í borginni búa um 400 íslenskar fjölskyldur.

Íslendingafélagið heldur úti útvarpsþætti á sunnudögum, en í gær var ákveðið að senda fólk ekki af stað í útsendingu vegna veðurs.

- sh



**BIRNA ÁGÚSTSDÓTTIR** Birna er, ásamt manni sínum, í stjórn Íslendingafélagsins í Gautaborg, sem heldur úti útvarpsþætti á sunnudögum.




## Club Turban Verðdæmi: 63.158*



Fyrsta flokks hótelgisting með loftkældum herbergjum og frábærum sundlaugagarði.

Kynningarverð: **63.158** á mann m.v. 2 með 2 börn í viku frá 25. maí. Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 81.610

## Hotel Faber Verðdæmi: 49.690



Einstaklega skemmtilegt og vel búið íbúðahótel með ljúfu starfsfólki og góðum anda.

Verðdæmi: **49.690** á mann m.v. 2 með 2 börn í viku frá 25. maí. Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 59.005

Tyrkland verður stöðugt vinsælli áfangastaður fyrir Íslendinga sem vilja hafa það náðugt á fallegum ströndum, leika sér í sjónum eða kynnast ríkulegri menningarsögu landsins. Marmaris er einn líflegasti sólarstaður Miðjarðarhafsins yfir sumartímann og smábærinn Içmeler hefur slegið í gegn með fegurð sinni og þjónustu við ferðamenn. Gist er á fyrsta flokks hótelum, loftið er hreint og stöðugur andvari frá sjónum kælir sólunnendur í hitanum. Komdu til Tyrklands og sjáðu sólina í nýju ljósi.

ÚRVAL·ÚTSÝN

*Club Turban er „all inclusive“: morgun- hádegis- og kvöldverður eru án endurgjalds fyrir alla gesti, ásamt hressingu allan daginn og öllum innlendum drykkjum. Þjónusta er veitt allan sólarhringinn. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000 ~ FAX 585 4065 ~ INFO@UU.IS

Eldri borgarar 60+

Byrjendur



30 kennslustunda byrjendanámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara.

Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa að nota tölvuna sjálfstætt, m.a. til að skrifa texta og prenta, nota Internetið sér til gagns og gamans, taka á móti og senda tölvupóst.

Kennsla hefst 23. janúar og lýkur 13. febrúar á Akureyri og í Reykjavík. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-16.
Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

Framhald I

30 kennslustundir. Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.
Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í ritvinnslu í Word.
Framhaldsæfingar á Internetinu og í allri meðferð tölvupósts.

Kennsla hefst 22. janúar og lýkur 12. febrúar á Akureyri og í Reykjavík. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13-16.
Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




Börn og unglingar geta keypt skafmiða í sjálfsölum sem eru án sérstaks eftirlits:

# Skafmiðar geta leitt til fíknar

**SAMFÉLAGSMÁL** Börn og unglingar kaupa skafmiða í sjálfsölum fyrir talsvert háar upphæðir. Happdrætti Háskólans á tugi slíkra sjálfsala sem staðsettir eru í matvöruverslunum og í verslunarmiðstöðvum og eru án eftirlits. Erlendar kannanir sýna að börnum og unglingum sem byrja að spila í happdrætti með kaupum á skafmiðum er hættara við að glíma við spilafíkn síðar á ævinni.

Júlíus Þór Júlíusson, formaður SÁS, segir ljóst að mjög ung börn kaupi skafmiða í sjálfsölum. Almennt líti fólk ekki á skafmiða sem vandamál, hvað þá að tengja þá við spilafíkn eins og hún birtist. „Það er engu að síður staðreynd að allar rannsóknir sýna fram á að það er samhengi á milli slíkrar spilamennsku snemma á ævinni og vandamála síðar. Einnig að unglingar kaupa skafmiða í miklu magni í sumum tilfellum og fara með alla sína peninga í skafmiðakaup.“

Brynjólfur Sigurðsson, forstjóri Happdrættis Háskólans, segir það rétt að óæskilegt sé að ungmenni hafi greiðan aðgang að skafmiðum í sjálfsölum. „Við eigum 62 skafmiðasjálfsala og þar af eru 49 á höfuðborgarsvæðinu. Við höfum verið að ræða hvernig við getum komið í veg fyrir að yngri en 18 ára kaupi skafmiða í sjálfsölum okkar. Við erum að leita lausna á þessum vanda og þykir það mjög leitt að börn kaupi skafmiða, því við viljum fara að öllum lögum og reglum.“ - shá



**JÚLÍUS ÞÓR JÚLÍUSSON** Segir samband milli skafmiða og spilafíknar og að mjög ung börn kaupi skafmiða í stórum stíl.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Ágúst Einarsson tekur við embætti rektors Háskólans á Bifröst í dag:

# Fær ekki launalaust þriggja ára leyfi frá Háskóla Íslands

**MENNTAMÁL** Ágúst Einarsson, prófessor við Háskóla Íslands, sem tekur við embætti rektors Háskólans á Bifröst í dag, fær ekki launalaust þriggja ára leyfi frá Háskóla Íslands. Hann segir niðurstöðu Kristínar Ingólfsdóttur, rektors Háskóla Íslands, um að synja honum um leyfið, vera vonbrigði. „Það eru fjölmörg fordæmi um að veitt hafi verið slík leyfi við Háskóla Íslands síðastliðin ár og áratugi. Ég mun skoða það síðar hvað ég geri,“ segir Ágúst.

Viðskipta- og hagfræðideild samþykkti að veita honum leyfið en Kristín Ingólfsdóttir hafnaði því, að sögn Ágústs. Hann er ráðinn sem rektor Háskólans á Bifröst til þriggja ára.



**ÁGÚST EINARSSON** Hann fékk ekki launalaust þriggja ára leyfi frá Háskóla Íslands. Ágúst tekur við rektorsembætti Háskólans á Bifröst í dag.

Kristín Ingólfsdóttir segir að hún hafi leitað eftir áliti háskólaráðs í málinu og að það hafi verið einróma niðurstaða að synja Ágústi um leyfið. Ástæðurnar fyrir synjuninni eru þær, að sögn Kristínar, að Ágúst hafi sótt um leyfið til að taka við starfi rektors í háskóla sem er í samkeppni við Háskóla Íslands. Kristín segir að ef leyfið hefði verið samþykkt hefði ekki verið hægt að ráða í prófessorstöðu Ágústs sem hefði hægt á nýliðun í kennaraliðinu.

Hún segir jafnframt að ekki séu fordæmi fyrir því að starfsmenn skólans fái leyfi frá störfum í svo langan tíma. „Þeir sem hafa fengið lengra leyfi en eitt ár eru þeir sem hafa verið kallaðir til annarra starfa hjá ríkinu, svo sem þingstarfa eða starfa hjá alþjóðastofnunum,“ segir Kristín. Hún bætir því við að ekki sé rétt að skapa fordæmi fyrir því að veita launalaust leyfi þegar menn taka við störfum hjá stofnunum sem eru í samkeppni við Háskóla Íslands. - ifv


# „Vinir mínir fengu mig til að skipta“

**Ungur viðskiptavinur SKO segist hafa verið undir mikilli pressu frá vinum sínum til að gerast viðskiptavinur SKO.**

„Ég borga miklu minna fyrir símann núna,“ segir hann, en vill ekki láta nafns síns getið. Dæmi eru um stóra vinahópa þar sem allir eru skráðir í SKO. „Það er ótrúlega sniðugt fyrir svona vinahópa að vera allir með SKO,“ segir viðmælandi okkar, „þá hringir maður ókeypis í fólkið sem maður talar mest við.“



# Ber að neðan-dagur vinsæll

Til að halda geðheilsunni í svartasta skammdeginu hefur starfsfólk fyrirtækja oft brugðið á það ráð að gera sér dagamun með þematengdum föstudögum. Hver man ekki eftir „gallabuxnaföstudögum” og „bannað að setja svefnlyf í kaffivélina-föstudaga”? En það sem er að slá í gegn á vinnustöðum landsins í dag eru svokallaðir „ber að neðan-föstudagar”. Fátt er betra til þess að losa um spennu í amstri dagsins en að sjá vinnufélagana nakta að neðan. Og fyrir þá sem óttast stífan yfirmanninn þá er ber að neðan-föstudagar eins og ferskur andblær. „Þetta var alger himnasending fyrir mig persónulega,” sagði starfsmaður í ónefndu stórfyrirtæki. „Áður var ég svo feiminn við yfirmann minn að ég átti í erfðileikum með að horfa framan í hana. Núna, á hverjum föstudegi, þori ég ekki að horfa neitt annað en þráðbeint í augun á henni. Ég hvet alla til að prófa ber að neðan-föstudaga. Sjón er sögu ríkari.”

Tala meira. Borga minna.

0,00 kr./mín. Hringt í SKO GSM-síma
14,90 kr./mín. Hringt í aðra GSM- og heimasíma
SMS 4,90 kr. í alla GSM-síma á Íslandi

www.sko.is

SKO býður jafngóða GSM-þjónustu og hin símafyrirtækin, innanlands og erlendis. Eini munurinn er lægra verð! Það kostar EKKERT að færa GSM-símanúmerið til SKO. Þú skráir þig í þjónustuna á www.sko.is.

SKO ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 7596


Tilbúinn í snjóinn!
Suzuki Swift 4x4
SWIFT
Verð 1.799 þús.
Afborgun á mánuði*
kr. 19.676
Kíktu á suzukibilar.is
SUZUKI
...er lífsstíll!
SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.
* Bílasamningur Glitnis með 30% útborgun og eftirstöðvum í 84 mánuði. 50% erlend mynt, 50% íslensk mynt.
Hugtök, Jan. 07



**ADAM OG EVA Í MAKEDÓNÍU** Á kjötkveðjuhátíð í Skopje, höfuðborg Makedóníu, mátti líta þetta par í gervi Adams og Evu undir Skilningstrénu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tölvum sem teknar voru vegna DC++ málsins hefur enn ekki verið skilað:

# Engin ákæra eftir rúm tvö ár

**TÖLVUR** Enn hefur enginn verið ákærður í máli þeirra einstaklinga sem taldir voru hafa fjölfaldað höfundarréttarvarið efni og dreift því um netið. Húsleit var gerð hjá tólf einstaklingum í september árið 2004 og tölvur gerðar upptækar. Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur ekki skilað þeim tölvum sem teknar voru.

Málið snýst um dreifingu á sjónvarpsþáttum, tölvuleikjum og kvikmyndum með skráarskiptaforritinu DC++.

Forritið gerir fólki kleift að skiptast á hvers konar skrám yfir netið á einfaldan hátt. Stórt samfélag var í kringum forritið á Íslandi á sínum tíma.

Helgi Magnús Gunnarsson, yfirmaður efnahagsbrotadeildar, segir vissulega óeðlilegt og óheppilegt að enginn hafi verið ákærður og tölvum hafi ekki verið skilað eftir rúmlega tveggja ára rannsókn.



**Á NETINU** Yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra segir óeðlilegt að enginn hafi enn verið ákærður.

„Mannaflinn er því miður ekki meiri en svo hjá okkur að mörg mál þurfa að sitja á hakanum,“ segir hann. „Það fór mikill tími í að greina innihald tölvanna, en því ferli er lokið og nú fer að styttast í niðurstöður.“ - sþs

Hættuleg keppni í útvarpi:

# Vatn varð konu að aldurtila

**KALIFORNÍA Bandarísk kona, Jennifer Stange, fannst látin á heimili sínu, en dauða hennar þykir hafa borið að með sérkennilegum hætti, þar sem hin látna drakk sig í hel af vatni.**

**Sama dag hafði Stange, sem er 28 ára þriggja barna móðir, tekið þátt í keppni útvarpsstöðvar í Kaliforníu, um hver gæti drukkið mest vatn án þess að fara á salerni. Var sigurvegaranum heitið leikjatölvu í verðlaun.**

**Ekki liggur ljóst fyrir hversu mikið vatn Stange drakk en vitað er að hún drakk þar til hana fór að verkja. Hún fannst síðan látin á heimili sínu.** - rve

Kjarakaupadagar
15. - 20. janúar




Fínn **kjarakaupadaga-afsláttur** og mörg **sértilboð** í gildi nú í vikunni. Láttu sjá þig og gerðu góð kaup.

**Umboðsmenn um land allt.**

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



**BRUNO GOLLNISCH OG PHILIP CLAEYS** Gollnisch er franskur en Claeys belgískur. Á föstudaginn tilkynntu þeir um stofnun nýs þingflokks hægri-þjóðernissinna á Evrópuþinginu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hægri þjóðernissinnar á Evrópuþinginu:

# Hafa stofnað nýjan þingflokk í Brussel

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Innganga Búlgaríu og Rúmeníu í Evrópusambandið nú um áramótin varð til þess að á Evrópuþinginu eru þingmennirnir yst á hægri vængnum á Evrópuþinginu orðnir nógu margir til þess að geta stofnað sameiginlegan þingflokk.

Alls verða 20 þingmenn frá sjö löndum í flokknum, sem fær heitið Sjálfskennd, fullveldi og hefð. Einna þekktust í þessum hópi eru franski þjóðernissinninn Jean-Marie Le Pen, sem enn á ný er að hefja kosningabaráttu sína fyrir forsetakosningarnar í Frakklandi, og hin ítalska Alessandra Mussolini, sem er sonardóttir ítalska fasistaleiðtogans Benito Mussolini.

Formaður þingflokksins verður Bruno Gollnisch, sem gengur næstur Le Pen að völdum í frönsku Þjóðarfylkingunni. Einnig eru þrír þingmenn úr belgíska þjóðernisflokknum Vlaams Belang og einn búlgarskur þingmaður sem vakti athygli þegar hann fór niðrandi orðum um ungverskan þingmann af sígaunaættum.

Þingmenn nýja þingflokksins eiga það sameiginlegt að hafa barist gegn innflytjendum og flestir hafa verið harðir andstæðingar þess að aðildarlöndum Evrópusambandsins verði fjölgað – þótt einmitt það komi þeim nú til góða.

Með stofnun þingflokks hafa þingmennirnir tryggt sér fjármagn frá Evrópusambandinu til þess að kynna hugmyndir sínar og standa straum af kosningabaráttu, en óvíst er þó hversu langlífur þingflokkurinn verður. - gb

GULL BYLGJAN 909



Frí blóðþrýstingsmæling í Lyf & heilsu*

Í apóteki Lyf & heilsu í JL-húsinu og Hamraborg er einnig boðið upp á blóðfitu (kólesteróls)- og blóðsykursmælingar með 30% afslætti* sem segja til um líkamsástand þitt.

Lyf & heilsa
Við hlustum!

* Gildir út janúar 2007

Kærði Ekstra Bladet:

## Lögregla vísaði kærunni frá

**DANMÖRK** Lögreglustjóraembættið í Kaupmannahöfn hefur vísað frá kæru Vilhjálms Arnar Vilhjálmssonar fornleifafræðings á hendur Jan Jensen, eins ritstjóra Ekstra Bladet, en Vilhjálmur kærði blaðið fyrir kynþáttafordóma eftir umfjöllun þess um útrás Íslendinga og íslenskt viðskiptalíf.

Vilhjálmur segir að lögreglan hafi engin rök gefið fyrir frávísuninni og því hafi hann endurkært til saksóknara, með þeim rökum að lögreglan væri vanhæf til að fara með málið. Vilhjálmur segir að svo virðist sem málinu eigi að drekkja í kerfinu. - kóþ

Sjúkrabílar höfuðborgarsvæðisins voru kallaðir út um 23.000 sinnum á liðnu ári:

# Útköll hafa aldrei verið fleiri

**SJÚKRAFLUTNINGAR** Sjúkrabílar slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins voru kallaðir út 22.884 sinnum árið 2006, en útköll hafa aldrei verið fleiri á einu ári. Gróflega má áætla að sjúkrabílar hafi verið kallaðir út í 53 sjúkraflutninga dag hvern á nýliðnu ári.

„Álagið eykst með hverju ári,“ segir Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri. „Það búa fleiri á svæðinu en í upphafi árs, fólk er meðvitaðra um þá þjónustu sem við veitum og svo eru auðvitað óvissuþættir.“

Annasömustu mánuðirnir voru að venju janúar og desember, enda mikið um að sjúklingar dvelji heima með ættingjum og vinum yfir hátíðarnar. Sjúkraflutningar eiga sér stað meðal annars vegna slysa og veikinda, en einnig er um að ræða flutning milli sjúkrastofnana eða út á land.

Metfjöldi var einnig á eldsútköllum á árinu, en 1.440 útköll vegna eldsvoða áttu sér stað árið 2006, eða tæplega fjögur á dag. Mest var um útköll í maí, sem orsakast að mestu af fjölda sinuelda, en í desember voru næstflest útköll.

Sinueldarnir á Mýrum í mars ógnuðu bæjum og brenndu fjölda jarða á 60 ferkílómetra svæði. Aðstoðar slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var óskað til að ráða niðurlögum þessara skæðu sinuelda. Einnig var nokkuð um útköll vegna vatnsleka. - sgj



**SJÚKRAFLUTNINGAR** Álag hefur aukist ár frá ári síðan slökkvilið höfuðborgarsvæðisins voru sameinuð árið 2000.



**FORMLEG OPNUN** Félagsmálaráðherra segir flutninginn hluta þeirrar stefnu að hlúð sé að atvinnulífi á landsbyggðinni.

Fæðingarorlofssjóður:

## Flutningurinn eðlileg þróun

**FÉLAGSMÁL** Fæðingar- og foreldraorlofssjóður var formlega opnaður á Hvammstanga föstudag en umsjón sjóðsins fluttist frá Tryggingastofnun ríkisins til Vinnumálastofnunar um áramótin.

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra sagði að flutninginn væri hluti í þeirri stefnu að hlúð sé að atvinnulífinu með margvíslegum aðgerðum um allt land, ekki síst smáiðnaði og ýmiss konar þjónustu.

„Hér er um eðlilega þróun í nútíma þjóðfélagi að ræða,“ sagði Elín Líndal, oddviti sveitarstjórnar Húnaþings vestra, við opnunina. - tg

Bloomberg-sjónvarpsstöðin:

## Þrjátíu mínútur af Róberti Wessman



**RÓBERT WESSMAN**

**VIÐSKIPTI** Hálftímalangur sjónvarpsþáttur um Róbert Wessman, forstjóra Actavis, var sýndur nokkrum sinnum um helgina á sjónvarpsstöðinni Bloomberg. Fimm manna hópur frá Bloomberg kom til Íslands og fylgdi Róberti eftir í tvo daga. Í þættinum er meðal annars farið yfir sögu félagsins, feril Róberts sem stjórnanda og framtíðarmöguleika í fjárfestingum félagsins. Fram kemur að fjárfestingargeta þess sé á bilinu þrír til fjórir milljarðar evra. Það jafngildir um 276 til 369 milljörðum króna.

Þátturinn verður endursýndur í dag á www.bloomberg.com. - hhs

**REYKJAVÍK**

**Neitað um bensínstöð**

Atlantsolía fær ekki að setja upp sjálfsafgreiðslustöð á horni Suðurlandsbrautar og Kringlumýrarbrautar. Skipulagsráð Reykjavíkur neitaði Atlantsolíu um lóðina vegna andstöðu Orkuveitu Reykjavíkur sem er með borholur fyrir heitt vatn á svæðinu.




**TRÚARBAÐ Í GANGES** Nærri sjötíu milljónir hindúa hafa þessa dagana lagt leið sína til fljótsins Ganges á Indlandi til þess að baða sig. Athöfnin er heilög í augum hindúa og jafnan með fjölmennustu samkomum heims ár hvert. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Enn gætir óánægju meðal hestamanna með framkvæmdir í Kópavogi:

# Hestar á nálum vegna hávaða

**HESTAMENNSKA** Hestamenn í hestamannafélaginu Andvara eru æfir yfir trukkaumferð, lélegum frágangi og virðingarleysi gagnvart hestamönnum vegna framkvæmda á svæðinu og í næsta nágrenni. Þorgeir Benediktsson hestamaður telur að trukkaumferðin sem hafi verið á Heimsendasvæðinu hafi færst yfir á Andvarasvæðið.

Þorgeir segir að ástandið hafi verið slæmt frá því í haust. Stórum malarflutningabílum sé ekið þvert í gegnum hverfið á Kjóavöllum, reiðvöllurinn sé notaður sem akbraut, vatnslögnin hafi verið grafin í kantinum á vellinum og hann allur stórskemmdur, kerrustæði hafi verið grafin í sundur og skilin eftir í lamasessi og smáskurðir og holur séu meðfram reiðveginum.

„Þeir settu flokkunarstöð á efni ofan í aðra reiðleiðina og hún er í gangi frá morgni til kvölds. Því fylgir alls konar drasl og mikil umferð af gröfum og vörubílum. Það er verulegt ónæði af þessu og hestarnir eru á nálum þegar bílarnir sturta og skrapa möl,“ segir hann.

Hjá Andvara eru menn sem reyna að stunda tamningar sem atvinnu. Þorgeir segir að þeim séu allar bjargir bannaðar auk þess sem gríðarleg slysahætta sé fyrir frístundahestamenn. - ghs


**ÓNÆÐI Á ANDVARASVÆÐINU** „Það er verulegt ónæði af þessu,“ segir Þorgeir Benediktsson hestamaður.

Nýbreytni í skóla í Japan:

# Skylt að kunna á matarprjóna

**JAPAN, AP** Að kunna almennilega að borða með prjónum er inntökuskilyrði í framhaldsskóla nokkurn í Japan. Mestu stærðfræðiheilar og önnur gáfnaljós geta sleppt því að sækja um ef þau hafa ekki þessa tækni á færi sínu. Skólinn er ætlaður stúlkum á aldrinum 16 til 18 ára. Allir umsækjendur verða að taka inngöngupróf sem felst í því að færa glerkúlur, perlur og baunir á milli diska með ekkert annað en tvo matarprjóna að vopni.

Margir Japanar hafa áhyggjur af því að unga kynslóðin sé illa að sér í hefðbundnum borðsiðum og matarmenningu Japans. - gb





**FRÁ LANDSPÍTALA** Yfirstjórn LSH er í sjálfvald sett að greiða hjúkrunarfræðingum viðbótargreiðslur til lausnar mannekluvanda, að mati formanns Félags hjúkrunarfræðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Samningar ekki hindrun

**Ákvörðun um viðbótargreiðslu er að mati formanns Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga í höndum yfirstjórnar Landspítalans. Kjarasamningar eru ekki hindrun. Öll mönnun spítalans er í endurskoðun.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga segir kjarasamninga ekki koma í veg fyrir að hjúkrunarfræðingum á Landspítalanum sé borguð viðbótargreiðsla ofan á grunnlaun. Yfirstjórn Landspítalans getur tekið ákvörðun um slíkar viðbótargreiðslur óháð kjarasamningum að hennar mati. Forstjóri Landspítalans segist ekki vilja útiloka neitt í leitinni að lausn á mannekluvanda spítalans og nú sé unnið að því að grandskoða forsendur allrar mönnunar á Landspítalanum.

Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, segir fordæmi frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, þar sem yfirstjórn spítalans ákvað einhliða að taka upp viðbótargreiðslukerfi til lausnar á mannekluvanda, eigi við í dag, því yfirstjórn Landspítalans hafi meira svigrúm til ákvarðana heldur en yfirstjórn FSA hafði árið 1986. „Yfirstjórn FSA ákvað einhliða að koma á viðbótargreiðslukerfi, einnig á framkvæmd og upphæð greiðslnanna. Ég sé því ekkert því til fyrirstöðu að gera þetta núna á Landspítalanum.“ Elsa bendir á að viðbótargreiðslur tíðkist víða í samfélaginu og þegar hjúkrunarfræðingar hafa viljað bera laun sín saman við hefðbundnar karlastéttir hafa hærri laun þessara stétta gjarnan verið réttlætt með því að þar séu ríkisstofnanir að keppa um vinnuafl við almenna markaðinn.

„Til að fá verkfræðinga og tölvunarfræðinga til vinnu á heilbrigðisstofnunum þarf að greiða viðbótarlaun umfram gildandi kjarasamninga. Ef eftirspurn er meiri eftir vinnuafli en framboðið þá skapast samkeppni um vinnuaflið, sem aftur leiðir til viðbótargreiðslna. Því vekur það furðu mína að þetta lögmál um tengingu launa við hlutfall framboðs og eftirspurnar vinnuafls gildi ekki um hjúkrunarfræðinga.“

> Því vekur það furðu mína að þetta lögmál um tenginguu launa við hlutfall framboðs og eftirspurnar vinnuafls gildi ekki um hjúkrunarfræðinga.
>
> **ELSA B. FRIÐFINNSDÓTTIR**
> FORMAÐUR FÉLAGS ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Magnús Pétursson, forstjóri Landspítalans, segist ekki útiloka neinar leiðir sem hugsanlega eru færar til að leysa mannekluvanda Landspítalans og viðbótargreiðslur til hjúkrunarfræðinga hafi verið greiddar í sumar þegar vandinn var tilfinnanlegastur. „Þá ræddum við hvort við gætum farið inn á nýjar brautir, þar á meðal um viðbótargreiðslur sem er leið sem ég vil ekki hafna.“ Magnús segir jafnframt að yfirstjórn Landspítalans sé að endurskoða alla mönnun á spítalanum. „Þegar ekki er til nægilega margt fólk þarf að skoða mönnunina og hvort ekki þarf að breyta henni til að mæta þessum vanda.“

svavar@frettabladid.is

Bæjaryfirvöld Reykjanesbæjar:

# Lýsa sig ekki án kjarnorkuvopna

**SVEITARSTJÓRNARMÁL Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur hafnað tillögu Samtaka hernaðarandstæðinga þess efnis að sveitarfélagið verði friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum. Þetta kemur fram á vef Víkurfrétta. „Reykjanesbær á engin kjarnorkuvopn, hefur ekki átt og hyggst ekki koma sér upp slíkum vopnum," sagði Böðvar Jónsson, forseti bæjarráðs.**

**„Tíu sveitarfélög á landinu þráast enn við að samþykkja friðlýsingu," segir Stefán Pálsson, formaður Samtaka hernaðarandstæðinga. „Vonandi endurskoðar bæjarstjórn afstöðu sína í þessu máli." - sgj**

Fjögur hundruð manns sóttu námstefnu um konur og fyrirtækjastjórnun:

# Súpermannaleikurinn hefur staðið of lengi

**JAFNRÉTTISMÁL** Verulegrar óþolinmæði gætti meðal fundargesta á námstefnu á Hóteli Nordica sem fram fór í liðinni viku undir yfirskriftinni Virkjum kraft kvenna. Greinilegt var að fundarmenn vildu auka hlut kvenna í stjórnum fyrirtækja tafarlaust.

Á fundinum kom fram að konur væru átján prósent af framkvæmdastjórum fyrirtækja, innan við fjórðungur af stjórnarmönnum allra fyrirtækja í landinu og aðeins sjö prósent fulltrúa í stjórnum fyrirtækja á aðallista Kauphallar Íslands. Um 400 manns sátu námstefnuna, þar af um tuttugu karlmenn.

Hildur Petersen, stjórnarformaður SPRON, ÁTVR og Kaffitárs, taldi brýnast í dag að breyta vinnulagi á stjórnendum fyrirtækja og halda vinnudeginum innan skynsamlegra marka. Gerðar væru „óaðlaðandi og óþarfar kröfur" til þeirra. „Súpermannaleikurinn" hefði staðið of lengi.

Hildur benti á að konur væru ekki síðri stjórnendur en karlar en jafna þyrfti álag og ábyrgð vegna heimilis á kynin. „Konur verða að komast út úr þessum viðjum til að eiga kost á starfsframa," sagði hún.

Lilja Dóra Halldórsdóttir, aðjúnkt við Háskólann í Reykjavík, kynnti stjórnarmönnum réttindi og skyldur stjórnarmanna og benti á að góðir stjórnarhættir fælust til dæmis í reglulegu og skipulegu mati á frammistöðu stjórnar og ferlum til að taka á ólöglegu og eða ósiðlegu athæfi. - ghs



**ÓÞOLINMÆÐI MEÐAL KVENNA** Konur eru átján prósent af framkvæmdastjórum, innan við fjórðungur af stjórnarmönnum allra fyrirtækja og aðeins sjö prósent í félögum á aðallista. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**LANDAMÆRAGÆSLA** Landamæri Afganistans og Pakistans eru sögð óþétt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ráðamenn í Pakistan:

# Neita ásökunum um linkind

**PAKISTAN, AP** Ráðamenn í Pakistan harðneituðu fyrir helgina ásökunum frá John Negroponte, yfirmanni bandarísku leyniþjónustunnar, um að hryðjuverkamenn frá al-Kaída hafi fundið sér griðastað í Pakistan þar sem þeir geti safnað liði og búið sig undir frekari aðgerðir.

„Pakistan hefur gert meira en nokkurt annað ríki til þess að brjóta al-Kaída á bak aftur," sagði Tasnim Aslam, talsmaður utanríkisráðuneytis Pakistans.

Einnig sagði hann að búi Bandaríkjamenn yfir upplýsingum um staðsetningu al-Kaídamanna í Pakistan, þá ættu þeir að deila þeim upplýsingum með pakistönskum ráðamönnum. - gb

Starfshópur um spilakassa:

# Hugsanlega sett skilyrði

**REYKJAVÍK Borgarráð samþykkti í síðustu viku að fela starfshópi að fara yfir málefni spilakassa í borginni og rekstur þeirra, meðal annars staðsetningu spilasalanna. Einnig á að fara yfir hvort rétt sé að setja sérstök skilyrði um slíka starfsemi, til dæmis í lögreglusamþykkt Reykjavíkur.**

**Jón Kristinn Snæhólm, aðstoðarmaður borgarstjóra, segir að ekki sé búið að skipa starfshópinn, og ekki hafi verið ákveðið hvenær hann eigi að skila af sér, aðeins að það eigi að verða sem fyrst. - bj**

Gerðu grín að Gandhi:

# Heimta opinbera afsökun

**NÝJA DELÍ, AP** Indversk yfirvöld heimta opinbera afsökunarbeiðni frá tveimur þarlendum sjónvarpsstöðvum. Ástæðan er sýning á myndbandi indverska grínistans Gautham Prasad þar sem hann hermir eftir og gerir grín að Gandhi og dansar meðal annars súludans. Gandhi er í afar miklum metum hjá indversku þjóðinni og féll sýningin í afar grýttan jarðveg.



**GANDHI**

Prasad, sem starfar sem grínisti í New York, segist harma að hann hafi misboðið fólki en neitar að taka myndbandið af heimasíðu sinni. - tg


NÁMSKEIÐIÐ

STJÓRNENDUR FRAMTÍÐARINNAR

Okkar vinsælasta nám, Stjórnendur framtíðarinnar, er markviss stjórnenda- og leiðtogaþjálfun sem tæplega þrjúhundruð stjórnendur hafa sótt á síðastliðnum sjö árum. Í náminu taka þátttakendur alþjóðleg stjórnendapróf og vinna að margvíslegum verkefnum sem miða að því að efla þá sem leiðtoga og forystumenn.

**Námið skiptist í eftirfarandi hluta**
- Stjórnandinn og stjórnunarhæfileikar, stjórnendamat og sjálfsskoðun.
- Viðtöl og skilvirk endurgjöf.
- Streitu- , álags- og tímastjórnun.
- Framkoma, tjáning og ræðumennska.
- Kúnstin að taka ákvörðun.
- Árangursríkt samstarf (hópstarf).
- Mannauðsstjórnun – að stjórna fólki.
- Skapandi hugsun.
- Hlutverk stjórnandans: Breytingastjórnun.
- Stjórnun í alþjóðaumhverfi.
- Stöðumat, stjórnendaleikur og námsslit.

**Áherslur í þjálfun hjá CAPACENT**
- Þjálfunin sé hagnýt og taki mið af þeim aðstæðum sem þátttakendur þekkja.
- Þátttakendur fái þjálfun í þeim þáttum sem verið er að kenna.
- Efnistök séu í tengslum við íslenskan raunveruleika.

Námið hefst í Reykjavík 15. febrúar í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands.

**Lengd:** 92 klst.
**Verð:** 300.000 kr.

Skráning og nánari upplýsingar á www.capacent.is, namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.

**Ávinningur þátttakenda og fyrirtækja er:**
- Yfirgripsmikil þekking, þjálfun og skilningur á stjórnun og hlutverki stjórnenda.
- Aukin hæfni þátttakenda við stjórnun fólks.
- Aukið öryggi þátttakenda um eigin stjórnunaraðferðir og framkomu.
- Aukinn skilningur þátttakenda á eigin hegðun og hvernig hún hefur áhrif á fólk.
- Tengslanet við aðra stjórnendur.



capacent

## „ORÐRÉTT“

### *Stjórnmálunum stolið*

**„Vandamálið með hugtakið stjórnmál er að það er búið að stela því frá fólkinu og það er litið á þau eins og þau séu eitthvert afmarkað svæði sem almenningi kemur ekki við.“**

SIGGI PÖNK REYNIR AÐ FRÆÐA FÓLK MEÐ ANARKISTABÓKASAFNINU Í FRIÐARHÚSINU SNORRABRAUT.

Blaðið, 12. janúar

### *Kreista út kurteisi*

**„Þetta er bara eins og þegar maður býr með öðrum og kreistir tannkremstúpuna vitlaust, maður hættir því þegar manni er bent á það.“**

HELGA VALA HELGADÓTTIR, BÆJARSTJÓRAFRÚ Í BOLUNGARVÍK, HEFUR ÁHYGGJUR AF AKSTURSVENJUM BOLVÍKINGA.

DV, 12. janúar

*nær og fjær*
**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUÐRÚN SÍMONARDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI ÁBENDIS

# *Blússandi gangur alls staðar*

„Það er allt mjög gott að frétta. Það er mikið um að vera í atvinnulífinu og blússandi gangur alls staðar,“ segir Guðrún Símonardóttir, framkvæmdastjóri Ábendis, fyrirtækis sem sér um ráðningar og ráðgjöf á sviði starfsmannamála.



„Við erum að taka á móti umsóknum fólks, hittum fólk í viðtölum og reynum að finna rétta vinnustaðinn fyrir umsækjendur. Við sitjum líka fundi með viðskiptavinum þar sem við förum yfir þeirra mál og reynum að finna sem hæfastan starfsmann inn í fyrirtækið. Það er mjög fjölbreytt og áhugavert. Maður snertir líf fólks allan daginn alla daga, hvort sem það er líf viðskiptavinar eða skjólstæðings. Það er gífurlega ánægjulegt þegar góð pörun hefur átt sér stað, alveg sérstök tilfinning þegar allt hefur smollið vel saman,“ segir hún.

Hreyfing er að komast á atvinnulífið aftur eftir rólegheit um jól og áramót. „Fólk er að taka við sér og hugsa sinn gang og jafnvel að endurskoða sín mál. Það er hefðbundið á þessum árstíma. Á þessum tíma verða gjarnan skipulagsbreytingar og fyrirtækin fara að leita eftir fólki,“ segir Guðrún og bendir á að atvinnuleysi hafi mælst 1,1 prósent í nóvember. Það sé ekkert atvinnuleysi og hún finni fyrir bjartsýni hjá umsækjendum.

Hvað persónuleg mál varðar segir Guðrún að hún sé gift, eigi þrjú börn og hund og því sé mikið um að vera á stóru heimili. Guðrún keypti Ábendi fyrir tæpu ári og því hafa annirnar verið miklar. „Maður reynir að púsla þessu öllu saman og það gengur mjög vel. Svo finnst mér gott að snjórinn sé kominn. Maður bíður spenntur eftir að taka skíðin úr geymslunni og dusta rykið af þeim. Við reynum að eyða eins miklum tíma saman og við getum, fjölskyldan,“ segir hún.

**SJÓNARHÓLL**
**VARNARSAMSTARF VIÐ DANMÖRKU**

## *Eins og leikhúsbrandari*



**ÞORLEIFUR ÖRN ARNARSON**
Leikstjóri

„Maður veit ekki hvort maður á að hlæja eða gráta. Á þetta að vera einhvers konar míní-Nato með Noregi? Þetta er eins og leikhúsbrandari,“ segir Þorleifur Arnarsson leikstjóri.

Samkomulag hefur verið undirritað við Dani um samstarf Landhelgisgæslunnar og dönsku strandgæslunnar, og Danir hafa sýnt áhuga á að lenda orustuþotum á Keflavíkurvelli.

„Fyrir hverjum þurfum við að verja okkur? Björn Bjarnason er með leyniþjónustu til að vernda okkur frá hryðjuverkamönnum og víkingasveitin passar upp á merkilega útlendinga. Frá hvaða þjóð stafar okkur ógn? Ég skal alveg samþykkja það að ef einhver Hitler kemur upp einhvers staðar og fer að steyta hnefa út í nágrannaþjóðir okkar þá ættum við að ganga til varnarsamstarfs við aðrar þjóðir. En ég sé ekki þörfina á því í dag.“

# Lítil verðmæti í mynt frá 1922

**Sumir safna peningum, aðrir minningum og enn aðrir aukakílóum. Og svo eru til þeir sem safna bara öllu milli himins og jarðar. Í menningarmiðstöðinni Gerðubergi er haldinn listi yfir íslenska safnara. Koma þar fyrir jafnt fyrrum forsetar sem þjóðskáld, og virðist ekkert svo ómerkilegt að það hafi ekki verðgildi í augum einhvers safnara.**



**SAFNGRIPIR** Í skápnum má sjá meðal annars gamla Ópal- og Tópaspakka, karamellu- og tyggjópakka, sítrónudropa og mynd af Churchill og Stalín.



**ORÐUR** Þessar orður voru slegnar af tilefni komu Friðriks VIII til Íslands árið 1907. Dansleikur var haldinn og voru fálkaorðurnar nældar á alla kvenkynsgesti.



**BALDVIN HALLDÓRSSON SAFNARI** Hefur safnað ýmsum munum markvisst í 25 ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Baldvin Halldórsson er einn af forsvarsmönnum Myntsafnarafélags Íslands, sem er stærsta safnarafélag landsins með um 200 meðlimi og heldur úti heimasíðunni mynt.is þar sem nýir meðlimir geta skráð sig.

„Félagið hefur starfað óslitið frá 1969 og það eru alltaf að koma nýir inn,“ segir Baldvin. En hafa myntsafnarar áhyggjur af upptöku evrunnar?

„Nei, það getur farið svo að myntsöfn verði verðmætari fyrir vikið. Við erum mest að safna eldri mynt, fyrsta íslenska myntin kom 1922 en er ekkert sérstaklega verðmæt. Fyrsti íslenski seðillinn er frá 1778 og góð eintök af seðlum geta farið á yfir milljón.“

Baldvin sinnir ekki einungis myntinni, heldur safnar einnig ýmsu öðru.

„Ég hef alla tíð hirt dót en síðustu 25 árin orðið skipulagðari. Ég á miða á öll bíó sem verið hafa á landinu, eins og Trípólí svo dæmi sé nefnt, stærsta safn landsins af rakvélablöðum, flöskumiða af öllum bjór og gosdrykkjum sem seldir hafa verið síðan Ölgerðin fór í gang árið 1913 og einkagjaldmiðil sem athafnamenn gáfu út fyrir 100 árum og borguðu fólki í kaup sem þeir hirtu svo aftur í eigin búðum. Herinn sló líka eigin mynt hér fram yfir 1960, og ég hef fundið eitthvað af henni bæði hérlendis og á eBay.“

En er eitthvað sem honum þykir sérstaklega vænt um? „Mér þykir vænt um þetta allt saman.“

Síðast var safnaradagur haldinn í Gerðubergi haustið 2005. Sýndu þar meðal annarra Stella Guðmundsdóttir safn sitt af munkastyttum, Baldur Garðarsson muni tengda Elvis og Kristinn Víglundsson ælupoka úr flugvélum.

Gerðuberg mun ekki halda safnaradaga aftur fyrr en á næsta ári, en listinn yfir íslenska safnara er reglulega uppfærður. Kemur til dæmis fram að Vigdís Finnbogadóttir safnar styttum af foreldrum og afkvæmum, Hugleikur Dagsson safnar aksjónköllum, Bibbi Curver safnar gíturum og hawaii-skyrtum og meistari Megas safnar biblíumyndum.

Meðal annarra má nefna Berglindi Ágústsdóttur sem safnar badmintonspöðum, Sólveigu Sigurðardóttur sem safnar barbídúkkum og bíóprógrömmum, Kolbrúnu Sæmundsdóttur sem safnar brúðarslörum og Gunnar Magnússon sem safnar dósaupptökurum.

valurg@frettabladid.is




ÚTSALA
VALHÚSGÖGN
SÓFAR - SÓFASETT - HORNSÓFAR - TUNGUSÓFAR - SVEFNSÓFAR - HVÍLDASTÓLAR - BORÐSTOFUHÚSGÖGN - SKÁPAR...

www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

Opið: Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16
Sunnudaga 13-16

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375


# Sönn ánægja að styðja þá sem leggja metnað í störf sín

Menningarsjóður Glitnis hefur styrkt fjögur málefni um alls 52 milljónir króna. Styrkhafarnir fjórir eru „Líf og starf fatlaðra barna á Íslandi“, UNIFEM á Íslandi, SPES-barnaþorp og nýstofnaður Afrekskvennasjóður Glitnis og Íþróttasambands Íslands. Fór styrkveitingin fram á Hóteli Nordica í gær.



**STYRKVEITING** Styrkhafarnir samankomnir ásamt forráðamönnum Menningarsjóðs Glitnis á Hótel Nordica í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, sagði að gefnu tilefni, að sjóðnum væri sönn ánægja að styðja við bakið á fólki sem legði ástríðu og metnað í að sinna þessum málaflokkum.

„Þetta er hluti af auknum og markvissum framlögum okkar til málaflokka af þessu tagi,“ sagði Bjarni. „Það er að segja til þeirra sem minna mega sín, stuðla að bættu samfélagi eða vinna afrek og eru okkur hinum fyrirmynd.“

Bjarni bætti við að samfara auknum umsvifum og útrás Glitnis, sem starfar í átta þjóðlöndum, væru forráðamenn Menningarsjóðsins enn fremur farnir að horfa til alþjóðlegra verkefna og samstarfs við stofnanir á borð við Sameinuðu þjóðirnar. - rve

# MAX miðnætur opnun

Opið verður frá kl. 23:30-01:00

## Sala hefst kl. 24:00




**Besta verðið!**







# opnum á miðnætti fyrir einn stærsta leik allra tíma

## Er heppnin með þér?

**Fylgir X-BOX 360 World of Warcraft leiknum þínum?**



Allir sem kaupa leikinn hjá okkur í kvöld **fara í pott** þar sem einn heppinn verður dreginn út og mun hann fá X-BOX 360 í verðlaun!




Fjórir Burn orkudrykkir, Pringles snakk staukur og Freyjuhrís fylgir með hverjum keyptum leik!

OPNUNARTÍMI: Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og sunnudaga kl. 12-18.

**Við erum beint á móti IKEA**

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

## Svona erum við

> Fjöldi framkvæmdra fóstureyðinga á Íslandi




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SÆSTRENGIR

# Snúrur á hafsbotni sem tengja landið

Mikið hefur verið rætt um sæstrengi og nauðsyn þeirra undanfarna daga. Um miðjan desember bilaði annar þeirra sem tengjast Íslandi í um 1.500 kílómetra fjarlægð vestur af landinu og standa nú yfir viðgerðir á honum. Fyrir vikið eru nettengingar margra hægari en venjulega.




**Hvað er sæstrengur?**
Sæstrengur er í grunninn snúra sem liggur á hafsbotni og tengir lönd eða heimsálfur saman. Í strengnum er oftast samansafn ljósleiðara, sem eru grannir þræðir úr gleri eða plasti og eru búnir þeim eiginleikum að geta leitt ljós, og þar af leiðandi fjarskiptamerki, frá einum stað til annars.

**Hvaða sæstrengir tengjast Íslandi?**
Sæstrengirnir CANTAT-3 og FARICE-1 sjá Íslendingum fyrir síma- og netsambandi við umheiminn. CANTAT-strengurinn var tekinn í notkun árið 1994, en FARICE 2004. Viðræður eru hafnar um lagningu nýs sæstrengs og er vonast til að hann verði tekinn í notkun í lok árs 2008. Flutningsgeta um CANTAT-strenginn er 2.5 gígabitar á sekúndu en um FARICE er mögulegt að flytja allt að 720 gígabita á sekúndu. Þó er ekki nema brotabrot af þeirri flutningsgetu FARICE nýtt í dag.

**Hvers vegna þarf að leggja nýjan sæstreng?**
Ástæðan fyrir því að leggja á nýjan sæstreng er ekki sú að þeir sæstrengir sem tengjast landinu hafi ekki næga flutningsgetu. Hins vegar er CANTAT-strengurinn byggður á eldri tækni og getur ekki annað eftirspurn Íslendinga nema í nokkur ár í viðbót. Til þess að landið sé örugglega tengt við umheiminn þarf að minnsta kosti tvo strengi, ef annar skyldi bila.

**Hvers vegna ekki að nota gervihnött?**
Vegna þess hve gervihnettir eru í mikilli hæð yfir jörðu tekur merki mun lengri tíma að ferðast um gervihnött heldur en um sæstreng. Því er netsamband um gervihnött oftast aðeins notað til vara, ef allt annað skyldi bila.

## SPURT & SVARAÐ
ÍRAKSSTRÍÐIÐ

### *Umdeild ákvörðun*



SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR
Stjórnmálafræðingur.

George W. Bush Bandaríkjaforseti hefur áformað að senda 20 þúsund bandaríska hermenn til viðbótar til Íraks. Hugmyndum forsetans hefur ekki verið vel tekið. Silja Bára Ómarsdóttir er stjórnmálafræðingur og forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands.

**Er þetta skynsamleg ákvörðun hjá Bush?** Mér finnst ansi seint í rassinn gripið. Fyrir tveimur árum síðan fór hershöfðingi í Bandaríkjaher fram á að hermönnum yrði fjölgað en þá þvertók Bush fyrir það. Það er svolítið eins og hann sé að horfa aftur í tímann og orðinn svolítið stressaður yfir að ljúka þessu stríði áður en hans kjörtímabili lýkur.

**Á andúðin í garð stríðsins eftir að aukast?** Alveg ábyggilega. Nú þegar er erfitt að fá menn til að skrá sig í bandaríska herinn og ef Bush ætlar að fjölga hermönnum í Írak um 20 þúsund þýðir það að hann þarf að fjölga um 100 þúsund manns í hernum. Þannig munu fleiri fjölskyldur dragast inn í þetta stríð sem er nú þegar orðið afar óvinsælt meðal almennings í Bandaríkjunum.

**Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni**




Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is
Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ
– Vel lesið

*Gallup maí 2006

# Einvígi í uppsiglingu í Frakklandi

**Hvert af þessu þrennu mætti ætla að væri síst hægt að ímynda sér að ætti við um forseta Frakklands: að hann sé maður sem ekki drekkur vín, maður sem lítur með stolti á sig sem „Ameríku-sinna“, eða maður sem telur að Frakkar hafi hagað sér af miklum hroka í heimsmálum?**

Svo vill til að allt þetta á við um Nicolas Sarkozy, sem í gær var útnefndur forsetaefni íhaldssinnaða stjórnarflokksins UMP.

Útnefningin markar nýjan hápunkt á klifri þessa sonar ungverska innflytjenda upp metorðastigann í frönskum stjórnmálum. Hún markar líka upphaf kosningabaráttunnar; baráttunnar um það hver setjist í hinn valdamikla forsetastól Frakklands þegar tólf ára embættistíð Jacques Chirac lýkur 17. maí. Frakkar standa frammi fyrir því að velja hvert þjóðin vill stefna, þjóð sem er mjög upptekin af sjálfri sér um þessar mundir, full áhyggna af framtíð sinni í Evrópu og í alþjóðasamfélaginu, af hnattvæðingu efnahagslífsins og ógnarinnar af samkeppninni frá Kína, og hvernig aðlaga beri þær milljónir blökkumanna, araba og múslima sem í landinu búa að frönsku nútímasamfélagi.

Höfuðkeppinautur Sarkozys verður Segolene Royal, forsetaefni Sósíalistaflokksins. Kosningastefnuskrá beggja byggist á fyrirheit um breytingar.

**Vonast til að auka forskotið**
Stjórnarflokkurinn UMP, sem að stofni til er gamli Gaullistaflokkurinn, tjaldaði öllu sem hann gat til að gera útnefningarathöfnina á sunnudaginn í senn hátíðlega og nútímalega. Það spillti að vísu stemningunni lítið að Sarkozy var mótframboðslaus í prófkjörinu, sem mikið var haft fyrir. En Sarkozy vonar að hin hátíðlega útnefningarathöfn og flokksseingingin sem reynt var að koma þar til skila til kjósenda skili sér í stækkuðu fylgisforskoti á Royal, sem vonast til að verða fyrsti kvenforsetinn í sögu franska lýðveldisins. Nýjustu skoðanakannanir hafa sýnt að fylgi þeirra er nánast hnífjafnt; um þriðjungur kjósenda telur eins og sakir standa sennilegt að hann kjósi hvort um sig.

**Frakkar hristi af sér hrokann**
Sarkozy segist vilja leiða Frakka út úr því sem hann segir vera úrelta hætti. Í margra augum búa Frakkar við óhóflega skattheimtu og opinbera gjaldtöku sem stendur nýsköpun fyrir þrifum í atvinnulífinu, þeir eru álitnir of uppteknir af fornri frægð eigin móðurmáls og spilla þar með möguleikum sínum á að nýta sem skyldi tækifærin sem felast í hnattvæðingunni. Enda vill Sarkozy að landsmenn sínir læri betri ensku.

Í utanríkismálum vill hann lítillátara Frakkland sem leggur meiri áherslu á góð tengsl við Bandaríkin. Hann hefur látið sér upphátt „Kaninn Sarko“ vel líka. Í viðtali sem birt var við hann í nóvember og rifjað er upp í frétt Associated Press sagði hann: „Allir sem hafa ferðast svolítið vita að hroki er eiginleiki sem allt of oft er eignaður Frökkum.“

**Skjótur frami**
Nicolas Paul Stephane Sarkozy de Nagy-Bocsa rataði ungur að árum inn á framabraut stjórnmálanna. Fyrsta stökkbrettið reyndist honum formennskan í ungliðahreyfingu Gaullistaflokksins, sem hann var kjörinn til tvítugur að aldri. Sem slíkur greip hann tækifærið til að tala á kosningafundi með Jacques Chirac árið 1975, en Chirac var þá forsætisráðherra. „Ert þetta þú, Sarkozy? Þú færð fimm mínútur,“ sagði Chirac stuttur í spuna. Sarkozy þagnaði ekki fyrr en eftir 20 mínútur og forsætisráðherrann sannfærðist um að þar færi mikill hæfileikamaður. Þetta varð upphafið að þriggja áratuga pólitískri samleið þessara tveggja manna, sem þó hefur verið býsna stormasöm á köflum.

Frami Sarkozys var undraskjótur; árið 1983 varð hann borgarstjóri Neuilly-sur-Seine vestur af París, einu ríkasta sveitarfélagi Frakklands. Yngri maður hafði aldrei áður verið kjörinn borgarstjóri í landinu áður. Fimm árum síðar var hann kjörinn á þjóðþingið. Árið 1993, þá 38 ára, var hann skipaður fjárlagaráðherra og talsmaður ríkisstjórnarinnar.

**Úr náðinni og aftur í hana**
Árið 1995 reyndist hann síðan „veðja á rangan hest“ með því að styðja Edouard Balladur til forsetaframboðs fyrir Gaullista það ár, sem Chirac síðan endaði með að vinna. Chirac fannst Sarkozy hafa svikið sig í tryggðum og útilokaði hann frá ríkisstjórnarþátttöku.

Eftir að Chirac hafði náð endurkjöri árið 2002 sótti hann Sarkozy „inn úr kuldanum“ og skipaði hann innanríkisráðherra til að efna kosningaloforð sitt um að taka hart á glæpum. Sarkozy tvínónaði ekki við verkið; gerði víðtækar umbætur á skipulagi og starfsháttum lögreglunnar og kom hertum viðurlögum í lög.

Sarkozy er yfirlýstur stuðningsmaður evrópska myntbandalagsins og Evrópusambandsins, en hann hefur þrátt fyrir það leitast við að hlífa frönskum iðnaði við samkeppni utan frá. Sem fjármálaráðherra á árunum 2004-2005 rak hann áróður fyrir markaðslausnum og skattalækkunum, en beitti svo ríkisvaldinu til að verja franska tæknifyrirtækið Alstom fyrir yfirtöku af hálfu hins þýska Siemens. Ráðamönnum í Berlín var ekki skemmt.

Mál á borð við þessi hafa aflað Sarkozy ásakana um að hallast til lýðskrums. Yfirlýsingar hans um innflytjendamál þykja einnig ýta undir það. Hann hefur aftur á móti sakað keppinautinn Royal um að gera út á lýðskrum; hana skorti skýr stefnumið sem hún sé trú með sannfærandi hætti.

Víst er að harður slagur er fram undan um atkvæði hinna tæplega 44 milljóna íbúa Frakklands sem hafa munu rétt til að greiða atkvæði í kosningunum 22. apríl og 6. maí.

### Stefnir í einvígi milli Royal og Sarkozy

**Franski innanríkisráðherrann Nicolas Sarkozy var á sunnudag útnefndur forsetaefni íhaldssinnaða stjórnarflokksins UMP, samkvæmt niðurstöðu prófkjörs þar sem hann var eini frambjóðandinn. Samkvæmt skoðanakönnun er fylgi hans og forsetaefnis sósíalista, Segolene Royal, nánast hnífjafnt fyrir fyrstu umferð forsetakosninganna í apríl. Mestar líkur eru taldar á því að þau tvö muni heyja einvígi um embættið í úrslitaumferð þann 6. maí.**




**ÞINGKOSNINGARNAR FARA FRAM 10. OG 17. JÚNÍ**

| PS (Sósíalistar) | UMP | MNR (Þjóðerniss.) | FN (Þjóðerniss.) | Aðrir |
|---|---|---|---|---|
| 31% | 31% | 10% | 10% | 18% |

Heimild: Ipsos, L'Observatoire Electoral BVA-Orange © GRAPHIC NEWS



**NICOLAS SARKOZY** Forsetaefni íhaldsmanna telur að Frakkar hafi sýnt af sér of mikinn hroka á alþjóðavettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

# Tölvunám vorið 2007
# Menntun sem gefur þér forskot



1986 - 2006 • 20 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 34.300 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmum 20 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

PEARSON VUE Authorized Centre Select

Microsoft CERTIFIED Partner

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

## MCSA og MCP nám

### Netumsjón MCP
Þetta er besta námið fyrir þig ef þú vilt sjá um netrekstur í fyrirtækjum og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði. Lærðu grunnfræði netkerfa, Windows XP Professional (70-270) og Windows 2003 Server (70-290). Tvö MCP próf innifalin.
**Lengd**: 121 stund/81 klst. **Verð**: 159.900

### MCSA netstjórnun
Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun og Exchange.
Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional (70-270), Windows 2003 Server MCP (70-290), stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Exchange Server 2003 (70-284).
Öll (4) nauðsynleg próf innifalin.
**Lengd**: 225 stundir/150 klst. **Verð**: 299.900

### Annað MCP nám
- Windows XP Pro SP2 (70-270) Lengd: 60 st./39 klst. Verð: 89.900
- Windows Server 2003 R2 (70-290) Lengd: 60 st./39 klst. Verð 89.900
- Exchange Server 2003 (70-284) Lengd: 49 st./33 klst. Verð: 89.900
- Netw. Infrastr. Win 2003 (70-291) Lengd: 49 st./33 klst. Verð: 89.900

## .NET forritun

### Visual C# .NET (+ASP) forritun
Lærðu forritun með forritunarmáli sem hefur slegið í gegn með því að sækja þetta hnitmiðaða og yfirgripsmikla nám.
Krafist er góðrar tölvuþekkingar.
**Lengd**: 130 stundir/87 klst. kvöldnám
**Verð**: 169.900 • Allt að 5 ára lán

### ASP .NET vefforritun
Taktu þátt í byltingu í vefsíðugerð og lærðu ASP .NET vefforritun. Allt sem þú þarft er grunnur í forritun og góð tölvukunnátta.
**Lengd**: 50 stundir/33 klst. kvöldnám
**Verð**: 79.900 • Allt að 3 ára lán

### Visual C# .NET forritun
Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgripsmikið mál sem undirbýr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni.
Krafist er góðrar tölvuþekkingar.
**Lengd**: 130 stundir/87 klst. kvöldnám
**Verð**: 119.900 • Allt að 3 ára lán

## Skrifstofunám

### Hagnýtt bókhaldsnám
Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.
Kennt er meðal annars fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, grunnur launaútreikninga, afstemmingar, undirbúningur uppgjörs og fleira
*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! **
**Lengd**: 94 stundir/63 klukkust. **Verð**: 99.900

### Skrifstofu- og tölvunám
Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.
*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

**Lengd**: 200 stundir/133 klst. **Verð**: 159.900

### Skrifstofu- og bókhaldsnám
Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.
*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! **
**Lengd**: 300 stundir/200 klst. **Verð**: 229.900

*Allt skrifstofunám er í boði á morgnana (9:00-12:00) eða á kvöldin (19:30-22:30)*

** Leyfið er takmarkað við eitt ár og einn notanda.*

## Verkefnastjórnun

### Hagnýt verkefnastjórnun
Vertu betri verkefnisstjóri. Lærðu grundvallaratriði góðrar verkefnastjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina og notkun Microsoft Project við gerð verkáætlana og stjórnun verkefna.
**Lengd**: 50 stundir/33 klst. **Verð**: 89.900

### PRINCE2 verkefnastjórnun
Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina við verkefnastjórnun, fáðu betri yfirsýn og stjórnaðu verkefnunum óaðfinnanlega.
**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 49.900

## Góð byrjun

### Almennt tölvunám
Ef þú hefur litla reynslu af tölvunotkun eða vilt fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum þá er þetta frábæra námskeið fyrir þig.
*Helstu kennslugreinar*
- Windows, Word og Excel
- PowerPoint, Outlook og Internetið

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. dag eða kvöld
**Verð**: 69.990 • Allt að 3 ára lán

### Tölvuþekking fyrir konur
Námskeið sem hefur slegið í gegn, ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölva við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.
*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur

**Lengd**: 60 stnd./40 klst. morgun eða kvöld
**Verð**: 47.900 • Allt að 3 ára lán

### Tölvunám fyrir 50+
Ef þú hefur ekki ennþá lært á tölvu og ert komin(n) yfir fimmtugt er þetta rétta námskeiðið fyrir þig.
Þægilegur hraði, spennandi efni og frábær kennsla gerir þig að öflugum tölvunotanda.
*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur
- Stafræn ljósmyndun og vinnsla

**Lengd**: 72 stnd./48 klst. dag eða síðdegi
**Verð**: 59.900 • Allt að 3 ára lán

## Vefsíðugerð

### Vefhönnun og myndvinnsla
Þetta nám er ætlað þeim sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.
Kennd er HTML forritun og notkun Flash, DreamWeaver og Photoshop forritanna.
**Lengd**: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15
**Verð**: 99.900 • Allt að 5 ára lán

### FrontPage 2003 og Photoshop
Allt það sem þú þarft að kunna til þess að búa til og viðhalda heimasíðu samkvæmt nútímakröfum um útlit og innihald.
**Lengd**: 45 stundir/30 klst, **Verð**: 45.900

### DreamWeaver og Photoshop
Frábær samsetning af öflugum forritum og skemmtilegri kennslu gera það að verkum að vefsíðugerð verður leikur einn.
**Lengd**: 49 stundir/33 klst, **Verð**: 49.900

## Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

### Byrjendanámskeið
Windows, Word og Internetið • *22 stundir/verð 24.500*
Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/verð 10.900*
Windows XP fyrir byrjendur • *9 stundir/verð 10.900*
Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 stundir/verð: 6.900*

### Access
Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • *22 stundir/25.900*
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • *18 stundir/34.900*
Access III: Fjölvar og forritun með VBA • *36 stundir/52.900*

### Word
Word1a: Grunnur ritvinnslu • *9 stundir/verð 10.900*
Word Ib: Betri ritvinnsla • *13 stundir/verð 16.900*
Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • *22 stundir/verð 24.500*
Word II: Framhald • *22 stundir/verð 26.900*
Töflur og eyðublöð í Word • *4 stundir/verð 6.900*
Vinnsla langra skjala í Word • *13 stundir/verð 16.900*
Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 stundir/verð 6.900*

### Excel
Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • *22 stundir/verð 22.500*
Excel II: Sérhæfð notkun • *18 stundir/verð 29.900*
Excel II: Fjármál, bókhald og endursk. • *18 st./verð 34.500*
Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • *32 st./verð 45.900*

### PowerPoint
PowerPoint I: Glærur og kynningar • *13 stundir/verð 16.900*
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • *9 stundir/verð 13.900*
PowerPoint I + II • *22 stundir/verð 24.500*

### Outlook og OneNote
Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • *13 st./verð 16.900*
OneNote: Hugmyndavinna og glósur • *9 st./verð 10.900*

### Publisher
Publisher: Bæklingar og kynningar • *13 st./verð 16.900*

### Vefsíðugerð
FrontPage 2003 vefsíðugerð • *22 stundir/verð 24.500*
DreamWeaver MX vefsíðugerð • *27 stundir/verð 29.900*
Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • *18 st/verð 24.900*

### Myndvinnsla og grafík
Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 stundir/verð 12.900*
Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/verð 15.900*
Photosho: Ljósmyndir og grafík • *22 stundir/verð 26.900*
Photoshop Elements • *13 stundir/verð 16.900*
Visio: Viðskiptagrafík og teikning • *18 stundir/verð 24.900*

### FileMaker
FileMaker notendanámskeið • *18 stundir/verð 26.500*
FileMaker 7.0/8.0: Forritun og notkun • *27 st./54.900*

### Windows XP
Windows XP fyrir venjulega notendur • *9 st./verð 12.900*

### Verkefna- og tímastjórnun
PRINCE2 verkefnastjórnun • *22 stundir/verð 49.900*
Microsoft Project verkefnastjórnun • *22 st./verð 39.900*
Tímastjórnun með Outlook • *6 stundir/verð 14.900*

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

**Tölvunám TV til betri verka**
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar**
**– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!**

www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Mikilvægt að umræðan um framtíð gjaldmiðilsins sé yfirveguð.

## Skotgrafir ekki rétta umgjörðin

HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR

Krónan og evran voru áberandi í umræðu síðustu viku. Sú umræða fór á köflum fram úr sjálfri sér og varð fyrir vikið að einhvers konar bráðaumræðu sem lítil efni eru til.

Kveikja þessarar umræðu var orðrómur um að Kaupþing hygðist gera upp og skrá eigið fé sitt í evrum. Sá orðrómur var kveikjan að því að farið var að ræða flótta fyrirtækja úr krónunni. Ef kalla á þá þróun flótta að fyrirtæki séu í auknum mæli að færa sig frá krónunni, þá er sá flótti ekki með þeim ósköpum að mikil hætta sé á að einhver troðist undir. Þessi breyting er löngu hafin og mun halda áfram skref fyrir skref næstu misserin. Þróunin er ekki viðbragð við núverandi stöðu efnahagsmála. Hún er hluti af langtímasýn fyrirtækja um hvernig þau vilja vaxa og dafna til lengri framtíðar.

Þannig hugsa bestu stjórnendur fyrirtækja. Þeir marka stefnu til lengri framtíðar og meta þá þróun sem fram undan er. Þannig ættu líka góðir stjórnmálamenn að hugsa. Þeir eiga að horfa lengra en fram að næstu kosningum. Umræðan um gjaldmiðilinn og Evrópusambandið er liður í langtímaumræðu um hvers konar framtíð við viljum. Krónan er alls ekki ónýt mynt og hefur ýmsa kosti. Gallinn er sá að hún sveiflast mikið og ekki hægt að tala um efnahagslegan stöðugleika og slíka mynt í sömu setningu. Það getur hins vegar verið fullgilt sjónarmið að vilja óstöðugt efnahagslíf, en stjórnmálamenn verða þá að þora að horfast í augu við þá staðreynd að í alþjóðavæddu hagkerfi við núverandi skipan peningamála verður aldrei stöðugleiki og fjármagnskostnaður hærri en með evruna sem mynt. Ljóst er að atvinnulífið vill stöðugleika og kann að feta þá braut sem tryggir hann best óháð því hvernig vindar blása á Alþingi.

Evran og aðild að Evrópusambandinu kann að verða veruleiki í stjórnmálaumræðu næsta kjörtímabils. Slík umræða varðar mikilvæga langtímahagsmuni þjóðarinnar. Eðli málsins samkvæmt þarf sú rökræða að vera ábyrg og án útilokandi upphrópana. Ljóst er að skiptar skoðanir eru um málið innan flestra flokka. Skrifræði Evrópusambandsins hugnast ekki þeim sem lengst eru til hægri og vinstra megin ráða þjóðernisrök sem taka lítt tillit til efnahagsveruleika lítillar þjóðar í alþjóðavæddum heimi. Sjálfstæðisflokkurinn hefur innanborðs ört stækkandi hóp evrusinna og Samfylkingin hefur einn flokka tekið stefnuna á Evrópusambandið. Það væri afar óskynsamlegt ef þessir flokkar færu í skotgrafir vegna evrunnar í kosningabaráttunni í vor sem yrði til þess að setja brýnt hagsmunamál í umræðu sem engu skilar. Það er á ábyrgð forystu þessara flokka að halda umræðunni með þeim hætti að loka ekki möguleikum þegar og ef sú staða er uppi að ekki verður undan því vikist að taka raunverulega afstöðu. Skotgrafir eru ekki vettvangur slíkrar umræðu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

JANÚARTILBOÐ
Á vetrar og heilsársdekkjum fyrir fólksbíla



Bestu dekkin átta ár í röð!

Í átta ár í röð hafa Toyo dekkin verið valin þau bestu af **Tire Review Magazine**, sem er tímarit sjálfstæðra hjólbarðasala í Bandaríkjunum.

TOYO

Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 - S: 590 2000

NESDEKK
Suðurströnd 4
Sími 561 4110

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bæjarstjóranum kastað

Kristján Þór Júlíusson kvaddi samstarfsfólk sitt í ráðhúsi Akureyrar í vikunni og undirbýr sig nú fyrir komandi alþingiskosningar. Í fréttabréfi Flugur.is segir að Dan Jens Brynjarsson, fjármálastjóri bæjarins, hafi fengið hagsýslustjórann Jón Braga Gunnarsson til að hnýta nýja flugu handa Kristjáni, sem ku vera áhugamaður um stangaveiði. Ákvað Jón Bragi, ser er fyrrverandi Íslandsmeistari í fluguhnýtingum, að flugan fengið nafnið Bæjarstjórinn. Þingmaðurinn mun því getað kastað Bæjarstjóranum næsta sumar.



### Tæknivætt Brim

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, tók á móti Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og öðru samfylkingarfólki á Akureyri í vikunni sem leið. Það blæs stundum hressilega í kringum Guðmund en hann virðist hafa hrifið þessa gesti sína. „Athyglisvert þótti við heimsóknina í Brim hversu tæknivædd og nútímaleg vinnsla afurðanna er og þótti formanni Samfylkingarinnar og öðrum gestum ljóst að í Brimi er verið að byggja upp til framtíðar þar sem áhersla er lögð á fyrsta flokks tækni, hæft starfsfólk með mikla sérþekkingu og á hámarksnýtingu afla,“ segir í jákvæðri frétt á heimasíðu Samfylkingarinnar.



### Sáttaleiðin

„Að lokinni skoðunarferð um fyrirtækið voru landsins gögn og nauðsynjar rædd yfir kaffi og með því. Haft var á orði, að af umræðum að dæma, ættu Samfylkingin og útgerðarmenn vel að geta náð saman um framfarir og sáttaleiðir í sjávarútvegsmálum,“ segir í frétt Samfylkingarinnar. Ingibjörg Sólrún vill að útgerðarmenn treysti Samfylkingunni. Þennan tón sló hún á aðalfundi LÍÚ árið 2005 og ætlar ekki að láta sjávarútvegsmálin ráða úrslitum í kosningum á vori komandi. Fyrningarleiðinni hefur þá líklega verið hent út í hafsauga.

bjorgvin@frettabladid.is

## Viðvörun til ríkisstjórnarinnar vegna RÚV



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

**Í DAG** | Frumvarpið um RÚV

Breytingin sem felst í að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi mun leiða til málaferla vegna árekstrar við Evrópureglur um samkeppnismál. Harkalegt álit Samkeppniseftirlitsins beinlínis kallar eftir því að keppinautar RÚV hefji slíkt mál. Tapi ríkisstjórnin því, sem ég tel mjög líklegt, er hugsanlegt að RÚV þurfi að greiða háar skaðabætur aftur í gildistíma laganna. Verra er þó, að miklar líkur eru á að verulega verði þrengt að möguleikum fyrirtækisins til að afla tekna gegnum auglýsingasölu. Það fæli í sér rothögg fyrir fjárhagslegan grundvöll RÚV og yrði foss á myllu þeirra sem vilja selja fyrirtækið. Þetta er að mínu mati mesta hættan, sem felst í því að gera RÚV að hlutafélagi.

### Álit Samkeppnieftirlitsins

Í áliti Samkeppniseftirlitsins segir að vinsælt dagskrárefni sé lykillinn að velgengni RÚV á auglýsingamörkuðum, enda geri það fyrirtækið að eftirsóknarverðum miðli fyrir auglýsingar. Það telur, að RÚV muni geta nýtt ríkisframlagið til að framleiða eða kaupa vinsælt dagskrárefni. Síðan segir í álitinu: „Af þessu leiðir óhjákvæmilega að umrædd samkeppnisstarfsemi RÚV á sviði auglýsinga verður niðurgreidd með þeirri ríkisaðstoð sem félagið mun njóta … Að mati Samkeppniseftirlitsins raskar þetta fyrirkomulag samkeppni á viðkomandi auglýsingamörkuðum.“

Í kjölfar þessara hörðu ummæla bendir Samkeppniseftirlitið á tvær leiðir, sem það telur geta komið í veg fyrir „þá samkeppnislegu mismunun“ sem felist í stöðu RÚV. Hvorug leiðin er farin í frumvarpi menntamálaráðherra. Það er því alveg ljóst, að Samkeppniseftirlitið telur harkalegan árekstur verða milli stöðu hins nýja hlutafélags um RÚV og gildandi samkeppnislaga. Engum ætti því að dyljast, að ríkisstjórnin er með frumvarpi sínu að knýja fram ríkishlutafélag sem brýtur gegn anda íslenskra og evrópskra samkeppnislaga.

### Veikar varnir ríkisstjórnarinnar

Ráðherrar og þingmenn ríkisstjórnarinnar verjast með þrenns konar rökum. Í fyrsta lagi verði lögin um RÚV sérlög, sem gangi því framar samkeppnislögum. Í því efni er vísað til fordæmis úr búvörulögum en sérstakt ákvæði í þeim undanþiggur landbúnaðargreinar fá ákvæðum samkeppnislaga. Á þessu tvennu er sá reginmunur, að landbúnaður er ekki hluti af EES, en það er útvarpsrekstur hins vegar. Það er svo athyglisvert að í RÚV-frumvarpinu er ekki að finna pósitíft ákvæði, einsog í búvörulögunum, sem undanþiggur RÚV samkeppnisreglum.

Í öðru lagi benda þau á, að auglýsingasala almenningsútvarpa sé heimil skv. EES. Það er rétt, en einungis svo fremi hún hafi „ekki áhrif á samkeppni á viðeigandi mörkuðum (t.d. auglýsingar, öflun og/eða sala á dagskrárefni) að því marki sem er ósamrýmanlegt hagsmunum bandalagsins“ (orðsending frkvstj. ESB 2001). Sú staðreynd, að ríkisstjórnin kýs ekki að fara þær leiðir sem Samkeppniseftirlitið vísar á til að koma í veg fyrir samkeppnislega mismunun, bendir ekki til að lögin um RÚV muni standast forsendur EES.

Í þriðja lagi segja þingmenn ríkisstjórnarinnar að Ríkisútvarpið hafi lengi haft tekjur af auglýsingasölu með svipuðum hætti og gert sé ráð fyrir í frumvarpinu um RÚV – og því sé ekkert við frumvarpið að athuga. Þetta er kolröng ályktun. Eftir að Ísland gekkst undir reglur EES hefur Ríkisútvarpið verið á gráu svæði í þessum efnum. Nú þegar er samkeppnismál í gangi erlendis, sem gæti allt eins endað illa fyrir RÚV. Í þessu máli skiptir hins vegar langmestu, að þegar RÚV verður breytt úr hefðbundinni ríkisstofnum og gert að hlutafélagi, sem er einkaréttarlegs eðlis, þá verða kærur á hendur því skoðaðar í allt öðru ljósi. Fyrirtæki, sem ætlar að notfæra sér ávinninga hlutafélagsformsins verður líka látið sæta þeim stífu samkeppnisreglum, sem önnur hlutafélög sem keppa við það á markaði, verða að gangast undir. Það er ekki lengur á gráu svæði, og verður að sæta sama samkeppnisumhverfi og önnur hlutafélög.

Álit Samkeppniseftirlitsins er mjög harkalegt. Ég tel ekki efamál, að það hefur verið skrifað ekki aðeins út frá íslenskum samkeppnisreglum heldur einnig með hliðsjón af Evrópureglunum. Ég óttast því að breytingin á rekstrarformi RÚV muni innan fárra ára leiða til þess að fjárhagslegur grundvöllur þess verður miklu veikari en í dag, og það verði erfitt að reka það sem ríkisfyrirtæki.

Er hugsanlegt, að það sé tilgangurinn með offorsi ríkisstjórnarinnar í málinu?

## Stórsókn Háskóla Íslands

**UMRÆÐAN**
Menntamál



SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON

Þann 11. janúar undirrituðu Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra tímamótasamning í Hátíðarsal Háskóla Íslands. Samningurinn kveður á um stóraukin framlög til rannsókna og kennslu við Háskólann.

Samningstímabilið nær til ársins 2011, og felur í sér 640 milljóna króna hækkun árlega á samningstímabilinu. Við lok tímabilsins hafa framlögin hækkað um þrjá milljarða, og framlögin til rannsókna þrefaldast. Þessi gríðarlega aukning er verðug viðurkenning á því öfluga og metnaðarfulla stefnumótunarstarfi sem átt hefur sér stað innan Háskólans síðustu misseri.

Háskólinn er í stórsókn og innan hans eru menn stórhuga. Með markmiði sínu hefur Kristínu Ingólfsdóttur rektor tekist að blása krafti í háskólasamfélagið. Sameinaðir standa stúdentar sem og starfsfólk skólans í þeirri vinnu að gera skólann okkar að topp háskóla – háskóla sem jafnast á við þá bestu á heimsvísu. Það eru forréttindi að vera stúdent í skóla þar sem nemendur og starfsmenn hans sameinast um jafnverðugt verkefni. Nú hefur fengist staðfesting á því að samhugur ríkir milli Háskólans og stjórnvalda um að hér skuli rísa þekkingarþjóðfélag.

Því þessi samningur er afar mikilvægur, ekki bara fyrir Háskólann, heldur þjóðfélagið allt. En Þorsteinn Pálsson ritstjóri hefur réttilega bent á að helmingur allrar framleiðniaukningar á rætur að rekja til fjárfestinga í háskólamenntun. Samningurinn er langþráður og kærkominn. Sást það best á ánægjubrosum fundargesta við undirritunina. Sumir þeirra felldu meira að segja tár – en það voru gleðitár.

Að lokum finnst mér viðeigandi að enda greinarkorn þetta á orðum Kristínar Ingólfsdóttur, þegar hún segir: „Um fátt virðist ríkja meiri sátt í íslensku samfélagi en að velsæld á 21. öldinni byggist á því hve hratt og örugglega þjóðin örvar þekkingarsköpun, bætir menntun og nýtir sér hana í atvinnu- og menningarlífi.“

Stúdentar og námsmenn allir þakka fyrir sig.

*Höfundur er formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands og oddviti Vöku.*

**LJÓSIN Í BÆNUM**
Ljósastaurar eru margir og mismunandi.
FASTEIGNIR 10



# allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

**FASTEIGNASÖLUR**


| | |
|---|---|
| Árborgir | 20 |
| Ás | 14-16 |
| Atlas | 7 |
| Draumahús | 18-19 |
| Eignaval | 9 |
| Eignastýring | 17 |
| Remax Lind | 17 |
| Fast.- og fyrirtækjasala Austurlands | 11 |
| Hof | 8 |
| Húseign | 21 |
| Kjöreign | 13 |
| Lundur | 12 |
| Nýtt | 6 |
| Remax | 20 |
| Stórborg | 21 |
| Viðskiptahúsið | 9 |


**GÓÐAN DAG!**

**Í dag er mánudagurinn 15. janúar, 15. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.55 | 13.37 | 16.20 |
| Akureyri | 11.01 | 13.22 | 15.43 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á vísir.is



Nýbyggingarnar við Rauðumýri gefa fögur fyrirheit. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Glæný fjölbýlishús í Mosfellsbæ

***Allar íbúðirnar með sérinngangi af svölum.***

Nú styttist í að tvö fjölbýlishús í Mosfellsbæ verði tilbúin. Um er að ræða fjölbýli við Rauðumýri 1-3, annars vegar lyftuhús upp á fjórar hæðir með 24 íbúðum og bílakjallara og hins vegar þriggja hæða stigahús með 12 íbúðum. Allar íbúðirnar eru 2-4 herbergja og verða með sérinngangi af svölum. Þeim verður skilað fullbúnum án gólfefna, með HTH-innréttingum og AEG-eldhústækjum. Baðherbergi verða flísalögð og búin tækjum. Gert er ráð fyrir innbyggðri halogenlýsingu að hluta. Gólfhitakerfi verður í íbúðunum með hita- og hljóðeinangrun milli hæða og þar af leiðandi engir ofnar. Að utan verða húsin einangruð og klædd með áli og gluggar eru timburgluggar, álklæddir að utanverðu. Útsýni er yfir sundin. Lóðin verður frágengin samkvæmt teikningum landslagsarkitekts en þar er leiksvæði með leiktækjum, timburpallar fyrir íbúðir á jarðhæð og gróður. Stæði í bílageymslum fylgja öllum íbúðum í Rauðumýri 1.

Hraumhamar fasteignasala sér um sölu á íbúðunum sem verða afhentar von bráðar, í minna húsinu, Rauðumýri 3, um mánaðamótin janúar/febrúar og í lyftuhúsinu, Rauðumýri 3, verða íbúðir afhentar í apríl. Íbúðirnar kosta frá 17,9 milljónum. Hægt er að sjá teikningar og fá nánari upplýsingar á heimasíðu Hraunhamars, www.hraunhamar.is.

## Opnað næsta vor

SÝNINGARSKÁLI ÍSLENDINGS, SEM VERÐUR MIÐDEPILL VÍKINGAHEIMA Í REYKJANESBÆ, VERÐUR VÆNTANLEGA BOÐINN ÚT Í APRÍL Á ÞESSU ÁRI.

Víkingaheimar eiga að rísa í Reykjanesbæ við Fitjar, nærri innkeyrslunni inn í gömlu Keflavík, Reykjavíkurmegin frá. Stærsta framkvæmdin er sýningarskáli víkingaskipsins Íslendings sem verður 1.000 fermetrar að flatarmáli en hönnun hans á að ljúka í mars og verður bygging hans boðin út í apríl. Búist er við að hann kosti um 200 milljónir fyrir utan búnað. „Þetta er mjög stór framkvæmd og við viljum gera þetta sem glæsilegast," segir Steinþór Jónsson, verkefnisstjóri Víkingaheima, sem áformað er að opna í maí/júní 2008.



Sýningarskáli Víkingaheima.



**Veðurtíðin** getur leikið þakrennur grátt. Þegar skiptist á með hlýindum og vætu og svo frosti þá geta myndast stíflur í þakrennum. Ágætt er að kíkja reglulega á ástand rennanna áður en skemmdir verða.





GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir


STIGAR OG HANDRIÐ
Við höfum lausn fyrir þig, mælum, teiknum, smíðum og setjum upp
Tré og Stál, vinnum verkið frá A til Ö
Beinir stigar - Loftastigar
Handlistar - Stólpar - Pílárar
Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com


Handrið og stigasmíði
Mikið úrval af handriðum inni sem úti. Stigar fáanlegir á lager - Gerum tilboð í sérsmíði.
Nýtt - glerpunkta-festingar 50mm
Q-Railing - Engin rafsuða - einfalt og snyrtilegt!
Inni og úti handriða- og stigasmíði, 304 og 316 ryðfrítt stál
ATLANTSKAUP
Upplýsingar á www.atlantskaup.is
Atlantskaup ehf. Bæjarflot 6, 112 Reykjavík S:533-3700.



STÓRÚTSALA
Ármúla 8 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR





Ásgeir segir að Maxit-flotefnin henti við ýmsar aðstæður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Trefjarnar auka togþolið

*Að ýmsu þarf að huga þegar gólf eru flotuð. Til dæmis er ekki hægt að nota hvaða flotefni sem er á trégólf. Í Múrbúðinni að Klettháls er hægt að fá alls konar flotefni og meðal annars trefjaflotefni sem hægt er að nota á trégólf.*

Flotefnin sem seld eru í Múrbúðinni heita Maxit og að sögn Ásgeirs Örvars Stefánssonar, deildarstjóra múrefnadeildar, eru til einar tólf tegundir af Maxit-flotefnum fyrir mismunandi aðstæður.

Flotefnið sem nota má á trégólf er styrkt með glertrefjum og segir Ásgeir að trefjarnar geri það að verkum að flotefnið hafi meira togþol og þoli hreyfingu án þess að springa. „Ég hef til dæmis flotað í gömlu timburhúsi með marrandi timburgólfi sem var sigið og leiðinlegt. Gólfið varð þá bara eins og massíft steingólf og svo var sett parkett ofan á og eftir það hreyfðist það ekki. Ef venjulegt flotefni með engum trefjum er sett á marrandi gólf verður múrinn það stökkur að hann springur mjög líklega og losnar frá um leið og kemur einhver hreyfing á gólfið,“ segir hann.



Eftir að búið er að flota gólf er auðvelt að leggja flísar eða parkett ofan á.

Ásgeir segir að flotefnið megi einnig nota á ýmsan annan hátt. „Í dag er til dæmis nokkuð vinsælt að flota borðblötur. Þá búa menn bara til mót ofan á borðplötunni og setja fyrst þetta trefjaflotefni og svo svona fimm millimetra skel af öðru sterkara flotefni en það er meðfallegri áferð. Á eftir er platan lökkuð en vegna trefjanna þolir þetta að vera ofan á timbrinu án þess að springa. Eins er hægt að nota trefjaflotefni í stálstiga því það eru oft vandræði að flota í þá og venjulegt flot vill losna frá. Ef fyrst er sett steypulím í stigana og svo trefjaflot í blautt límið, þá tollir það vel.“



Trefjaflot er notað eins og annað flotefni en hentar betur á trégólf en venjulegt flotefni.

Trefjar eru ekki einungis notaðar mikið í flot núna heldur alls konar múrefni að sögn Ásgeirs. „Í staðinn fyrir hænsnanetin sem voru notuð í gamla daga seljum við svona glertrefjanet sem er notað í múrkerfi innan og utan á hús auk þess sem eru komin viðgerðarefni og pússningarefni með þessum trefjum í. Trefjarnar auka togþolið og teygjanleikann í steypunni og um leið og þær eru komnar í þolir hún miklu meiri spennu. Þess vegna er trefjaflot til dæmis notað þar sem er verið að leggja iðnaðargólf því það hefur þá eiginleika að það er bæði teygja í því og mjög mikill styrkur.“ *emilia@frettabladid.is*



**Guðmundur Óli Scheving**
SKRIFAR UM MEINDÝR OG MEINDÝRAVARNIR

## Húsadreki og drekar *(Chelifer cancroides) og (Pseudoscorpiones)*



Húsadrekar eru smávaxin dýr sem líkjast sporðdrekum og eru oft nefndir gervisporðdrekar. Þeir eru með stóra fálmara, tangir, sem eru eitraðar. Það er ekki hægt að segja að þeir séu meindýr enda éta þér bókalýs og rykmaura.

Æxlun drekanna er ótrúleg. Húsdrekakarlinn dansar fyrir framan kerlinguna og að lokum kreistir hann sæðisdropa á jörðina og dregur kerlinguna yfir sæðisdropann svo hún frjóvgist. Kerlingin býr til hreiður úr silki sem kemur úr klóskærum við kvið hennar. Þar verpir hún eggjunum og festir hreiðrið við sig. Þegar fóstrin stækka inn í egginu fá þau næringu úr eggjastokkum móðurinnar. Ungviðið hefur sama útlit og foreldrarnir þegar það skríður úr eggjunum.

Drekar eru rándýr og ýmist elta uppi eða sitja fyrir bráð sinni og lama hana yfirleitt með eitri. Hér á landi hafa aðeins fundist tvær tegundir dreka, húsadreki (Chelifer cancroides) og mosadreki (Neobisium carcinoides). Húsadrekinn er aðeins um 3-4 millimetrar á lengd. Hann hefur dreifst með manninum út um allan heim líkt og svo mörg önnur dýr. Hann er til dæmis mjög algengur víða í Evrópu enda gengur hann undir heitinu „common book scorpion“ á ensku.

Húsadreki hefur fundist í híbýlum víða á Íslandi og þá gjarnan í baðherbergjum enda sækir hann í hátt rakastig. Eins og áður hefur komið fram telst hann ekki vera meindýr á Íslandi líkt og silfurskottur og önnur smádýr sem finnast oft í mannabústöðum. Hann er samt ansi hvimleiður eins og aðrar áttfætlur og skordýr.

Húsadrekinn lifir á ýmiss konar smádýrum sem lifa í híbýlum manna, aðallega rykmaurum. Húsadreki hefur fundist í híbýlum víða á Íslandi og þá gjarnan í baðherbergjum enda sækir hann í hátt rakastig.

**Varnaðarorð**

Þegar fólk þarf að fá til sín meindýraeyði eða garðúðara þá skal alltaf óska eftir að fá að sjá starfsskírteini útgefið af Umhverfisstofnun og eiturefnaleyfi gefið út af lögreglustjóra/sýslumanni og það mikilvægasta er að viðkomandi hafi starfsleyfi frá viðkomandi sveitarfélagi. Ein og sér hafa starfsréttindi meindýraeyða og garðúðara ekkert gildi.

*Heimildir:*
*Upplýsingar og fróðleikur um Meindýr og varnir 2004, Guðmundur Óli Scheving*
*Meindýr í húsum og gróðri 1944, Geir Gígja*

*Lesendum Fréttablaðsins er velkomið að senda fyrirspurn á netfangið: gudmunduroli@simnet.is*



# Öll litlu handtökin

Nú er jólaskrautið komið niður í geymslu og heimilið hefur tekið á sig fyrri mynd. Eða hvað? Er þetta kannski tíminn til að endurskoða hvað þú vilt hafa í stofunni þinni? Eða er ráð að framkvæma öll þessi litlu handtök sem þér finnst þú aldrei hafa tíma fyrir? Hér eru nokkur atriði til að bæta aðstöðuna á heimilinu og létta lundina í leiðinni.

■ Endurskoðaðu það sem þú vilt hafa í stofunni þinni. Það má vel skipta út skrautmunum og púðum og alls ekki nauðsyn að hafa allt uppi við í einu.

■ Hreinsaðu gamla vaxið af kertastjökunum og settu ný og falleg kerti í staðinn.

■ Taktu til í eldhús-skúffum og settu í geymslu það sem þú notar sjaldan eða átt í fleiri en einu eintaki. Þannig finnurðu frekar það sem þú þarft á að halda þegar þú þarft að nota það.



■ Hentu gömlum og ónýtum mat úr ísskápnum.

■ Labbaðu um með skrúfjárn og hertu allar lausu skrúfurnar á handföngum og hurðarhúnum sem hafa verið að pirra þig í marga mánuði.

■ Settu nokkur þykk glös eða könnur í frystinn. Þannig geturðu alltaf fengið þér ískalt vatn, djús, hvítvín eða kók.

■ Keyptu vasaljós og settu á vísan stað ef rafmagnið skyldi fara.

■ Taktu til í áfengisbirgðunum þínum og hentu öllum flöskum með minna en fjórðungi í. Eða bjóddu vinum þínum í kokkteilboð þar sem markmiðið er að búa til og innbyrða mikið áfengi í furðulegum samsetningum.









Átt þú lóð?

Við eigum húsið!

Íbúðarhús - Sumarhús - Gestahús

Viðarhús ehf. sérhæfir sig í timburhúsum af ýmsum stærðum og gerðum frá Svíþjóð, Kanada og Litháen. Húsin eru af öllum stærðum. Fjölbreyttar teikningar til að velja úr en einnig er hægt að koma með eigin teikningar. Öll húsin frá Viðarhúsum eru einingahús sem reist eru á skömmum tíma og skilað full-frágengnum að utan af fagmönnum fyrirtækisins. Hægt er að fá húsin fullbúin að innan eða skemmra komin. Sjáum um byggingu grunna ef óskað er og getum tekið alfarið að okkur að byggja húsið frá upphafi til enda.
Eigum til afgreiðslu í febrúar garðhús eða gestahús á mjög góðu verði.
Upplýsingar í símum: 562 3422 - 660 6090 - 660 4088 - 898 2430



Vönduð Antikhúsgögn frá Frakklandi og Danmörku



Borðstofuhúsgögn, skápar, stök borð og stólar, klukkur, lampar, silfurmunir og postulín.

Antiksalan
Húsgögn Listmunir

Skúlatúni 6 - Sími: 533-0755 - www.antiksalan.is









Til að veggurinn verði jafn og fallegur þarf góðan undirbúning. Það eina sem dugir á veggfóður er heitt vatn, spaði og þolinmæði.

# Penslar, spaðar og sparsl

***Það er bráðnauðsynlegt að hressa upp á íbúðina endrum og eins, mála veggi, loft og jafnvel skápa. Hér eru nokkur góð ráð áður en penslarnir eru reiddir á loft.***

Það getur verið mjög gaman að mála sjálfur í góðra vina hóp, en það getur þó verið snúin kúnst fyrir leikmenn. Hér eru nokkur góð ráð

Litavalið er það fyrsta sem þarf að ákveða. Ljós litur er langvinsælastur, en samt eru margir sem vilja hressa upp á stemninguna heima við og fá sér svart baðhergi samhliða mósaíkflísum frá sjötta áratugnum eða litaglöð barnaherbergi.

Langbest er að taka með sér litaspjöld heim og setja 100 W peru í loftið til að sjá litinn almennilega. Sums staðar er líka hægt að fá prufu af litnum og mála á vegginn. Gott er að miða litinn við fastar innréttingar.

Þegar liturinn hefur verið valinn þarf að áætla magnið, tegundina og gera ráð fyrir undirbúningi sem oft getur tekið svolítinn tíma.

Þrátt fyrir að ákveðið sé að mála alla íbúðina í sama lit, er ekki endilega gæfulegt að nota sömu tegund af málningu.

Á eldhúsi og á baðherbergi þarf að skoða hvort það sé þvottavél eða þurrkari, hvort sé vifta og hvernig loftræstingin er. Því meiri sem rakinn er þarf hærra glansstig. Þá hrindir málningin betur frá sér raka og gerir veggina auðveldari í þrifum. Það er oftast talað um 40 prósenta glansstig á illa loftræst baðherbergi og um 20 prósenta glansstig á venjuleg eldhús.

Næst þarf að áætla magn málningar. Þumalputtareglan er tvær umferðir ef um sama lit er að ræða. Ef málað er yfir mjög skítuga veggi, þar sem hefur þurft að pússa ójöfnur og nota sparsl í holur, eða með ljósum yfir dökkt má jafnvel reikna með þremur umferðum.



Oftast þarf að hræra aðeins í málningunni eða taka í handfang og vagga fötunni áður en hún er opnuð.

Reikna þarf með sex tímum að jafnaði milli umferða. Til eru margar tegundir af málningu og borgar sig að hafa á hreinu hvernig veggi á að mála og spyrja fagfólk hvaða málning hentar hverju sinni. Best er að byrja á loftinu og svo veggjum en enda á gluggum og dyrastöfum. Ágætt er að hafa lítið í rúllunni og fara jafnar strokur yfir allan vegginn í einu. Þegar stærri fletir eru lakkaðir er best að vera með stutthærða rúllu og sér pensil. Ágætt er að muna að ódýr málning er ekki endilega ódýrari því hún þekur ekki alltaf jafn vel.

**Undirbúningur**

Til að byrja með þarf að taka niður og færa húsgögn. Hylja önnur með dagblöðum, málningalímbandi og plasti. Það er nauðsynlegt að nota þartilgert málningarlímband yfir alla lista, samskeyti og upp við glugga. Því næst þarf að losa nagla og skrúfur sem mega fjúka, skafa burt ójöfnur, sparsla upp í holur og sprungur. Að lokum pússa yfir. Sums staðar þarf að fituhreinsa eða pússa veggi, sérstaklega á baði eða í eldhúsi svo nýja málningin tolli. Einnig þarf að sópa og ryksuga áður en málningarvinnan hefst eftir að veggir hafa verið pússaðir svo rykið festist ekki í málningunni.

**Frágangur**

Á milli umferða þarf að þrífa alla pensla vel. Til er góð umhverfisvæn penslasápa frá Undra sem dugar á olíumálningu. Gott er að kreista málningu úr rúllunni sem síðan getur farið blaut í plast yfir nótt. Skola þarf úr bakkanum fyrir nóttina. Síðan má fjarlægja límband, skafa málningu og þrífa áhöld til að nýta næst er málað er.

**Áhöld**

Málning (gott er að geyma lokið af dollunni ef kaupa þarf meira)
Málningarföt
Dagblöð
Plast til að hylja húsgögn og gólf
Málningarlímband
Málningarbakki fyrir rúllu
Pensill fyrir kverkar og samskeyti
Pensill fyrir lakk á dyrastafi og glugga
Rúlla og skaft (fer eftir hvað margir ætla mála)
Verkfæri til að losa nagla og skrúfur
Sparsl og spaði
Kítti, sprauta, lítill púði til að jafna út efnið
Trappa eða stóll
Beittur sköfuhnífur með aukablöðum

*rh@frettabladid.is*

## Norskar gæðavörur

VERSLUNIN BRYNJA HEFUR HAFIÐ SÖLU Á CLASSIC-HÚSGAGNAÁBURÐI OG HREINSI.



Hægt er að fá áburð og hreinsi saman í pakka.

Classic-vörurnar eru fluttar inn frá Noregi og í línunni eru meðal annars áburður, hreinsir, býflugnavax og viðarolíur. Vörurnar eru frekar ódýrar en þykja þó góðar og hafa selst vel. Sem dæmi má nefna að áburður og hreinsir sem bæði má nota á húsgögnin og sætin í bílnum kosta saman í pakka 1.980 krónur.

- eö

## Um fúaskemmdir

VÍSBENDINGAR UM FÚA OG NOKKUR RÁÐ TIL AÐ LOSNA VIÐ HANN.

1. Stingdu hnífsoddi í panelborðin og á völdum stöðum undir gluggum, bak við niðurfallsrör úr þakrennum og á slíka staði. Gangi oddurinn tvo millimetra eða svo inn í viðinn er allt í lagi. Gangi hann fyrirstöðulítið lengra inn er hætta á ferð. Merki um fúa á að taka alvarlega. Fjarlægðu allt sem fúinn er kominn í.
2. Eftir að búið er að fjarlægja morknaðan við þarf sárið að standa opið áður en viðarvörn er borin á sárin og bætt við nýjum viðarbút, allra helst gagnvörðum.
3. Finndu orsökina fyrir skemmdinni og lagfærðu það sem þarf; hugsanlega er um að ræða leka frá þakinu eða ónóga loftræstingu.



*(Heimild: Verk að vinna: Handbók um viðgerðir, viðhald og smíðar, s.107.)*

# Gleðilegt umhverfisár

***Sennilega hafa margir strengt það áramótaheit að vera umhverfisvænni. Hér eru nokkur ráð til þess.***



Endurvinnum pappírsumbúðir, dagblöð og tímarit. Pössum að fjarlægja hefti úr tímaritum.

Bambus er mjög umhverfisvænt efni þar sem hann vex hratt í náttúrunni og við hin ýmsu skilyrði. Bambus er hægt að nota í diskamottur, á veggi, milli skápa og mottur á gólfið. Svo er líka hægt að kaupa hnífapör með bambushandföngum, körfur og sitthvað fleira.

Hægt er að spara heilmikið í lýsingu með því að nota flúrperur sem minnka orkunotkunina um helming. Svo er um að gera að notast við dagsljósið hvenær sem það er hægt og kveikja ljósið sem sjaldnast, nú eða kveikja á kerti í skammdeginu.

Korkur er einkar góður efniviður þar sem hann er bæði hljóðeinangrandi, ofnæmisfrír og tekur ekki í sig myglu eða önnur lífræn óhreinindi. Kork má bæði nota á gólf og veggi.

Notið bómull og önnur náttúruleg efni í gardínur, borðdúka, stólsessur og rúmföt. Einnig eldhúsáhöld úr tré.

Burstar ættu að vera úr náttúrulegum efnum sem bæði endast betur en plastið og hreinsa líka betur.

Í staðinn fyrir að nota rándýrt og umhverfisfjandsamlegt bón til að laga rispur í viðargólfum eða húsgögnum er gott að taka valhnetur og nudda þeim í rispurnar. Olíurnar í hnetunum og hneturnar sjálfar fylla rispurnar og ekki einn óæskilegur dropi fer út í umhverfið.

Örtrefjaklútar eru umhverfisvæn leið til að þrífa þar sem ekki er þörf á að nota sápu þegar slíkir klútar eru notaðir.

Veljum umhverfisvæna málningu en hana má þekkja af merkingum, til dæmis Evrópublóminu eða 0% sem gefur til kynna að málningin inniheldur engin lífræn leysiefni.



## Skipt um hillubera

ALMENNT TÖKUM VIÐ LÍTIÐ EFTIR ÞESSUM NYTJAHLUT SEM HEFUR ÞÓ FYLGT TÍSKUSTRAUMUM Í GEGNUM ALDIRNAR.



Hilluberar láta almennt ekki mikið yfir sér en þeir geta þó verið mjög fallegir gripir.

Fæstir leggja mikið upp úr því að nota fallega hillubera þegar hugað er að hirslum fyrir heimilið.

Oftast kýs fólk nefnilega að láta sem minnst á þeim bera, en séu þeir vandaðir og vel gerðir er ekkert sem segir að hilluberar megi ekki vera áberandi. Í gegnum tíðina hafa þeir fylgt tískustraumum og tekið breytingum eins og flest annað sem við kemur heimilinu. Þá má fá ýmist úr málmum eða margs konar viðartegundum og þeir eru líka misstórir. Fallega útskorna hillubera má stundum kaupa á antikmörkuðum erlendis en á vefsíðunni eBay er stundum hægt að finna slíkan varning. Útskurðarmynstur á hilluberum er til frá mörgum tímabilum; til dæmis Viktoríu- (1837-1901), art-nouveau- (1888-1905) eða í gotneskum endurkomustíl (1840-1880). Til að endurnýja svip heimilisins gæti það verið ódýr og skemmtileg leið að skipta út hilluberum, en þannig má ná fram nýjum áhrifum án þess að greiða of mikið fyrir eða láta heimilið taka stakkaskiptum við breytingarnar.

# Fullkomin litablöndun

***Á heimasíðu Hörpu Sjafnar, www.harpa.is, er að finna góð málningarráð.***

Ef ætlunin er að mála úr fleiri en einni dós, skal hafa hugfast að stundum er litamismunur á milli dósa. Litamunurinn sést einungis ef skipt er á milli dósa á miðjum vegg, en ekki ef skilin eru í horni. Ef málað er upp úr fleiri en einni dós, er því tilvalið að láta hvern og einn málningarskammt endast á heilan flöt. Þegar búið er mála flötinn (komið að næsta aðliggjandi vegg) er skammtað hæfilegt magn fyrir næsta flöt. Ef málað er upp úr standard lit (litur lagaður í verksmiðju) er best að nota málningu með sama framleiðslunúmeri til að tryggja að litamismunur sé enginn.



Litamismunur getur verið milli dósa.




# nýtt heimili®

www.nytt.is

hamraborg 10 | 200 kópavogur | sími 414 6600 | fax 414 6601
reynir erlingsson | löggiltur fasteignasali | nytt@nytt.is

# 414 6600

## Eignir vikunnar



**OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUD. – KL 18-19**

## Álagrandi 4 - 107 Reykjavík

Hlýleg 127 fm íbúð á 1. hæð í þríbýli. Húsið er bárujárnsklætt timburhús á steyptum grunni. Húsið var flutt af Laugarveginum 2004-2005 og var allt endurbyggt. Íbúðin er snyrtilega innréttuð, gólffjalir á gólfum sem veita henni hlýlegt yfirbragð. **Verð 34,9 millj.**

**Sölumaður okkar tekur á móti áhugasömum.**

Frum



## Ránargata - miðborgin

Notarleg íbúð á rólegum stað í borginni. Sérlega rúmgott baðherbergi. m/tengi f. þvottavél. Andyri m/fatahengi. Eldhús rúmgott. Stofa og svefnherbergi. Sameiginlegur garður sem snýr í suður. Sjón er sögu ríkari. **Verð 16,9 millj.**

**VANTAR ALLAR GERÐIR FASTEIGNA Í SÖLUMEÐFERÐ, KYNNTU ÞÉR ÞJÓNUSTU OKKAR.**

## Vantar fyrir ákveðna kaupendur

- ✔ Rúmgóða íbúð á jarðhæð með aðgengi fyrir fatlaða.
- ✔ 3ja til 4ra herb. íbúð í Kópavogi eða Grafavogi, hámarksverð. 22 millj.
- ✔ 2ja til 4ra herbergja nálægt Háskóla Íslands. Verðhugmynd 17 til 22 millj.
- ✔ Raðhús við Hvassaleiti.

**Fáðu frítt sölumat - www.nytt.is**

nýtt >



**Þorláksgeisli - 3ja og 4ra**
Bjartar og vel skipulagðar 3ja og 4ra herbergja íbúðir í fallegu lyftuhúsi með **stæði í bílageymslu**. Íbúðirnar eru tilbúnar og afhendast án gólfefna. **Verð frá 26,9 til 33,6 millj.**



**Akurvellir - Hafnarfjörður.**
ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN. Erum með til sölu nokkrar 4ra herbergja íbúðir í vönduðu lyftuhúsi. Eignirnar eru tilbúnar til afhendingar og eru afhentar fullbúnar en án gólfefna nema á baði og þvottahús þar eru flísar. Hægt er að fá afhent með gólfefnum. **Verð frá 24,8 til 25 millj.**

einbýlis hús >



**Hörpugata - Einbýli.**
Sjarmerandi og snyrtilegt hús á stórri eignalóð í litla Skerjafirði. Kjallari, hæð og ris eru samtals 131,6 fm. Í kjallara er 2ja herb. íbúð og þvottahús. **Verð 44,9 millj.**

rað hús >



**Sjávargrund – Garðabær**
Falleg íbúð á 2 hæðum í skemmtilegu fjöl/raðhúsi á einum besta stað í Garðabænum. Sérgeymsla og stæði í bílageymslu, sem er í kjallara hússins en þaðan er innangengt í íbúðina. Húsið er byggt í hring og í miðjunni er sameiginlegur lokaður garður með leiktækjum. **Verð 36,9 millj.**

4ra >



**Æsufell - 4ra.**
Falleg nýlega standsett 115 fm íbúð á 1. hæð. Mjög mikið útsýni yfir borgina og Faxaflóa úr eldhúsi og stofu. Ný eldhús innrétting. Húsið hefur nýlega verið klætt, steypuviðgert og málað. Lyfta og húsvörður í húsinu. **Verð. 19,8 millj.**

3ja >



**Langholtsvegur - LAUS VIÐ KAUPSAMNING.**
**Snyrtileg 3ja herb. 80,7fm íbúð í kjallara í þríbýli við Langholtsveg í Reykjavík. Sérinngangur er í íbúðina.** Nýlega eru yfirstaðnar viðgerðir á húsi að utan, gluggar og gler endurnýjað, þak málað, hús að utan múrað og steinað.



**Seljavegur - 3ja.**
57,7 fm. rishæð í 3ja hæða húsi. Íbúðin er undir súð að hluta til. Búið er að endurbæta íbúð verulega, þ.m.t. innrétting, tæki og rafm. Smekkleg íbúð í gamla vesturbænum. **Verð 17,9 millj.**



**Boðagrandi - 3ja.**
Snyrtileg íbúð á 5. hæð í lyftuhúsi. Sérinngangur frá svölum. Stæði í bílageymslu. Þetta er snyrtileg eign á góðum stað sem vert er að skoða. Húsið lítur vel út að utan sem innan. **Verð 19,8 millj.**

2ja >



**Lækjasmári - Útsýni / bílageymsla.**
Mjög rúmgóð 94,5 fm íbúð á 8. hæð með miklu útsýni, ásamt stæði í bílskýli samtals 121,8 fm. Aðeins tvær íbúðir á hæðinni. Sameign er sérlega snyrtileg. **Verð 28,9 millj.**



**Grundarstígur - Miðsvæðis.**
2ja herb 65,9 fm íbúð, miðsvæðis í Reykjavík rúmgóð stofa, falleg viðargólf. Svefnherb, m/fataskápum. Forstofa m/fataskáp. **Verð; 16,9 milj.**



**Melabraut - Seltjarnanes.**
2ja herb. risíbúð, 50,1 fm á efri hæð í fjórbýli á Seltjarnarnesi. Eldhús með nýlegri innréttingu, parketi á gólfi. Stofa með parketi á gólfi og útgengi á litlar suður svalir. Svefnherbergi m/ skápum. **Verð 13,4 milj.**

ATLAS international

# Húseignir á Spáni, Kýpur og Grikklandi

- Yfir 100 starfsmenn í þjónustumiðstöð Atlas
- Vingjarnlegt viðmót, aðstoð og ráðleggingar
- Allar húseignir á eignarlóðum
- Verð frá 75.000 €
- Mörg hundruð eignir um að velja
- Nýjar og notaðar eignir
- Aðstoð við rekstur
- Tryggingar
- Húsgögn
- Leiguþjónusta
- 28 ára reynsla
- 68.000 viðskiptavinir

– Atlas fylgir þér alla leið –









# Sölusýning í Perlunni

NÆSTU HELGI, 20.-21. JAN.

Vilt þú eignast fasteign erlendis og ert búinn að hugsa lengi?

Vilt þú kynna þér málin vel, taka ákvörðun, fara í skoðunarferð?

Þá er þessi sýning fyrir þig!

Glæsilegir íslenskir bæklingar.
Verið velkomin!













Nánari uppl. milli kl: 12 og 16 alla virka daga
Sími: 586 2880 Gsm: 696 1960
www.atlasiceland.com
sales@atlasiceland.com

Frum

hof fasteignasala

Hof fasteignasala
Síðumúla 24
Sími: 564 6464
Fax: 564 6466



Guðmundur Björn Steinþórsson
löggiltur fasteignasali



Jón Guðmundsson
sölustjóri

EIGNIR VIKUNNAR

SKIPASUND - GLÆSIEIGN



Glæsilega endurnýjað einbýlishús ásamt góðum bílskúr. Aðalh. sk. í forstofu, hol og 3 stofur, fallegt eldhús, innaf holi er snyrting. Í risi eru þrjú rúmgóð svefnh. og fallegt baðh. Kjallarinn er skráður sem sér 2-3ja herb. íbúð en er í dag nýttur m. aðalíb. sem þrjú svefnherb, hol/vinnuh., snyrting og sturtuaðst. svo og þvottahús. Verð 69 millj.

GVENDARGEISLI - GLÆSIEIGN



Glæsilegt 206 fm einbýlishús innréttað eftir hönnun Rutar Káradóttur. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar, spónlagðar með eik, innihurðir eru extra háar rennihurðir. Eikarparket og flísar gólfum. Góðar stofur, stórt og rúmgott eldhús, 3 svefnh. og tvö baðherbergi. Glæsileg lýsing hönnuð af Lúmex. Sjón er sögu ríkari. Verð Tilboð

KLEIFARSEL - GÓÐ EIGN



Fallegt 180 fm steinsteypt einbýlishús ásamt 33 fm bílskúr, alls 213 fm. Neðri hæðin skiptist í parketl. stofur með arni, borðst. og eldhús, búr, þvottahús og gesta wc. Á efri hæð eru 4 parketlögð svefnherb., hol og rúmgott baðherb. Innangengt er í bílskúrinn sem er innr. að hálfu sem sem íbúðarherb. Verð 46,9 millj.

MOSGERÐI - 108 REYKJAVÍK



Fallegt einbýli á tveimur hæðum í þessu vinsæla hverfi. 4 svefnherbergi og góðar samliggjandi stofur. Rúmgott eldhús, Baðherbergi niðri og snyrting uppi. Góður, vel búin bílskúr. Geymslur og sér þvottahús. Fallegur garður með timburverönd og skjólveggjum. Göngufæri í góða skóla og leikskóla. Verð 43,4 millj.

AKURVELLIR - 90% LÁN



Glæsileg ný 155 fm 4 til 5 herbergja íbúð á jarðhæð í sex íbúða fjölbýlishúsi. Íbúðin er til afhendingar fullbúnar án gólfefna með glæsilegum innréttingum og gæða tækjum. Sér lóð og sér inngangur er í íbúð. Verð 29,4 millj.

LAUTASMÁRI - NÝTT Í SÖLU



Fallleg 119 fm íbúð á jarðhæð í vönduðu fjölbýlishúsi (BYGG). Góð parketlögð stofa með útg. á stóran sólpall, eldhús með fallegum innréttingum, þvottahús innan íb. tvö parketlögð svefnherbergi með skápum og samtengt (m/hringstiga) íbúðarherbergi og snyrting í kjallara. Áhv. 11,8 millj. Verð 26,9 millj.

NAUSTABRYGGJA - BÍLSKÝLI



Glæsilega 101 fm 3-4ra herbegja íbúðir á 2. hæð í vönduðu fjölbýlishúsi ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin er með vönduðum maghoný innréttingum og fallegu eikarparketi á gólfi. Flísalagðar vestursvalir út af stofum. Áhv. lán L.Í. með 4,15% vöxtum. Verð 25 millj.

HVERAFOLD - RÚMGÓÐ



Mjög góð 93 fm 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýlishúsi. Rúmgóð stofa með út gang á vestursvalir. Eldhús með fallegri hvítri sprautulakkaðri innréttingu, borðkrókur við glugga. Fallegt flísalagt baðherbergi. Tvö rúmgóð svefnherbergi með skápum. Fallegt útsýni.

Frum

REYKÁS – BÍLSKÚR



Vorum að fá í sölu mjög góða 109,2 fm 3ja herbergja íbúð á 2. hæð (efstu) í góðu fjölbýli með sér stæðum bílskúr. Flísalagt baðherbergi og rúmgott eldhús með snyrtilegri innréttingu og þvottaherbergi innaf. Tvö rúmgóð svefnherbergi með skáp og góð stofa og borðstofa. Tvennar svalir og parket og flísar á gólfum

BERJARIMI – BÍLSKÝLI



Falleg 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í tveggja hæða fjölbýlishúsi með sér inngangi og stæði í lokaðri bílageymslu. Skiptist í flísal. forstofu, tvö rúmgóð svefnherbergi, flísalagt baðherbergi, rúmgóða stofu með suðvestur svölum út af og gott eldhús með þvottahúsi inn af. Góð lofthæð er í íbúðinni. Verð 20,5 millj.

LJÓSAVÍK - SÉR INNGANGUR



Fallega og vel skipulagða 83 fm 3ja herbergja íbúð á 2. hæð með sér inngangi af svölum. Góð stofar, tvö rúmgóð svefnherbergi. Vandaðar viðarinnréttingar og tæki í eldhúsi. Flísalagt baðherbergi með baðkari og innr. Verð 19,8 millj.

ÆSUFELL - GÓÐ KAUP



Góða 92 fm 3ja herbergja íbúð á 6. hæð í stóru fjölbýlishúsi með lyftu. Tvö góð herbergi með skáp og rúmgott baðherbergi. Eldhús með snyrtilegri innréttingu og góð stofa með svölum út af og fallegu útsýni. Búið að endurnýja hús að utan og glugga. Verð 15,8 millj.

www.hofid.is

allt auglýsingasími
550 5880

## 220 Hafnarfjörður: Timburverönd og möguleiki á arni

**Þúfubarð 3: Tveggja hæða einbýli með bílskúr og útsýni**

**Inni:** Gengið er inn í flísalagða forstofu en þar inn af er gestasnyrting. Parkettlagt hol tekur svo við og parkettlagt eldhús með eikarinnrétttingu. Gengið er upp þrjár tröppur í stofuna sem er lögð ljósum teppum. Þar er hægt að hafa arinn. Á neðri hæðinni er einnig svefnherbergi og borðstofa. Uppi eru fjögur svefnherbergi, baðherbergi með baðkari og hol en þaðan er útgengt á suðvestur-svalir.



**Úti:** Þar er 32 fm bílskúr með hita og rafmagni og 16 fm timburverönd með skjólveggjum.

**Annað:** Húsið er steinhús og búið er að klæða áveðursgafl með Steni-klæðningu, rennur eru nýlegar og glerið yfirfarið og nýtt að hluta. Gott útsýni er úr húsinu.

**Verð:**41,6 milljónir **Fermetrar:** 227,7 með bílskúr **Fasteignasala:** Ás

# Hríseyingar fá fjölnotahús

***Hríseyingar notuðu þrettándann til að taka fyrstu skóflustungu að fjölnota íþróttahúsi.***

Fyrsta skóflustungan að fjölnota íþróttahúsi í Hrísey var tekin 6. janúar af þáverandi bæjarstjóra á Akureyri, Kristjáni Þór Júlíussyni. Það á að standa við Austurveg 5, norðan sundlaugarinnar. Húsið á vitanlega að nýtast til leikfimikennslu og íþróttaiðkunar en einnig samkomuhalds og þar á líka að vera eldhús fyrir skólann. Húsið verður allt hið fullkomnasta og mun kostnaður við gerð þess, auk endurbóta á sundlauginni, verða rúmar 300 milljónir króna. Það verður steinsteypt, einangrað að utan með báruálklæðningu og viðarklætt að hluta. Áætluð verklok eru 6. júní 2008.



Nýja íþróttahúsið verður eflaust lyftistöng fyrir félagslíf í Hrísey.



Það er góð latína að lýsa fólki leið til kirkju eins og þessir ljósastaurar gera á mótum Hallgrímskirkju og Eiríksgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Þessi ljósastaur horfir ábúðarfullur yfir verslanirnar á Laugaveginum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Eins og breskur lögregluþjónn með hjálm vakir þessi ljósastaur yfir íbúum Þórsgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# LJÓSIN Í BÆNUM

***Ljósastaurar eru margir og mismunandi.***

Eftir að Luktar-Gvendur leið eru það ljósastaurarnir í bænum sem veita birtu á báðar hendur og lýsa upp skammdegið. Sumum finnst þeir taka frá stjörnum og norðurljósum á veturna en það þýðir ekkert að fást um það, ljósastaura er þörf, að minnsta kosti yfir myrkustu mánuðina á Íslandi. Þegar stungið var upp á að mynda ljósastaura fyrir heilsíðuumfjöllun var viðkvæðið gjarna: „Já, en þeir eru allir eins.“ Sem er alls ekki rétt eins og meðfylgjandi myndir bera með sér.



Við Tjarnarbrúna logar jólakertið enn þá skært þótt komið sé fram í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



„Og jafnvel gamlir símastaurar syngja …“ Þessir ljósastaurar standa þar sem símastaurarnir sungu forðum í Vatnsmýrinni og ef augum er lokað og einbeiting skerpt má heyra kór ljósastaura raula orkuveitu-auglýsinguna. Svona viljum við hafa það … FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Þessi ljómandi veldissproti stendur við Grettisgötuna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI
**Fyrirtækjasala Íslands**

**Björgvin Ó. Óskarsson**
Löggiltur leigumiðlari
og eignaskiptalýsandi
**Óskar Mikaelsson,**
ráðgjafi, atvinnuhúsnæði
og fyrirtæki
**Valgeir Kristinsson,**
Hrl., Lögg. faseignasali

**Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.fyrirtaekjasala.is**

**Héðinsgata - Lagerhúsnæði.**



Til leigu vel staðsett, miðsvæðis í Reykjavík við Héðinsgötu og Köllunarklettsveg, allt að 3.000 fm. húsnæði sem hentar frábærlega undir lager eða léttiðnað. Möguleiki á 1000 - 3000 fm. Leigist til 2ja ára í senn. **LAUST!**

FYRIRTÆKI

**Heilsustúdíó - snyrtistofa.**
Til sölu þekkt stofa með góðum búnaði og vaxandi starfssemi í rúmgóðu húsnæði. Einn besti tíminn framundan.

**Hverfissöluturn Ís-matur-videó.**
Glæsilega innréttuð hverfisverslun með góða vaxandi veltu. Frábært fjölskyldufyrirtæki.

**PIZZA -staður í austurborginni.**
Vinsæll Pizza-staður,vel staðsettur og vel búinn tækjum. Gott tækifæri á frábæru verði.

**Kjúklingastaður í alfaraleið.**
Mjög þekktur staður í góðu húsnæði. Vaxandi velta. Góður tækjakostur. Þarna er á ferðinni gott tækifæri.

**Grill-sjoppa með bílalúgu.**
Góð sjoppa í alfaraleið með góða veltu. Gott tækifæri, hagstætt verð.

**Hársnyrtistofa í góðu hverfi.**
5 vinnustöðvar og 2 vaskstólar í góðu húsnæði og vel búin tækjum. Til sölu af sérstökum ástæðum. Til afhendingar strax ef óskað er. Frábært verð.

**Bónstöð, ein af þeim bestu.**
Þekkt stöð með sterka stöðu og mikil föst sambönd. Hefur verið starfandi yfir 20 ár. Rúmgott húsnæði og hagstæð leiga. Mjög góð staðsetning.

**Nudd og Grenningarstofa.**
Glæsilegt heilsustúdíó með góðan tækjakost. Þekkt stofa í flottu húsnæði. Fyrirtækið er með glæsilega heimasíðu yfir sína þjónustu. Frábært tækifæri.

Frum

**Hlíðasmári 170 fm - verslunarhúsn.**



Til leigu 170 fm verslunar og þjónustuhúsnæði, vel staðsett á götuhæð í þessu glæsilega húsi. Endapláss sem er laust nú þegar. Næg bílastæði.

**Eyrartröð - mikil lofthæð.**



Til sölu eða leigu vel staðsett, samtals 1.170 m2 atvinnuhúsnæði á Hvaleyrarholtinu.
2 mjög háar innkeyrsluhurðir. Lóðin er stór og rúmgóð. Lofthæð rýma er töluverð. Milligólf eru skrifstofur, eldhús og salerni. Hægt að leigja í smærri einingum t.d. ½ hús, en selst í heilu lagi 1.170 m2.

**Brekkuhús - verslunarhúsnæði**



Til sölu um 100 fm glæsilega innréttað verslunarhúsnæði, endarými, í verslunarkjarna við Brekkuhús í Grafarvogi. Gluggar á þrjá vegu. Viðarparket og marmari á gólfum, góð afgreiðsla. Staðsetning og húsnæði sem býður upp á skemmtilega möguleika. **Verð 19,8 millj.**

**Glæsilegt 242 fm skrifstofuhúsnæði.**



Til leigu í miðbæ Hafnarfjarðar glæsilega innréttað skrifstofuhúsnæði á 5. hæð með frábæru útsýni. Einstaklega vandað og allt til alls þ.m.t. tölvulagnir í stokkum, kerfisloft og vandað tréverk. Láttu þetta ekki sleppa frá þér.

**Lynghals 200 fm.**



Til leigu um 200 fm verslunar- og þjónustuhúsnæði á jarðhæð í nýju glæsilegu húsi á Lynhálsinum. **Laust strax.**

**Völuteigur - NÝTT iðnaðarhúsnæði.**



Til sölu í nýju stálgrindarhúsi 1.188 fm iðnaðarhúsnæði, þar af er 98,8 fm milligólf undir skrifstofur. Rúmtak hússins er 6.065 m3 og lofthæð því góð. Möguleiki að tví- eða þrískipta húsnæðinu með góðu móti. Lóðin er rúmgóð 5.457 fm, verður malbikuð. Innkeyrsludyr beggja vegna hússins og hægt að keyra þvert í gegn. Tilbúið til afhendingar fljótlega.


## HVAÐ ER ... VERIÐ AÐ BYGGJA?



Hérna sést Borgartún 26 eins og það kemur til með að líta út fullklárað.
MYND/ÞYRPING

# *Í hjarta borgarinnar*

***Sérhannað verslunar- og skrifstofuhúsnæði rís við Borgartún 26.***

Verið er að byggja 12.000 m² verslunar- og skrifstofuhúsnæði við Borgartún 26, sem skiptist í tvo misháa hluta, sem eru fimm og átta hæðir.

Fyrir miðju húsi er aðalstigahús með þremur lyftum. Önnur stigahús eru við vesturenda og á austurgafli, sem ásamt aðalstigahúsi og lyftum þjónar einnig bílakjallara.

Á fyrstu hæð eru verslanir, móttaka og fundarherbergi. Gert er ráð fyrir fjórum verslunarrýmum. Verslanir snúa að Borgartúni en þjónustuaðkoma er frá baklóð. Bílastæðakjallari á þremur hæðum er undir húsinu. Aðkoma bíla að bílastæðakjallara er niður skábraut undir vesturenda húss.

Á annarri til áttundu hæðar eru skrifstofur. Skrifstofuhæðir eru innréttaðar sem opin skrifstofurými.

Hlutar af annarri og þriðju hæð skaga fram yfir fyrstu hæð og skapa útirými á jarðhæð. Útgengt er frá annarri hæð út á þak á verslunarrými fyrstu hæðar. Svalir eru auk þess á þriðju til sjöttu hæðar og stórar svalir á áttundu hæð, sem snúa allar í suður eða austur.

Útveggjagerðir eru þrjár; ljós sjónsteypa, dökkgrá zinkklæðning og timburklæðning, sem er á neðstu tveimur hæðunum. Gluggar á norður- og á suðurhlið lægri byggingar eru með litasampil á opnanlegum fögum. Á suðurhlið á hærri hlutanum verða glerpanelar á milli glugga með sama litasampspili. Gluggar eru almennt ál/timburgluggar.

Þyrping er þróunaraðili verkefnisins, Teiknistofan Tröð á heiðurinn að hönnun hússins, Verkfræðistofan Ferill annaðist verkfræðihönnun og eftirlit og ÍAV eru aðalverktakar þess.



Eins og hér sést verður bílastæðakjallari undir húsinu.
MYND/ÞYRPING


# Ásvegur 29, Breiðdalsvík



Frum

Skemmtilegt 179,4 fm einbýlishús í sveitasælunni á Breiðdalsvík. Hús í góðu standi sem klætt var að utan fyrir 2 - 3 árum síðan. Fjögur svefnherbergi. Ljómandi gott útsýni. Húsið stendur á 1.400 fm lóð og þaðan er u.þ.b. 40 mín. akstur á álver á Reyðarfirði. **Ath. að hér er um að ræða gott hús á verulega hagstæðu verði.**

Nánari upplýsingar hjá:
**Fasteigna- og skipasölu Austurlands í síma 580 7905**
***Hjördís Hilmarsdóttir, lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.***

**allt heilsa**
**Alla þriðjudaga og fimmtudaga**



**KJARRHÓLMI** 3ja herbergja 75 fm endaíbúð á 2.hæð við Kjarrhólma. Glæsilegt útsýni. **V. 19,4 m.** 5161



**KÁRSNESBRAUT** 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í þríbýli.Húsið er byggt 1984. Glæsilegt útsýni á Fossvoginn. Íbúðin er laus strax. **V. 17,9 m.** 5293



**ÞÓRÐARSVEIGUR - M.BÍLSKÝLI** Falleg og rúmgóð 87 fm 3ja herbergja endaíbúð á 4. hæð í nýlegri lyftublokk. Suðvestursvalir. **V. 21,9 m.** 5261



**HÖRGSHLÍÐ - GÓÐ 3JA HERB.** Rúmgóð 96 fm 3ja herbergja íbúð í göngufæri við Perluna, Öskjuhlíð, Kringluna og jafnvel Miðbæ. Suðurverönd. **V. 26,4 m.** 5158



**BÓLSTAÐARHLÍÐ** 3ja herbergja 90 fm íbúð í kjallara í fjölbýlishúsi. **V. 18,5 m.** 5143



**HRINGBRAUT** Falleg 71 fm 3ja herbergja íbúð á 5. hæð í LYFTUBLOKK ásamt rúmgóðu millilofti ásamt stæði í bílageymslu. **V. 19,7 m.** 5112



**REYRENGI - JARÐHÆÐ** Gullfalleg og björt 3ja herbergja endaíbúð á jarðhæð í vel staðsettu 3ja hæða fjölbýli. Húsið stendur innst í götu og næst leikskóla, barnvænt umhverfi. **V. 18,5 m.** 4942

**VANTAR - 107 - VANTAR** Lundur leitar að 3ja herbergja íbúð á 1.hæð á svæði 107. Til greina koma skipti á 3ja herbergja íbúð á 2. hæð við Víðimel. 5340

**2JA HERBERGJA**



**KRUMMAHÓLAR M.STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU** Falleg og vel skipulögð 2ja herbergja 48,7 fm íbúð á 2.hæð í lyftuhúsi ásamt 23,8 fm stæði í bílageymsluhúsi **V. 11,9 m.** 5369



**HAFNARFJÖRÐUR M. BÍLSKÚR** 2ja herbergja íbúð 67 á efstu hæð við Álfaskeið í Hafnarfirði, 24 fm bílskúr. **V. 17,9 m.** 5360



**GRUNDARSTÍGUR** Góð 2ja herbergja 66 fm íbúð á 1. hæð í Þingholtunum. **V. 16,9 m.** 5352



**FURUGRUND** Góð 2ja herbergja íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýlishúsi.Hol,eldhús,stofa,svefnherbergi og baðherbergi. Nýlegt parket á gólfum. Vestursvalir. Sameign öll í góðu standi. **V. 15,9 m.** 5361



**BRÆÐRABORGARSTÍGUR** 64 fm falleg og vel skipulögð 2ja herbergja íbúð á 1. hæð með stórri verönd. **V. 16,9 m.** 5082



**ÞÓRSGATA** 2ja herb. íbúð á efstu hæð.Svalir.Útsýni. **V. 11,5 m.** 4301



**VÍKURÁS – M.BÍLSKÝLI** Björt og falleg 59 fm 2ja herbergja íbúð á 2. hæð ásamt stæði í bílskýli. **V. 15,9 M.**

**LANDIÐ**



**VALSHEIÐI - HVERAGERÐI** Fallegt og vel hannað 192 fm einbýlishús með innbyggðum bílskúr og góðri lofthæð. Fokhelt en fullfrágengið að utan. **V. 29,8 m.** 5267



**SAMBYGGÐ - ÞORLÁKSHÖFN** 2JA HERBERGJA 62 fm ÍBÚÐ Á 3. HÆÐ. **V. 9,6 m.** 5041

**SUMARHÚS**



**SUMARHÚSALÓÐ VIÐ SVÍNHAGA YTRI RANGÁ** Sumarhúsalóð ásamt 15 fm gestahúsi í landi Svínhaga. Lóðin er 8,900 fm eignarlóð. Samþykktar hafa verið teikningar af 147 fm heilsárshúsi og púði er kominn. **V. 7,9 m.** 4985



**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**

**Sími 533 4040**

Kjöreign ehf
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali





**TIL SÖLU - EGILSBRAUT, FJARÐABYGGÐ**

**HÚSNÆÐI SEM BÝÐUR UPP Á MÖGULEIKA**

**ÍBÚÐARHÚSNÆÐI**
Um er að ræða íbúð og bílskúr í þjónustu- og íbúðarhúsnæði staðsett við aðalgötu (miðbæ) Neskaupstaðar. Húsið er sögufrægt verslunarhús upphaflega byggt út timbri árið 1907. Íbúðin er á 2. hæð, 111,6 fm. bílskúr og geymsla 43,3 fm. eða samtals 154,9 fm.

**SKRIFSTOFUR – ATVINNUHÚSNÆÐI**
Um er að ræða 46,5 fm skrifstofuhúsnæði. Skrifstofurýmið skiptist í tvö skrifstofuherbergi, fundarherbergi, geymslu snyrtingu og sameiginlega kaffistofu með vesturhluta hússins (kaffihúsi).

***Upplýsingar veitir Ólafur Guðmundsson s. 896-4090***

Kristinn Valur Wiium sölum., s. 896 6913 · Ólafur Guðmundsson sölustjóri, s. 896 4090
Ármúla 21 · Reykjavík · kjoreign@kjoreign.is · www.kjoreign.is





**Sigurður Helgi Guðjónsson hrl., formaður Húseigendafélagsins**
SVARAR SPURNINGUM UM HÚSEIGENDAMÁL


# Refsbrögð - Skrúðklæði - Skrúðbílar - Jónsbók

**Margvíslegir samningar**
Húseigendur þurfa óhjákvæmilega að semja við ýmsa um ótalmargt. Má nefna kaupsamninga um hús og lóðir, húsaleigusamninga, verksamninga um byggingu, endurbætur, viðhald, viðgerðir og rekstur húsa, tryggingarsamninga, þjónustusamninga af ýmsum toga, sölusamninga við fasteignasala, samninga um sérfræðiaðstoð og ráðgjöf.

Slíkir samningar eru fjölbreytilegir að efni og formi og hagsmunirnir eru líka mismiklir. Þeir eru misflóknir, sumir einfaldir og munnlegir en aðrir skriflegir og ítarlegir.

**Varúð við val á viðsemjendum. Varist hrappa og refi**
Oft eru mjög miklir hagsmunir í húfi og stundum er aleigan undir. Og þá er eins gott að setja öryggi og fyrirhyggju á oddinn. Refir eru víða á sveimi og líka svartir sauðir og viðsjár eru margar. Það er því brýnt að vanda til samninga og sýna varúð í hvívetna. Það er mjög áríðandi að vanda valið á viðsemjendum. Ekki treysta ókunnugum í blindni þótt þeir komi vel fyrir og virðist gull af mönnum. Ekki láta fagurgala, skrautfjaðrir og fögur orð villa sýn og blekkja. Ekki er allt gull sem glóir. Nauðsynlegt er að afla upplýsinga um væntanlegan viðsemjanda og feril hans og orðspor. Til Húseigendafélagsins koma margir í miklum öngum og með sárt enni og endurtaka í sífellu: „Eins og hann kom nú vel fyrir! Eins og hann kom nú vel fyrir!"

**Það fer oft verst sem byrjar best**
Það er nefnilega hægurinn fyrir hrappa að villa á sér heimildir og sýna sparihliðina í upphafi, tala digurt og lofa miklu, ef ekki er ætlunin að standa við neitt. Það fer oft verst sem byrjar best og bundið er mestum vonum. Húseigendur mættu hafa þá vísdómsreglu að leiðarljósi að ef eitthvað virðist of gott til að vera satt, þá er það undantekningarlítið skrök og stenst ekki. Það er sannarlega gullsígildi að láta hrapp úr hendi sleppa.

**Jónsbók**
Í Jónsbók, sem var lögtekin árið 1281, eru merkileg fyrirmæli um samskipti manna og landsins gagn og nauðsynjar. Hún var um margar aldir helsta lögbók Íslendinga. Sumt úr Jónsbók er enn talið í gildi og það er með ólíkindum hversu vel hún á við um margt í samskiptum og viðskiptum manna enn í dag.

**Mannlegt eðli er samt við sig**
Það er greinilegt að mannlegt eðli hefur tekið litlum breytingum í aldanna rás. Alla vega hefur það ekki skánað neitt. Við erum enn sömu frumstæðu, gráðugu frekjuhundarnir og þrasararnir og forfeður okkar voru fyrir 7 til 8 hundruð árum. Menn beita enn sömu meðulunum í samskiptum og viðskiptum til að seilast lengra en þeim ber með réttu. Menn láta tilganginn oft helga meðalið og reyna að kasta ryki í augu viðsemjenda og beita blekkingum og brögðum til að lokka fólk til viðskipta.

**Refsbrögð, Range Rover og ríkir vinir**
Menn beita refsbrögðum og skreyta sig lánuðum eða illa fengnum fjöðrum. Menn klæðast fínum og dýrum fötum og skarti, veifa feitum rolexhlunkum og demantsskrýddum gemsum og tala í þá kumpánlega við ímyndaða vini sína, þjóðkunn stórmenni, milljarðamæringa og ráðherra um stór plott og milljarða viðskipti og fínar veislur og partí. Svo er þess vandlega gætt að flotti jeppinn eða lúxusvagninn sé í augsýn til að króna þá ímynd trausts, velgengni og vinsælda sem viðsemjendur eiga til að trúa á.

**Samningsfrelsið. Traust og trúgirni**
Í grófum tilvikum eru blekkingar við samningsgerð refsiverðar sem svik eða misneyting, en yfirleitt eru þetta torsótt einkamál. Geta menn oftast sjálfum sér um kennt. Trúgirni og varúðar- og fyrirhyggjuskortur er yfirleitt á áhættu og ábyrgð manns sjálfs. Það er grundvallarregla að samningar skuli standa þótt þeir halli á samningsaðila. Samningsfrelsið er grundvallarregla og í því felst að menn mega semja um hvað sem er við hvern sem er og ráðstafa hagsmunum sínum eins og þeim sýnist. Yfirleitt eru slíkar ráðstafanir óafturkræfar. Menn hafa frelsi til að gera bæði góða samninga og sömuleiðis vitlausa og óhagstæða.

**Refir tala flátt og lofa fögru**
Ef menn treysta viðsemjanda í blindni og byggja traustið einvörðungu á eigin hugmyndum út frá fínum fötum, flottum bílum, gylltum farsímum, dýrum úrum o.þ.h. þá verða þeir yfirleitt að súpa seyðið af því. Flestir geta komið vel fyrir í þann stutta tíma sem þarf til að ná samningi og allir reyna að sýna sparihliðina þegar mikið liggur við. Það er útlátalítið að lofa fögru þegar aldrei er ætlunin að standa við neitt.

Mario van Peebles leikari 1957



**ÍSLENSKA ÓPERAN:** HEFUR VERIÐ Í GAMLA BÍÓI Í ALDARFJÓRÐUNG

# Óperan fastur liður í menningarlífinu

Í síðustu viku voru liðin 25 ár frá fyrstu frumsýningu Íslensku óperunnar í Gamla bíói, þar sem hún er enn til húsa. Þá kom Sígaunabaróninn eftir Strauss fyrir augu landsmanna. „Ég held að margir hugsi til þessarar frumsýningar sem hins raunverulega upphafs,“ sagði Bjarni Daníelsson óperustjóri. Íslenska óperan var stofnuð sem sjálfseignarstofnun 3. október 1980. Skömmu síðar tók hún við dánargjöf frá Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssyni, og festi þá fljótlega kaup á Gamla bíói.

„Þetta þótti mikill viðburður, bæði stofnun Íslensku óperunnar og eins þessi fyrsta sýning. Hún gerði stormandi lukku og var sýnd 49 sinnum fyrir fullu húsi,“ sagði Bjarni, en alls sáu um 23.000 manns Sígaunabaróninn. Aðsóknina á fyrstu sýningu Óperunnar telur Bjarni að einhverju leyti mega rekja til þess nýjabrums sem þá var á starfinu. „Síðan má segja að þó að áhorfendum hafi fækkað hafi Óperan fest sig í sessi og orðið fastur liður í menningarlífinu – en kannski um leið svolítið venjulegri hluti af því. Óperusýning er ekki lengur sami viðburðurinn,“ sagði hann.

Spurður um hentugleika Gamla bíós sem óperuhúss segir Bjarni margt gott mega segja um bygginguna. „Ég held að það hafi passað Íslensku óperunni mjög vel. Af því að sviðið er svo lítið hefur oft þurft að nota allt húsið, svo að atburðir sýningarinnar gerast jafnvel innan um áhorfendur. Það má því segja að Íslendingar hafi fengið óperulistina beint í æð í þessu húsi,“ sagði Bjarni. Með auknum kröfum nútímans segir hann húsið þó smám saman missa ljóma sinn, hvað varðar aðstöðu fyrir listamenn og tæknilega möguleika. Bjarni telur framtíð Óperunnar þó vera bjarta og bendir á að hún geti nú haldið uppi samfelldri dagskrá allan veturinn.

„Við vorum auðvitað afar leið yfir því að fá væntanlega ekki að vera með í nýja tónlistarhúsinu, en Gunnar I. Birgisson í Kópavogi hefur lýst því yfir að hann ætli að byggja yfir Íslensku óperuna sérhannað hús. Ég tel víst að Gunnari sé full alvara með þeirri yfirlýsingu,“ sagði Bjarni. Hann segist jafnframt ekki efast um að óperuáhugafólki fari fjölgandi á Íslandi. „Það virðist líka vera ágætt samkomulag milli Íslensku óperunnar og óperuáhugafólks hér. Við náum að feta sama stíg í þessari hæfilegu en lífsnauðsynlegu togstreitu á milli þess sem óperuáhugafólk vill sjá og það sem óperuhúsið vill sýna,” sagði hann.



**BJARNI DANÍELSSON** Óperustjóri segir Gamla bíó hafa hentað Óperunni vel í upphafi, en ljómi þess sem óperuhúss fari dvínandi með auknum kröfum nútímans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

sunna@frettabladid.is




## 40 ára afmæli

**Sindri Grétarsson**

athafnamaður

er fertugur í dag.





## 70 ára afmæli

Í dag, 15. janúar 2007, er 70 ára

**Þórir Sævar Maronsson,**

fyrrverandi yfirlögregluþjónn,
Dúfnahólum 4, 111 Reykjavík.

Þórir tekur á móti gestum
**laugardaginn 20. janúar kl. 18**
í Félagsheimili starfsmanna O.R.
í Elliðaárdal.


# Magnús borinn til grafar í dag

Magnús Magnússon verður borinn til grafar í dag en sjónvarpsmaðurinn góðkunni lést á heimili sínu eftir baráttu við krabbamein. Útför Magnúsar verður gerð út að viðstöddum nánustu vinum og ættingjum.

Að sögn Hauks Ólafssonar, sendiráðsfulltrúa hjá íslenska sendiráðinu í London, er algengt að þessi háttur sé hafður á í Bretlandi. „Fjölskyldan býður fólki að koma í jarðarförina en svo er oft haldin opin minningarathöfn um viðkomandi nokkrum vikum eða mánuðum síðar,“ segir Haukur og upplýsir að sendiherrahjónin verði viðstödd útför Magnúsar sem haldin verður í Baldermock Church.

Haukur segist hafa fundið vel fyrir því hversu virtur og dáður Magnús væri í Bretlandi eftir að fréttir um andlát hans bárust. „Öll stærstu blöðin hafa verið með minningargreinar um Magnús og flestir Bretar þekkja andlit hans,“ segir Haukur en Magnús stjórnaði í aldarfjórðung einum vinsælasta spurningaþættinum í Bretlandi, Mastermind, og setningin: „I've started, so I'll finish,“ sem Magnús notaði varð nánast að einkennisorðum þáttarins og festist við persónu Magnúsar. „Þegar best lét er talið að um tuttugu og tvær milljónir hafi horft á þáttinn,“ útskýrir Haukur. „Og það var alltaf talað um Magnús sem Íslending,“ bætir hann við.



**MAGNÚS MAGNÚSSON** Sjónvarpsmaðurinn þjóðkunni verður borinn til grafar á morgun að viðstaddri fjölskyldu og nánustu vinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES


NÝTT,
FERSKAST OG FLOTTAST
Ferskt
SALATBLANDA MEÐ
KJÚKLINGI
200g.
Loftskiptar umbúðir
tryggja ferskleika
Gaffall
fylgir
Umbúðir
aðskilja hráefni
Honey Mustard
Salat og
brauðteningar fylgja
KOMIÐ Í VERSLANIR
HAGKAUP
BÓNUS
10-11
...alltaf opið!
Ferskt




## STUÐ MILLI STRÍÐA Eina leiðin til að byrja er að byrja

**KRISTÍN EVA** ÞÓRHALLSDÓTTIR ER HÆTT AÐ LÁTA SIG DREYMA



Með reglulegu millibilli reyni ég að gerast hlaupadrottning. Segi við sjálfa mig að nú ætli ég að massa þetta, og sé mig eins og í Nike-auglýsingu hlaupandi flotta og sterka yfir hóla og hæðir í fersku útiloftinu. Alltaf ætla ég að byrja strax á morgun. Eftir að hafa frestað hlaupi til morguns í rúmt hálft ár, aðallega vegna þess að ég get ekki fengið mig til að hlaupa úti í köldu og leiðinlegu veðri, ákvað ég að kaupa mér kort í líkamsræktarstöð.

Á minni líkamsræktarstöð er sjónvarpsskjár við hvert einasta bretti en ég ætlaði alls ekki að kveikja á tækinu heldur taka þessu af alvöru. Ég var ekki mætt á staðinn til að horfa á sjónvarp, heldur stunda alvöru hlaup. Ég var þó ekki búin að hlaupa nema í tvær mínútur að ég gafst upp á því að stara á stafrænu klukkuna telja mínútur og kaloríur og kveikti. Fyrst horfði ég bara á fréttir en stóð svo sjálfa mig að því að stara á myndbönd og sápuóperur á skjánum hjá konunni á brettinu við hliðina á mér. Ég skipti um stöð og starði á dillandi bossa í tónlistarmyndbandi á meðan ég hljóp.

Fleiri konur mættu á brettin og skyndilega heyrði ég og fann sameiginlegan hlaupatakt okkar. Með augun á markmiðinu, ofurkroppana á skjánum, þrömmuðum við í takt og mér fannst eitt augnablik að ég væri í vísindaskáldsögu og eftir því sem takturinn jókst væri bara tímaspursmál hvenær við kæmust inn í sjónvarpið og fengum líkamann sem við sóttumst eftir. Ég gat ekki annað en brosað út í annað, því að ég skemmti mér bara nokkuð vel þótt ég væri ekki hlaupandi um Öskjuhlíðina eins og gasella í sérhönnuðum spandexgalla.

Ég er kannski fjarri því að vera Nike-kona í gömlu joggingbuxunum í svitamettuðu inniloftinu en ég er þó allavega hlaupandi. Heilsa mín og útlit græða sennilega meira á því en dagdraumum í kyrrsetu um glæsta hlaupasigra og einhvers staðar verður maður að byrja.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**SMOKKAR GEGN ALNÆMI** Hluti af ágóða af sölu smokka 50 cent mun renna til góðgerðasamtaka sem berjast gegn alnæmi.

# 50 cent gerir smokka

50 cent leggur nú hönd á plóginn í baráttunni við alnæmi. Hann fer þó sínar eigin leiðir, að vanda, og ætlar að styrkja málefnið með því að leggja nafn sitt við smokkalínu. Hluti ágóðans af sölu getnaðarvarnanna mun svo renna til góðgerðasamtaka sem berjast gegn útbreiðslu sjúkdómsins. 50 cent segist velja þessa leið þar sem krakkar verði ónæmir fyrir stöðugu nöldri. Fólk verði að virkja ímyndunaraflið ef það ætlar að ná til krakkanna. Ekki er vitað hvort smokkarnir muni kosta fimmtíu sent.



**JAMES BROWN** Fimm ára sonur söngvarans heimsþekkta fær engan arf frá föður sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# James Jr. fær engan arf

Nafn fimm ára sonar James Brown og kærustu hans, Tomi Rae Hynie, James Jr., finnst ekki í erfðaskrá söngvarans.

Samkvæmt erfðaskránni fá sex börn Brown sinn skerf úr dánarbúi hans en James Jr. fær ekki eyri. Lögfræðingur Hynie segist ekkert vita um erfðaskrána og skilur hvorki upp né niður í þessum fregnum.

James Brown lést á jóladag, 73 ára að aldri.



**MATTHEW FOX** Lýgur á hverjum einasta degi.

# Fox á sér myrka hlið

Matthew Fox, sem leikur lækninn Jack Shepard í þáttunum Lost, segist eiga sér myrka hlið. „Ég er lygari, svikari og þjófur og vef fólki um fingur mér. Ég lýg á hverjum einasta degi," sagði hinn fertugi Fox í viðtali við tímaritið Men´s Journal. „Ég hef mjög gaman af að vera á meðal fólks og ég hef gaman af því þegar fólk sem ég þekki vel segir eitthvað eða gerir hluti sem það myndi vanalega hvorki segja né gera. Ég geri ýmislegt til að láta það gerast."

# Gibson til Mexíkó

Leikstjórinn Mel Gibson verður viðstaddur frumsýningu myndar sinnar Apocalypto í Mexíkó í næstu viku. Myndin gerist fyrir fimm hundruð árum og fjallar um Maya-ættbálkinn sem byggði upp samfélag í Mexíkó, Gvatemala og Hondúras. Er hún öll töluð á tungumáli Maya.

Gibson réð fólk af Maya-ætt til að leika í myndinni og hefur hann lýst því yfir að hann vilji að tungumál Maya verði vinsælt á nýjan leik og hefur hvatt fólk til að tala málið með stolti.

Apocalypto, sem var nýlega frumsýnd hér á landi, hefur fengið mjög góðar viðtökur erlendis. Var hún m.a. tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna sem besta myndin á erlendu tungumáli.



**MEL GIBSON** Leikstjórinn ætlar að vera viðstaddur frumsýningu Apocalypto í Mexíkó.

# Breyttist í Idi Amin

Leikarinn Forest Whitaker sökkti sér svo djúpt í hlutverk einræðisherrans Idi Amin í kvikmyndinni The Last King of Scotland að eiginkona og börnin hans voru hætt að tala við hann.

Whitaker, sem lék í mynd Baltasars Kormáks, A Little Trip To Heaven, lifði sig svo mikið inn í hlutverkið að þegar tökur stóðu ekki yfir borðaði hann bara stappaða banana og baunir. Einnig lærði hann tungumálin svahílí og Kawa. „Forest var á erfiðum tíma á sínum ferli og fannst hann verða að standa sig. Í næstum sex mánuði vildi hann vera Amin, ekki bara leika hann," sagði Kevin MacDonald, leikstjóri myndarinnar.



**FOREST WHITAKER** Leikarinn sökkti sér á bólakaf í hlutverk einræðisherrans Idi Amin.





Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA - Lifið heil

**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Voltaren Dolo®** (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Flagari í framsókn The Rake's Progress IGOR STRAVINSKY

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY
Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - örfá sæti laus
2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 – 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20
Landsvirkjun
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ (ekki á frumsýningu)
Ingibjörg Eyþórsdóttir, tónlistarfræðingur hefur umsjón með kynningunni
FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
ATH! ALLIR 25 ÁRA OG YNGRI FÁ 50% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI Í SAL
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

Brilljantín kynnir POWER OF LOVE (Hið fullkomna deit)
Verkið er aðeins sýnt í viku. Mið 17. jan kl. 20 / Fim 18. jan kl. 20 / Fös 19. jan kl. 20 / Lau 20. jan kl. 20 / Sun 21. jan kl. 20

Children Of Loki kynnir 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER
Frumsýning Fös 26. jan kl. 20 / Lau. 27 jan kl. 20 / Fös. 2 feb kl. 20 / Lau. 3 feb kl. 20
AUSTURBÆR
Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



Stóra sviðið kl. 20:00

STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter.
Lau. 20/1 nokkur sæti laus, lau. 27/1, fös. 2/2, fös. 9/2.
Fáar sýningar eftir.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 20/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 21/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 27/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 28/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 4/2 kl. 14:00, sun. 11/2 kl. 14:00.

BAKKYNJUR eftir Evripídes.
8. sýn. fim. 18/1 örfá sæti laus, fös. 19/1, fös. 26/1.
Hlín Agnarsdóttir flytur fyrirlesturinn "Hvers vegna láta konurnar svona"? í Leikhúskjallaranum kl. 19.00 fyrir sýninguna 18. janúar. Enginn aðgangseyrir.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Þri. 16/1 kl. 20:00 uppselt, mið. 17/1 kl. 14:30 uppselt, lau. 20/1 örfá sæti laus, mið. 24/1 kl. 14:30 uppselt, lau 27/1, mið. 7/2 uppselt.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

Kassinn kl. 20:00

SÆLUEYJAN eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
Frumsýning fös. 19/1 uppselt, lau. 20/1 örfá sæti laus, fös. 26/1, lau. 27/1, örfá sæti laus.

Kúlan

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 20/1 kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15 nokkur sæti laus og kl. 14:00 uppselt, sun. 21/1 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 og kl. 14:00, lau. 27/1 kl. 11:00, kl. 12:15 uppselt og kl. 14:00 uppselt, sun. 28/1 kl. 11:00, kl. 12:15, kl:14:00 uppselt og kl. 16:00 uppselt, lau. 3/2 kl. 11:00, 12:15 og kl, 14:00, sun. 4/2 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00. Síðustu sýningar.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR"
DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD
Sun 21/1 kl. 20 4.sýning Græn kort
Fös 26/1 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 28/1 kl. 20
Lau 3/2 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fös 19/1 kl. 20
Fim 25/1 kl. 20
Fös 2/2 kl. 20
Lau 10/2 kl. 20
Fös 16/2 kl. 20

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20
Miðaverð 4.800

MEIN KAMPF
Lau 20/1 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 27/1 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 28/1 kl. 20 Frumsýning UPPSELT
Fös 2/2 kl. 20
Sun 4/2 kl. 20

DAGUR VONAR
Fim 18/1 kl. 20 UPPSELT
Sun 21/1 kl. 20 UPPSELT
Fös 26/1 kl. 20
Lau 3/2 kl. 20
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.

AMADEUS
Lau 20/1 kl. 20
Síðasta sýning

FOOTLOOSE
Fim 18/1 kl. 20
Lau 27/1 kl. 20
Síðustu sýningar

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 21/1 kl. 14
Sun 28/1 kl. 14
Sun 4/2 kl. 14
Sun 11/2 kl. 14

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fös 19/1 kl. 20
Fim 25/1 kl. 20
Síðustu sýningar

FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI
Börn, 12 ára og yngri fá frítt í leikhúsið í fylgd með forráðamönnum.
* Gildir ekki á barnasýningar og söngleiki.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

!

**Kl. 10.00**

*Á sýningunni Uncertain States of America í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, sýna 45 vonarstjörnur Bandaríkjanna það besta sem er að gerast í bandarískri samtímalist í dag. Sýningarstjórar eru Hans Ulrich Obrist og Daniel Birnbaum. Sýningin stendur til 21. janúar.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Afmælisrit um Melaskóla




Út er komin hjá Skruddu glæsilegt afmælisrit um Melaskólann sem varð 60 ára í október síðastliðinn. Þar eru birtar skrár um alla nemendur sem þaðan luku barnaskólaprófi frá upphafi til þessa dags ásamt bekkjarmyndum. Einnig er í bókinni kennaratal ásamt myndum, ágrip af sögu skólans, fjölbreytilegt efni úr skólalífinu og margt fleira. Mikil áhersla er lögð á ljósmyndir frá ýmsum tímum. Þá er einnig í ritinu fjöldi greina eftir fyrrum nemendur t.d. eftir Þór Magnússon, fv. þjóðminjavörð, sagnfræðingana Helga Þorláksson og Sigurð Gylfa Magnússon, Þorstein Pálsson ritstjóra, rithöfundana Pétur Gunnarsson, Friðrik Erlingsson, Elísabetu og Illuga Jökulsbörn og Bergljótu Arnalds, Geir H. Haarde forsætisráðherra, blaðamennina Jón Birgi Pétursson, Jónínu Leósdóttur og Sigurjón M. Egilsson, og útvarpskonurnar Lísu Pálsdóttur og Helgu Völu Helgadóttur.

Ritstjórar eru Ívar Gissurarson og Steingrímur Steinþórsson. Bókin er 527 blaðsíður í stóru broti.

# Afdrifaríkur undirbúningur

**Í Silfurtunglinu er ung kona að undirbúa stefnumót við mikilvægasta mann í heimi – manninn sem hún ætlar að elska til æviloka. Þá er jú vissara að vera búin að æfa sig aðeins.**



HVERNIG LUKKAST HIÐ FULLKOMNA STEFNUMÓT? Halldóra Malin Pétursdóttir sýnir verk um mátt ástarinnar í Austurbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Halldóra Malin Pétursdóttir er ung leikkona og leikskáld en hún frumflutti verk sitt „Power of Love (Hið fullkomna deit)" í Austurbæ í gær. „Þetta er einleikur um konu sem er að skipuleggja mikilvægasta kvöld lífsins. Hún þarf að æfa sig svo ekkert fari úrskeiðis og hún fer yfir það í smáatriðum hvernig hún ætlar að bera sig að, hreyfa sig og setja stút á munninn," segir Halldóra. „Hún er mjög stressuð þegar maðurinn mætir á svæðið svo undirbúningurinn fer svolítið mikið fyrir bí. Það gerist stundum þegar fólk ætlar sér um of."

Halldóra Malin útskrifaðist úr leiklistardeild Listaháskóla Íslands í fyrra. Síðan þá hefur hún sett upp eigin einleik á Borgarfirði eystri og stofnað leikfélagið Frú Normu. Hún vann enn fremur til tvennra verðlauna í síðustu dansleikhússamkeppni Borgarleikhússins fyrir verkið Tomma og Jenna sem hún samdi í félagi við Stefán Hall Stefánsson leikara. Nýverið stofnaði Halldóra Malin leikhópinn Brilljantín og er Power of Love fyrsta verkefni hans.

„Ég flyt verkið þar til maðurinn mætir á svæðið – ef hann mætir þá," útskýrir Halldóra og vill ekkert láta uppi um örlög blessaðrar konunnar. Verkið er án orða og höfundurinn setur það undir dansleikhúshattinn enda er það „opið og fínt hugtak á íslensku". Hún viðurkennir að slík verk og vinna séu henni hugleikin. „Ég smitaðist dálítið af þeim áhuga í skólanum þegar Hafdís leikfimikennari kynnti mann fyrir Pinu Bausch. Ég fæ raunar mesta innblásturinn minn í leikhúsinu þegar ég fer á danssýningar, til dæmis á Íslenska dansflokkinn," segir Halldóra og nefnir aukinheldur að meistari Chaplin sé einnig gnægtarbrunnur að sækja í og að sitt leiklistaruppeldi hafi hún fengið hjá Guðjóni Sigvaldasyni, leikstjóra og leikara, sem sé mikill áhugamaður um dansleikhús.

Guðjón er einmitt stofnfélagi Halldóru í leikhópnum Frú Normu ásamt Stefáni Vilhelmssyni leiklistarnema og eru þau í óðaönn að undirbúa sýningar sumarins sem fara á fjalir fyrir austan enda er varnarþing Normu á Egilsstöðum. Höfundurinn þarf einnig að undirbúa ferðalag því sýningunni „Power of Love" hefur verið boðið í leikferð um Króatíu og Slóveníu í febrúar.

Halldóra kveðst vön að vera að stússa sitthvað upp á eigin spýtur en hún hefur átt hauka í hornum víða við undirbúning þessarar sýningar. „Ég leikstýri verkinu líka en hef fengið vini og vandamenn til að kíkja við, peppa mig upp og segja mér hvað betur mætti fara. Það er fátt sem kemur manni á óvart í svona „einsmannsvinnu" en reynslan frá því í sumar nýtist mér vel. Síðan metur maður það mikils að hafa stóran og fríðan flokk í kringum sig þegar maður er líka vanur að vinna einn."

Verkið verður sýnt fimm sinnum til viðbótar út þessa viku, á efri hæð Austurbæjar, í Silfurtunglinu, og er hægt að nálgast miða þar eða á heimasíðunni www.midi.is. - khh

# Stuttmyndir á netið



KVIKMYNDIR Ísold Uggadóttir leikstjóri er í keppni á Sundance með mynd sína Góða gesti.

Á föstudag var tilkynnt að helmingur stuttmynda sem sýndar verða á Sundance-hátíðinni verði aðgengilegur á netinu í bás iTunes. Niðurhalið af iTunes gegn verði bætist við ókeypis strauminn á vefsíðu Sundance en opnað verður fyrir þær 18. janúar en þá hefst hátíðin. Stuttmyndaúrvalið verður fáanlegt hjá iTunes næstu þrjú árin og sá sem kaupir stuttmynd þar og halar niður getur átt hana í afriti eins lengi og kaupandi lifir og meðan afritið endist.

Í fréttum vestanhafs horfa menn einkum á hlutaskiptingu af gjaldinu en þar af fær framleiðandi tæpa tvo dali, Sundance, Apple skipta restinni. Salan takmarkar ekki frekari dreifingu vestanhafs sem er enn eitt merki þess að einkasölufyrirbærið vestanhafs sé að veikjast.

Stuttmyndir hafa verið streymandi á vef Sundance um nokkurt skeið og milljónir sækja á vefinn til að skoða þær. Þetta eru bæði heimildamyndir, leiknar og hreinni í formi. Ekki eru uppi áætlanir um að Sundance taki að dreifa kvikmyndum en þegar stendur Sundance fyrir sjónvarpsrás.

Apple átti í vikunni stórleik með nýju símatæki sem er runnið við ipodinn. Nú aukast líkur á að allt renni frekar saman. Þegar er með lúsarleit á iTunes hægt að finna ótrúlega hluti. Þar er til dæmis aðgengilegasta úrval af óperusöng og listdansi sem fáanlegt er. Fari stuttmyndir á kreik eru líkur á að þær taki líka að fljóta um heima netsins. - pbb

# Sumarhús fyrr og síðar




**BÆKUR**
**Bústaðir**
Ljósmyndir: Gunnar Sverrisson. Ritstjórn: Elsa Ævarsdóttir og Helga Guðný Ásgeirsdóttir. Útlit: Helga Guðný Ásgeirsdóttir
Nenna
★★★★
Falleg og vel unnin myndabók um sumarhús í fjölbreyttu og talandi úrvali

Önnur bókin í tvennu bókaútgáfunnar Nennu fjallar um íslenska sumarbústaði. Fyrri bókin, Heimilisbragur, sýndi inn í heimili nútímafólks. Í báðum bókunum er sama liðið á ferðinni; Gunnar Sverrisson myndar, en þær Elsa Ævarsdóttir og Halla Bára Gestsdóttir ritstýra, útlitið er Helgu Guðnýjar Ásgeirsdóttur.

Þetta eru ekki stórar bækur, Bústaðir er 198 síður í þægilegu broti, 17,4x22,5, með mjúkum spjöldum, Gutenberg prentar og geta menn þar á bæ verið ánægðir með árangurinn. Þetta eru fallegar bækur, snotrir prentgripir sem eru sambærilegir við svipaða erlenda að öllu leyti.

Rétt eins og einsleitnin setti nokkurn svip á Heimilisbrag, er bókin um bústaði til marks um fjölbreytileika íslenskra sumarhúsa um þessar mundir. Hér eru alls konar hús, gömul og ný, stór og lítil, á berangri og í skóglendi. Stefnan er að blanda saman landslagi og húsi í sínu umhverfi og fylla svo myndina með innanstokksmyndum. Þetta tekst prýðilega.

Víst eru allar myndir frá sumartíð, en hér takast á dumbungur og sól, stök kennileiti í nágrenni gefa tilfinningu fyrir prýði við bústaðinn.

Saga sumarhúsanna íslensku er merkileg og væri víst stórbók út af fyrir sig dytti útgefanda slíkt í hug.

Árin milli stríða voru líklega upphafið og þeir risu trúi ég fyrst í jaðri borgarinnar: Fossvogur, Bústaðavegurinn, Ytri-Skerjafjörðurinn, svo færðust þeir utar: við Elliðavatn, Hólmurinn og upp í Lögbergsland á leiðinni austur. Fyrir utan landnámið á Þingvöllum og það sem síðar reis í Grafningi, Grímsnesi og Laugarvatni.

Sú var tíðin að fjölskyldur lögðust út í kofa sem í dag þættu ekki merkilegir. Mæður gátu verið sumarlangt við heldur frumstæðar aðstæður, vatnsleysi og gasplötur, með krakkana sem léku sér í hópum í nálægum móum. Trúi ég sú hefð hafi ekki náð almennri hylli fyrr en á stríðsárunum og eftir það. En gríðarlegt magn sögu er falið í þessum frumbýlingsárum sumarhúsanna hér á landi.

Elstu dæmin í bókinni eru frá 1944, sumarhús á Rangárvöllum, fallegur bungaló, eldri dæmi er frá 1935 í Ólafsfirði sem með viðbætum frá 1987 til 2001 er orðinn að lítilli höll. Tvö gömul íbúðarhús á jörðum hafa fengið á sig nýjan svip í Eyjafirði og Mýrdalnum sem vekur upp samviskubit: hvað eru mörg fín hús sem voru yfirgefin og gefin veðri og vindum til eyðileggingar vítt og breitt um landið? Forvitnir geta flett fínni ljósmyndabók Nökkva Elíassonar til að átta sig á þeirri sóun.

Svo eru nýrri hús: ljóst er af samantektinni að risinn er fjöldi húsa sem eru meira en sumardvalarstaðir: þetta eru heilsárshús mubleruð nýjum húsgögnum sem víða þættu stássmublur. En samt bera þau sama stílinn og flest hús í þessari snotru bók: í afdrep fjarri bæjum safna menn slitnum húsgögnum, húsmunum sem eru hlaðnir minningu og nærveru. Sumarhús verður þannig minnisvarði um heild, minning sem teygir sig langt aftur um heild sem var og er í senn hlutbundin og huglæg og rennur saman við landið þegar best lætur.

Útgefendur hafa kosið að halda upplýsingum í lágmarki, gestgjafar í þessum húsum gera okkur þann heiður að hleypa okkur inn í líf sitt og ber að þakka það.

Bústaðir er einstakur vitnisburður um mikilvægan lífsmáta þjóðarinnar. Bókin er tvítyngd, bæði með enskum og íslenskum skýringum og stuttum almennum formála. Hún talar enda mest í fínum ljósmyndum Gunnars sem þola grandskoðun og segja hver um sig og samanlagðar sögu.

Páll Baldvin Baldvinsson



**ÓPERUR** Placido Domingo söng á laugardag í beinni aðalhlutverkið í nýrri óperu frá sviði Metropolitan í New York.

# Nýjar óperur fluttar

Flaggskip óperuhúsa Ameríku, Metropolitan-óperan í New York, sendi á laugardag út nýja óperu eftir kínversk-bandaríska tónskáldið Tan Dun. Það er í sjálfu sér ekki í frásögur færandi nema að útsendingin var ekki aðeins í útvarpi, heldur líka í „high-definition“ til yfir hundrað kvikmyndahúsa víða um heim. Þetta er svipuð tilraun og Sigur Rós gerði í sumar með tónleika sína á Miklatúni. Raunar léku Bon Jovi sama leikinn í sumar sem leið. Með þessum tilraunum er dreifing tónlistar og leiksýninga að komast á nýtt svið.

Tirunin var ekki ómerkari fyrir að ópera Dun var frumsýnd 21. desember. Hún var pöntuð sérstaklega frá tónskáldinu sem eitt þriggja verka sem Met vildi fá á svið: John Harbison skilaði Great Gatsby á svið í desember 1999 og Tobias Picker sendi frá sér American Tragedy eftir sögu Dreiser í lok árs 2005. Opera Dun heitir Fyrsti keisarinn og segir sögu Quin, fyrsta kínverska keisarans. Domingo söng hann en tónlist Dun og reyndar hinna tveggja hefur verið líkt við Pucchini. Dun er hér á landi þekktastur fyrir tónlistina við Crouching Tiger.

Menn eru semsagt að blása lífi í óperusmíð og tónskáldin eru áköf að ná sambandi við áheyrendur og áhorfendur. Gagnrýnandi New York Times spyr hvers vegna Met hafi ekki kallað eftir breskum óperuhöfundum síðari ára og nefnir tónskáld á borð við Paul Ruders, Kaija Saariaho, Thomas Ades og Judith Weir. Hann spyr líka um verk John Adams, Doctor Atomic, sem frumsýnt var í San Francisco í fyrra. Og talandi um verk sem sækja jöfnum höndum í asíska og evrópska hefð óperur Chen Yi og Yo-Yo Ma.

Þetta leiðir hugann að verkefnavali Íslensku óperunnar sem æfir nú Flagarasögu Stravinskí og hefur á síðustu misserum flutt hingað og frumflutt verk eftir Sondheim og Britten. Er kominn tími til að líta sér nær í tíma?

- pbb




IVECO
Nýr Daily
Með öll gen ATVINNUBÍLSINS
Lipur, mjúkur og hljóðlátur
með einstakt vinnuumhverfi

*Staðalbúnaður:*
- ***ASR Spólvörn***
- ***ABS Hemlakerfi***
- ***ESP Stöðuleikastýring***
- ***Nýr EURO 4 mótor***
- ***Tímastillt olíumiðstöð***
- ***Stórir rafdrifnir upphitaðir speglar***

***Í boði eru fimm vélastærðir***
***Frá 106 hö. til 176 hö.***

***Heildarþyngd frá 2,9 til 6,5 tonn***

*Aukabúnaður:*
***5 Þrepa Rafskipting***
***Loftpúðafjöðrun og driflæsing***

VÉLAVER
Krókhálsi 16
Sími 588 2600
www.velaver.is

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Nýju hóteli í miðbænum fagnað

**Hótel Þingholt við Þingholtsstræti opnaði dyrnar formlega síðastliðið fimmtudagskvöld. Hótelið tilheyrir keðjunni Centerhotels, sem rekur nú þegar tvö önnur hótel í miðbæ Reykjavíkur og hyggst bæta við sig einu til á árinu. Margir góðir gestir lögðu leið sína í Þingholtsstrætið á fimmtudaginn, enda hótelið hið glæsilegasta.**



**FJÖLSKYLDA Á FERÐINNI** Kolfinna Baldvinsdóttir stóð á skrafi við son sinn, Starkað, móður sína Bryndísi Schram og Kolbrúnu Bergþórsdóttur.



**HÓTELKÓNGA Á MILLI** Kristófer Oliversson framkvæmdastjóri Centerhotels og Pétur Geirsson eigandi Hótels Borgarness og Hótels Stykkishólms, höfðu um margt að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**PRÚÐBÚIÐ PAR** Hjónin Jakob Magnússon, eigandi Hornsins, og Valgerður Jóhannsdóttir virtu húsakynnin fyrir sér.



**NÁGRANNAR** Skjöldur Sigurjónsson var á skrafi við Ómar R. Valdimarsson, framkvæmdastjóra Íslenskra almannatengsla. Skjöldur er einn eigenda Domo, sem er næsti nágranni hótelsins.



**NOTALEGT ANDRÚMSLOFT** Það fór vel á með stórsöngvaranum Björgvini Halldórssyni og Ragnheiði Björk Reynisdóttur, eiginkonu hans.



**ESJA TREÐUR UPP** Nýmyndað band þeirra Daníels Ágústs og Krumma tróð upp á hótelopnuninni.



**BAÐKÖRIN VÍGÐ** Anna Margrét Ásbjarnardóttir tók einnig þátt í gjörningi, en hún hefur væntanlega fengið að vígja baðkörin á Hótel Þingholti.



**EKKI STÆKKUÐ** Jennifer Aniston er sögð hafa látið lagfæra barminn á sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Aniston ekki í sárum

Lýtaaðgerðasérfræðingar í Hollywood eru sannfærðir um að Jennifer Aniston hafi farið í brjóstastækkun og að það sjáist berlega á myndum frá People's Choice Awards. Aniston hreppti verðlaun sem besta leikkonan fyrir frammistöðu sína í The Break Up og voru tískusérfræðingar sannfærðir um að útlit Aniston gæfi það sterklega til kynna að leikkonan væri loksins komin yfir skilnaðinn við Brad Pitt.

Netheimar hafa verið morandi í sögum um stækkuð brjóst á leikkonunni eftir verðlaunaafhendinguna en sérfræðingur í útliti stjarnanna sagði líklegra að Aniston hefði notað sérstaka brjóstahaldara og límband til að ná fram brjóstskorunni sem blasti við áhorfendum á verðlaunaafhendingunni.


Skrifstofuvörur
á janúartilboði

Á tilboði í janúar 2007
Bréfabindi, ljósritunarpappír, merkipennar, töflutússar og veggklukka



148 kr.
Bréfabindi A4,
5cm og 8cm kjölur.



898 kr. pk.
Merkipennar,
bláir, svartir, rauðir og grænir, 12 stk í pk.



1.240 kr. ks.
Mopak ljósritunarpappír,
5x500 blöð í ks.



Katrín Edda Svansdóttir
- sölumaður í þjónustuveri RV

Við minnum ríkisstofnanir og sveitarfélög á eftirtalda rammasamninga:
RK 02.15: Ritföng og skrifstofuvörur. RK 02.01: Ljósritunarpappír.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
RV

TUNGLIÐ RV62228


# Óttast mannrán

Litið hefur sést til hinnar níu mánaða gömlu Suri Cruise, dóttur Katie Holmes og Tom Cruise, frá því að hún kom í heiminn. Fjölmiðlar hafa mikið velt því fyrir sér hvar barnið sé niður komið og hver ástæðan fyrir feluleiknum sé. Heimildir blaðsins Star herma nú að foreldrarnir óttist að Suri litlu verði rænt og haldi henni því utan við sviðsljósið til að koma í veg fyrir mannránstilraun. Heimsbyggðin hafi verið svo heltekin af fréttunum af fæðingu barnsins að þau hafi vel getað ímyndað sér að slíkar tilraunir yrðu gerðar.



**ÓTTAST MANNRÁN** Tom Cruise og Katie Holmes óttast að dóttur þeirra verði rænt og halda henni því utan sviðsljóssins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Metnaðarfull Paris

Hótelerfinginn Paris Hilton segist ætla að leggja metnað sinn í leiklist í nánustu framtíð og er sannfærð um að hún eigi eftir að ná langt á þessum vettvangi. Hilton leikur aðalhlutverkið í gamanmyndinni The Hottie and the Nottie og segist liggja yfir handritinu dag og nótt. „Mér er alvara með leiklistinni og get valið úr kvikmyndum," sagði Paris við fréttavefinn contactmusic.com. „Ég get orðið góð leikkona og vil sanna fyrir umheiminum að þetta er eitthvað sem liggur fyrir mér," bætti hún við og sagðist líða betur og betur í þessu hlutverki.



**PARIS** Fyrirsætan fékk ekki glimrandi dóma fyrir síðustu mynd sína, House of Wax.




| Hæstu yfirdráttarvextir banka og sparisjóða | Algengir yfirdráttarvextir banka og sparisjóða | S24 |
|---|---|---|

# Þú getur SPARAÐ 57.000 kr. á ári

**með því að vera með yfirdráttinn hjá S24***

Hvernig væri nú að láta peningana fara að vinna fyrir þig?

Sæktu um núna!

**www.s24.is**

S24 …og þú hagnast

533 2424 – Sætún 1

*M.v. 1 milljón króna yfirdrátt á ári og 18,25% vexti hjá S24 og 23,95% vexti hjá ónefndum fjármálafyrirtækjum
*M.v. að umsækjandi uppfylli skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| APOCALYPTO | kl. 5, 8 og 10.55 B.I. 16 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 10.55 |
| THE BLACK DAHLIA | kl. 8 og 10.35 B.I. 16 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE | kl. 3.40 og 8 B.I. 7 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA |
| ARTÚR OG MÍNIMÓARNIR ÍSL. TAL | kl. 3.40 |
| ERAGON | kl. 3.30 og 5.45 B.I. 10 ÁRA |
| CASINO ROYALE | kl. 10.15 B.I. 14 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 5.50 B.I. 12 ÁRA |

MIÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| APOCALYPTO | kl. 6 og 9 B.I. 16 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| CASINO ROYALE | kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA |
| MÝRIN W.ENGLISH SUBTITLES | kl. 5.50 og 8 B.I. 12 ÁRA |
| BORAT | kl. 10.15 B.I. 12 ÁRA |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| APOCALYPTO | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 6 og 8 B.I. 12 ÁRA |
| TENACIOUS D | kl. 10 B.I. 12 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Harry prins til Íraks

Harry Bretaprins verður sendur á vígvöllinn í Írak innan tíðar samkvæmt fréttum breskra dagblaða í gær. Greint er frá því að hann verði sendur í sérstaka þjálfun í vikunni þar sem hermönnum er kennt að mæta skyndiárásum á vígvelli. Námskeiðið stendur í tvo daga og er lokaáfanginn í því að gera menn klára fyrir stríð. Harry er sagður spenntur fyrir því að fara til Íraks en hluti af námskeiðinu fer í að kenna honum arabísku.

„Þessi þjálfun er bara fyrir hermenn sem ákveðið hefur verið að senda til Íraks. Þeir eyða ekki tíma og peningum í aðra,“ sagði heimildarmaður News of the World innan breska hersins.

Hermálayfirvöld hafa ekki staðfest að Harry prins sé á leið til Íraks. Þar á bæ er því haldið fram að ekki hafi verið tekin ákvörðun um að herfylki hans verði sent þangað og fari svo sé ekki öruggt að allir hermenn innan þess fari með.



**KLÁR Í SLAGINN** Harry Bretaprins er spenntur fyrir því að berjast í Íraksstríðinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES






# Scorsese líklegur til afreka

**Gullhnötturinn, eða Golden Globe, verður afhentur í kvöld en verðlaunin þykja gefa sterka vísbendingu um hvað koma skal á Óskarnum.**

Samkvæmt vefsíðunni Envelope.com er baráttan nokkuð hörð þetta árið enda hafa kvikmyndirnar skipt tilnefningum nokkuð jafnt sín á milli þetta árið. Helen Mirren er talin nokkuð örugg um Gullhnöttinn fyrir frammistöðu sína í The Queen en baráttan er ögn harðari hjá körlunum. Forest Whitaker, sem þykir fara hamförum í hlutverki Idi Amin í Last King of Scotland, hefur ívið betur gegn Leonardo DiCaprio og skiptir þar mestu máli að sá síðarnefndi er tilnefndur fyrir tvær myndir, The Departed og Blood Diamond. Heldur harðnar baráttan þegar rýnt er í líkurnar á hvaða kvikmynd stendur uppi sem sigurvegari í flokknum besta dramatíska myndin en The Departed og Babel skera sig nokkuð úr en að öllum líkindum verður það hin harðsoðna glæpamynd sem stendur upp úr. Brad Pitt ætti ekki að gráta



**HELEN MIRREN** Gæti orðið sigursæl á árinu en hún þykir líkleg til að hreppa Gullhnöttinn fyrir frammistöðu sína í The Queen.



**THE DEPARTED** Martin Scorsese er ofarlega hjá veðbönkum sem spá honum mikilli velgengni á Golden Globe.

það þótt hann leiki aðalhlutverkið í Babel því hann er einn af þremur framleiðendum The Departed.

Því hefur verið fleygt fram í kvikmyndaborginni að nú sé loksins komið að leikstjóranum Martin Scorsese að fara heim með helstu verðlaunin þetta árið og sjá margir fyrir sér að Scorsese hreppi Gullhnöttinn fyrir leikstjórn sína í The Departed og að það sé bara upphafið að sigri hans á Óskarnum. Scorsese keppir reyndar við þungavigtarmanninn Clint Eastwood sem er tilnefndur fyrir báðar myndirnar sínar um innrás Bandaríkjahers á Iwo Jima auk Stephen Frears fyrir The Queen, Alejandro Gonzalez Inarritu, leikstjóra Babel.

Samtök erlendra fréttamanna í Hollywood standa að Golden Globe og auk þess að verðlauna kvikmyndaiðnaðinn eru veitt verðlaun fyrir bestu frammistöðuna í sjónvarpi. Þar verða margir góðkunningjar íslenskra sjónvarpsáhorfenda í eldlínunni en 24, Grey's Anatomy, Heroes, Lost og Big Love keppa um eftirsóttustu verðlaunin sem besti „dramatíski“ sjónvarpsþátturinn.



**JACK BAUER** 24 er tilnefndur besti sjónvarpsþátturinn.

# Ný smáskífa á leiðinni

Ný smáskífa frá Dr. Spock er væntanleg í búðir upp úr helgi. „Hún hefur verið í dálítili biðstöðu, en hún er til og allt klárt,“ sagði Guðfinnur Karlsson, betur þekktur sem Finni, söngvari rokksveitarinnar. „Ég er fatlaður bæði andlega og líkamlega og á leiðinni í skurðaðgerð, þannig að við höfum verið í smá pásu. Við höfum ekkert getað komið fram eða séð fram á að geta fylgt smáskífunni eftir út af því,“ sagði Finni. Hann lofar þó að Spockliðar snúi tvíefldir aftur til leiks að aðgerðinni afstaðinni.

„Smáskífan heitir The Incredible Truth of Dr. Zoega, og er svona í framhaldi af Dr. Phil. Það eru fjögur lög á henni, til dæmis Skítapakk sem var í fyrsta sæti á X-inu í einhverjar sex vikur,“ sagði Finni. „Við sömdum lögin saman þegar við vorum í Ekvador, það er svona ekvador-mannætu-þema á disknum öllum,“ bætti hann við.

Að sögn Finna á að vera hægt að kaupa smáskífuna eina og sér, eða í tvöföldu albúmi með Dr. Phil. „Þessi er með bleikum hanska, en Dr. Phil með gulum. Það virðist vera orðið eitthvað þema hjá okkur,“ sagði Finni.



**HANSKAÞEMA** The Incredible Truth of Dr. Zoega er prýdd bleikum hanska á borð við þennan.



**Í PÁSU** Dr. Spock hefur haft hægt um sig um nokkurt skeið vegna fötlunar Finna.
FRÉTTABLAÐIÐ/HRAFN THORODDSEN







## Háskólabíó

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE PRESTIGE | kl. 6 - 9 - 10:20 | B.i.12 | KÖLD SLÓÐ | kl. 5:50 - 8 | B.i. 16 |
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.16 | DÉJÁ VU | kl. 10:30 | B.i. 12 |
| THE HOLIDAY | kl. 5:30 - 8 | B.i. 7 | THE DEPARTED | kl. 10:30 | B.i. 16 |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 5:30 - 8 | B.i. 16 | | | |

## SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE PRESTIGE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | B.i.12 | THE CHILDREN OF MEN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | B.i.16 |
| THE PRESTIGE VIP | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 3:20 - 5:40 | Leyfð |
| EMPLOYEE OF THE MONTH | kl.5:40 - 8 - 10:20 | | HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 3:20 | Leyfð |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð | SKOLAÐ Í BURTU Ísl tal. | kl. 3:20 | Leyfð |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 8 - 10:40 | B.i.16 | | | |

## SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE PRESTIGE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.12 | |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 8:10 - 10:30 | Leyfð | |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 5:50 | Leyfð | DIGITAL |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 5:50 - 8:10 | Leyfð | DIGITAL |
| DÉJÁ VU | kl. 10:30 | B.i.12 | DIGITAL |

## SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE PRESTIGE | kl. 8 - 10:30 | B.i. 12 |
| EMPLOYEE OF THE MONTH | kl. 8 | B.i. 12 |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 10:10 | B.i. 7 |

## SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HAPPY FEET | kl. 6 | Leyfð |
| THE PRESTIGE | kl 8 - 10:20 | B.i. 12 |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl 5:40 | B.i. 16 |
| THE CHILDREN OF MEN | kl 8 - 10:20 | B.i. 16 |

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is




**LÆTUR Á SJÁ** Þekktur lýtalæknir hefur áhyggjur af útliti Britney Spears.

# Britney eldist hratt

**Líferni Britney Spears er farið að taka sinn toll. Þekktur lýtalæknir segir hana hafa elst um 10-15 ár á tveimur árum.**

Lýtalæknirinn Robert Rey hvetur Britney Spears til að passa betur upp á sig. Lýtalæknirinn lét þessi ummæli falla eftir að nýjar myndir birtust af henni í fjölmiðlum. Eftir að hafa séð þær segir Rey að Britney hafi elst um fimmtán ár á aðeins tveimur árum.

Robert Rey er þekkt nafn í Hollywood. Hann stjórnar til að mynda hinum vinsæla þætti DR 90210 sem sýndur er á sjónvarpsstöðinni E! Hann tjáði sig um útlitið á Britney í þættinum The Insider. „Það eru pokar undir augunum á henni og hárið er miklu daufara. Maður sér meira að segja hrukkur,“ sagði Robert Rey. „Það er vel hægt að fullyrða að hún hafi elst um 10-15 ár á skömmum tíma,“ sagði hann enn fremur þegar hann var beðinn um að bera saman nýjar myndir af Britney og myndir sem teknar voru fyrir tveimur árum.

Britney Spears skildi sem kunnugt er við eiginmann sinn, Kevin Federline, fyrir skemmstu. Síðan þá hefur hún verið fastagestur á næturklúbbum í Los Angeles og víðar. Þar hefur hún verið í slagtogi við þekkt partíljón á borð við Paris Hilton. Britney hefur sömuleiðis verið orðuð við ótal karlmenn á sama tíma. Hún á tvo syni með Kevin Federline. Britney er 25 ára gömul.



**ENN Á UPPLEIÐ** Þessi mynd var tekin um mitt ár 2005. Þarna er djammlífernið ekki farið að taka sinn toll. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Lohan sökuð um lygi

Eins og sagt hefur verið frá gekkst ungstirnið Lindsay Lohan undir uppskurð fyrr í mánuðinum vegna botnlangabólgu. Lohan var lögð inn á sjúkrahús og botnlangi hennar fjarlægður 4. janúar. Leikkonan var svo útskrifuð degi síðar.

Sérfræðingar ytra leyfa sér nú að efast um sannleiksgildi sögunnar, þar sem Lohan sást á djamminu sama kvöld og henni var sleppt af sjúkrahúsinu.

Leikkonan snæddi kvöldverð á veitingahúsinu Pace og tók síðan stefnuna á klúbbinn Les Deux. Sólarhring síðar var hún aftur mætt á dansgólfið, og hefur ekki látið deigan síga við djammið síðan.

In Touch hefur eftir dr. Lynn Ramirez að slík hegðun sé útilokuð fyrir manneskju sem nýverið hefur gengist undir uppskurð og dregur stórlega í efa að slík aðgerð hafi verið framkvæmd á leikkonunni ungu. „Engin viti borin manneskja myndi fara út að dansa eftir að hafa gengist undir botnlangauppskurð,“ sagði Ramirez.



**PARTÍPRINSESSA** Lindsay Lohan fór beint á djammið eftir að hún átti að hafa gengist undir uppskurð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Gefur út dúettaplötu

Platan Two´s Company – The Duets með Cliff Richard er komin út. Þar tekur Cliff lagið með flytjendum á borð við Elton John, Daniel O´Donnell, Dianne Warwick og Barry Gibb.

Einnig eru þar dúettar með Matt Monroe og þeim Brian May úr Queen og Brian Bennett úr Shadows. Fyrsta smáskífulag plötunnar er Yesterday Once More eftir The Carpenters.

Cliff Richard heldur tónleika í Laugardalshöll 28. mars næstkomandi.



**CLIFF RICHARD** Breski tónlistarmaðurinn vinsæli hefur gefið út nýja plötu.


KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

## NÁMSKEIÐ Á VORÖNN 2007

**Tungumál**
10 vikna námskeið
20 kennslustundir
Áhersla á talmál
Kennt er í byrjenda – framhalds – og talæfingaflokkum

ENSKA
DANSKA
SÆNSKA
FRANSKA
ÍTALSKA
SPÆNSKA

**Íslenskunámskeið**
8 vikna námskeið
30 kennslustundir

ÍSLENSKA fyrir útlendinga I

ÍSLENSKA fyrir útlendinga II

ÍSLENSKA fyrir útlendinga III

**Verklegar greinar**
BÓKBAND
FRÍSTUNDAMÁLUN
GLERBRENNSLA
LOPAPEYSUPRJÓN
SKRAUTRITUN
TRÉSMÍÐI
ÚTSKURÐUR

**Tölvunámskeið**
FINGRASETNING
VEFSÍÐUGERÐ Front Page
TÖLVUGRUNNUR
TÖLVUGRUNNUR Framhald:
WORD Ritvinnsla

**Saumanámskeið**
BÚTASAUMUR
CRAZY QUILT
FATASAUMUR / BARNAFATASAUMUR
AÐ ENDURSAUMA FÖT OG HANNA AÐ NÝJU
ÞJÓÐBÚNINGUR - SAUMAÐUR
SKRAUTSAUMUR Baldering Skattering

**Matreiðslunámskeið**
GÓMSÆTIR BAUNA – PASTA – OG GRÆNMETISRÉTTIR
GÓMSÆTIR HOLLIR SUÐRÆNIR RÉTTIR FRÁ MIÐJARÐARHAFSLÖNDUNUM
HRÁFÆÐI

MATARMIKLAR SÚPUR OG HEIMABAKAÐ BRAUÐ
MATARGERÐ FYRIR KARLMENN I Grunnnámskeið
MATARGERÐ FYRIR KARLMENN II Framhaldsnámskeið
SPENNANDI BÖKUR

**Garðyrkjunámskeið**
GARÐURINN ALLT ÁRIÐ
MAT – OG KRYDDJURTIR
TRJÁKLIPPINGAR
TRJÁRÆKT Í SUMARBÚSTAÐALANDINU

**Ýmis námskeið**
BÓKHALD
SMÆRRI FYRIRTÆKJA Grunnatriði í bókhaldi

**Innritun í síma 564 1507 8. – 18. janúar kl. 10 – 18**
*á vef skólans http:// kvoldskoli.kopavogur.is eða á skrifstofu Kvöldskólans í Snælandsskóla*
*Fyrstu námskeiðin hefjast 22. janúar*
*Nánari upplýsingar eru einnig á vefsíðu skólans*
*Vefsíða:http:// kvoldskoli.kopavogur.is Netfang: kvoldskoli@kopavogur.is*

### > HM-hópurinn valinn í dag

Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari í handbolta, mun tilkynna í dag hvaða leikmenn fara á HM í Þýskalandi sem hefst um næstu helgi. Fastlega er búist við því að Alfreð velji sextán manna leikmannahóp. Það er ljóst að Framararnir Sigfús Páll Sigfússon og Björgvin Páll Gústavsson fara ekki á HM en þeir tóku engan þátt í leikjunum við Tékka um helgina. Ef Alfreð fer með sextán þá á aðeins einn leikmaður í viðbót eftir að missa sætið sitt í hópnum. Svo gæti Alfreð valið þá leið að fara með sautján leikmenn út, tilkynna fimmtán til leiks og halda einu sæti opnu. Það kemur í ljós í dag.



**sport**

sport@frettabladid.is

AXEL KÁRASON: VANN ÖLLUM Á ÓVÖRUM ÞRIGGJA STIGA SKOTKEPPNI STJÖRNULEIKS KKÍ

# *Varð alltaf meira og meira hissa*

„Þetta kom svona skemmtilega á óvart," sagði Axel Kárason sem vann sigur í þriggja stiga skotkeppninni í Stjörnuleik KKÍ á laugardaginn. Axel komst þar með í hóp stórskyttna sem hafa unnið þessa keppni undanfarinn áratug.

„Valur fékk mig eigilega til þess að fara í leikinn og ætli ég verði ekki bara að þakka honum þetta," segir Axel en þjálfari hans, Valur Ingimundarson, vann þessa keppni tvö ár í röð 1989-1990. Valur leyfir Axel kannski að skjóta meira hér eftir. „Það er löngu kominn tími á það að maður fái eitthvað að skjóta," sagði Axel í léttum tón. Þrjár stórskyttur Skallagrímsliðsins, sem allar hafa sett niður yfir 30 þrista í deildinni, áttu ekki svar við skothittni Axels sem hefur hingað til verið frægari fyrir baráttu og góðan varnarleik en að raða niður þristum. „Nú getur maður aðeins baunað á félagana og spurt þá hvort þær ætli ekki að láta mig hafa boltann. Ég get örugglega strítt þeim á þessu," segir Axel en tveir félagar hans, Dimitar Karadzovski og Jovan Zdravevski, komust með honum í sex manna úrslitin og Dimitar varð síðan í 2. sæti. Axel fékk 13 stig af 20 mögulegum í undankeppninni og var síðan með 12 stig í úrslitunum.

„Ég var alltaf meira og meira hissa eftir því sem leið á því að það gengi svona vel hjá mér að hitta," segir Axel en er hins vegar á báðum áttum hvort hann eigi að fara taka fleiri skot fyrir utan þriggja stiga línuna. „Það er ekki mikil þörf fyrir það að við skjótum meira fyrir utan," svarar Axel hlæjandi en Borgnesingar eru með 31,5 þriggja stiga skot að meðaltali í leik.

Axel setti niður 3 af 4 þriggja stiga skotum í síðasta leik Skallagríms og þar mátti kannski sjá fyrirboða fyrir því sem gerðist í stjörnuleiknum. „Ég virðist koma ágætlega undan nýju ári. Ég er aðeins búinn að reyna að laga strokuna í skotin en ekkert mikið." Það hefur greinilega góð áhrif því Axel hefur hækkað þriggja stiga skotnýtingu sína þrjú tímabil í röð.



2007 GERMANY HANDBALL WORLD CHAMPIONSHIP

**4 DAGAR Í HM Í ÞÝSKALANDI**

Gestgjafar Þjóðverja:

## Tap í lokaleiknum

**HANDBOLTI** Gestgjafar Þjóðverja töpuðu síðasta æfingaleiknum sínum fyrir HM í handbolta. Egyptar unnu Þjóðverja 29-30 fyrir framan 11 þúsund manns í Ólympíuhöllinni í München.

Markus Baur lék þarna sinn tvöhundraðast landsleik og var markahæstur heimamanna með 7 mörk og Florian Kehrmann bætti við fimm. **- óój**

**ÚRSLIT GÆRDAGSINS**

*Vináttulandsleikur:*

ÍSLAND-TÉKKLAND 34-32 (18-14)

**Mörk Íslands (skot):** Snorri Steinn Guðjónsson 7/3 (10/4), Guðjón Valur Sigurðsson 6 (9), Logi Geirsson 6 (9), Alexander Petersson 4 (5), Róbert Gunnarsson 4 (6), Ólafur Stefánsson 3 (4), Vignir Svavarsson 3 (3), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (3), Arnór Atlason (1), Markús Máni Michaelsson (1).
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 14/2, Hreiðar Guðmundsson 1.
**Hraðaupphlaup:** 10 (Guðjón 5, Róbert 2, Ólafur 2, Logi).
**Fiskuð víti:** 4 (Róbert 3, Alexander).
**Utan vallar:** 6 mínútur.
**Mörk Tékka:** Jan Filip 9/2, Pavel Horak 7, David Juricek 7, Tomas Reznicek 3, Filip Jicha 2, Jiri Vitek 2/1, Michal Bruna.
**Varin skot:** Martin Galia 9/2, Petr Stochl 2.
**Hraðaupphlaup:** 10 (Juricek 4, Filip 3, Horak 3).
**Utan vallar:** 10 mínútur.

Fyrirliðinn Ólafur Stefánsson:

## Hættur að væla út af öxlinni

**HANDBOLTI „Það er náttúrlega léttara yfir þessu þegar þú ert yfir allan tímann. Við þurfum að læra að vera undir og vera samt stemmdir og jákvæðir," sagði Ólafur Stefánsson eftir sigurleikinn gegn Tékkum.**

**„Það var margt gott og margt lélegt hjá okkur í dag. Það voru jákvæðir punktar og þá sérstaklega Logi sem kom með góð skot," segir Ólafur sem sást ráðleggja mönnum í leiknum.**

**„Hinir strákarnir í liðinu verða að sjá um sitt og við verðum að treysta hver öðrum fyrir verkefninu. Ég treysti strákunum alveg," sagði Ólafur sem vill hætta að hugsa um axlarmeiðslin. „Ég er skárri og betri í dag en í gær. Ég ætla bara að hætta að hugsa um þetta, hætta að væla yfir þessu og vera bara hress á laugardaginn og þar fram eftir," sagði Ólafur að lokum.** **- óój**

# Strákarnir kvöddu með sigri

**Íslenska handboltalandsliðið lék sinn síðasta æfingaleik fyrir HM í gær er það lagði Tékka, 34-32. Sóknarleikur liðsins gekk vel lengstum en varnarleikurinn er áhyggjuefni. Markvarslan var góð framan af en datt síðan alveg niður.**

**HANDBOLTI** Það var allt annað að sjá til landsliðsins í gær en á laugardag þegar liðið tapaði gegn Tékkum í mjög slökum leik. Strákarnir sýndu góð tilþrif í sókninni í gær og sigur þeirra var aldrei í hættu þótt hann hefði klárlega átt að vera stærri. Slakur varnarleikur í bland við léleg hlaup til baka úr sókninni gerði það að verkum að liðið vann leikinn aðeins með tveim mörkum, 34-32.

Það var allt annað yfirbragð á leik liðsins í upphafi leiksins í gær. Leikmenn voru mikið mun ákveðnari og sóknarleikur liðsins mun hraðari og beittari. Alfreð gerði þrjár breytingar á byrjunarliðinu en Arnór, Vignir og Birkir Ívar fengu tækifæri. Vignir nýtti tækifærið sitt vel, spilaði ágætan varnarleik og nýtti færi sín í sókninni vel. Birkir varði vel í fyrri hálfleiknum en Arnór náði sér ekki á strik enn einn leikinn en hann skaut aðeins einu sinni að marki eins og á laugardaginn. Markús Máni var með sömu nýtingu en hvorugur þeirra náði að skora um helgina.

Vörnin var fín framan af þar sem Sverre Jakobsson fór mikinn og náði ágætlega saman með Alexander og Vigni. Miklar breytingar voru gerðar á varnarleiknum út leikinn og fá afbrigði gengu eins og til var ætlast en Sverre stóð þó alltaf fyrir sínu. Enginn Martin Galia var í marki Tékka framan af og það nýttu Íslendingar sér vel í fyrri hálfleik þar sem tékknesku markverðirnir voru aðeins með tvö varin skot. Samt leiddi Ísland aðeins með fjórum mörkum í leikhléi, 18-14.

Logi og Róbert komu inn í síðari hálfleik og Róbert var fljótur að minna á sig – fiskaði víti og menn af velli í leiðinni. Logi byrjaði illa en átti frábæran leik síðari hlutann þegar hann raðaði inn mörkum og svaraði kalli þjálfarans um mörk utan af velli.

Vörnin var í molum í síðari hálfleik sem og markvarslan. Tékkarnir skoruðu auðveld mörk hvað eftir annað og so fengu þeir allt of mörg hraðaupphlaup. Forystan var þó alltaf örugg og landsliðið kvaddi þjóðina með sigri, 34-32.

Snorri Steinn og Guðjón Valur voru mjög öflugir í sókninni og Alexander var góður í fyrri hálfleik en fékk úr litlu að moða í þeim síðari. Ólafur lagði upp fjölda marka en tók aðeins eitt skot á markið utan af velli. Það er enn verk að vinna hjá Alfreð Gíslasyni og hausverkurinn er sá sami og venjulega – vörn og markvarsla. Sóknarleikurinn lofar þó góðu, sérstaklega þegar Ólafur fer að skjóta meira utan af velli en hann mun tæplega vera eins spakur þegar út í alvöruna er komið.

**henry@frettabladid.is**



**ÖFLUGUR** Snorri Steinn Guðjónsson átti mjög góðan leik með Íslandi í gær og hann verður í lykilhlutverki á HM. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**MINNTI Á SIG** Logi Geirsson sýndi lipra takta í síðari hálfleik í gær og skoraði sex mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**EKKI SÁTTUR** Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari var ekki ánægður með strákana sína um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Alfreð Gíslason:

## Mjög óánægður með leikinn

**HANDBOLTI** „Þetta var aðeins skárra en ég er samt mjög óánægður með þennan leik rétt eins og í gær," sagði Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari eftir leikinn en hann var langt frá því að vera sáttur.

„Við fengum mjög mikið af klaufamörkum á okkur í síðari hálfleik. Við sóttum ekki mikið út í mennina og menn í vörninni voru með körfuboltavörn. Þeir fóru frá snertingu í stað þess að klára manninn. Birkir var mjög fínn í fyrri hálfleik en markvarslan datt alveg niður í síðari hálfleik. Logi fór aðeins í gang undir lokin sem var gott. Það er ekki gott að fá öll þessi hraðaupphlaupsmörk á okkur en við hlupum jafn illa til baka og í gær."

Alfreð segir að liðið hafi verið sjálfu sér verst í gær. „Við klúðruðum oft boltanum og fengum fávitamörk á okkur sem má skrifa á hugsanaleysi. Svo skokka menn til baka án þess að horfa á boltann. Þetta fór mjög í taugarnar á mér."

**- hbg**

Deila dómara og KSÍ enn í hnút eftir að dómarar felldu samkomulag:

# Klofningur hjá dómurum og stjórnin hætt

**FÓTBOLTI** Síðastliðinn föstudag náðist samkomulag á milli landsdómara og KSÍ um ný launakjör. Samkomulagið var með fyrirvara um samþykki félags deildardómara. Það var kynnt fyrir félagsmönnum í gær á miklum hitafundi sem endaði með því að félagið klofnaði og stjórnin hætti í kjölfarið. Deilan er því enn í hnút og sér ekki fyrir endann á henni.

Atkvæðagreiðslan var mjög jöfn en samkomulagið var fellt með 5-6 atkvæða mun. Stjórn félagsins og aðrir dómarar sem studdu samkomulagið gengu í kjölfarið af fundi og það er því klofningur í dómarastéttinni. Magnús Þórisson hefur sagt af sér formennsku í félaginu enda var það hann sem náði samkomulaginu við KSÍ sem hann taldi augljóslega gott. Magnús vildi ekkert tjá sig um málið og beindi öllum spurningum til fulltrúa KSÍ í málinu, Birki Sveinssyni. Birkir segir að KSÍ muni skoða málið í dag.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins taldi stjórn félags deildardómara sig hafa náð mjög góðum samningum við KSÍ og það kom mörgum verulega á óvart að samkomulagið hefði verið fellt. **- hbg**



**KLOFNINGUR** Dómarastéttin er klofin í launamálinu sem sér ekki fyrir endann á. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| EVERTON-READING | 1-1 |

0-1 Sjálfsmark (28.), 1-1 Johnson (81.).

| | |
|---|---|
| TOTTENHAM-NEWCASTLE | 2-3 |

1-0 Defoe (14.), 1-1 Huntington (16.), 2-1 Berbatov (54.), 2-2 Martins (72.), Butt (73.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **MAN. UTD.** | **23** | **18** | **3** | **2** | **52-16** | **57** |
| CHELSEA | 23 | 15 | 6 | 2 | 41-17 | 51 |
| **LIVERPOOL** | **23** | **13** | **4** | **6** | **35-16** | **43** |
| ARSENAL | 23 | 12 | 6 | 5 | 43-19 | 42 |
| **BOLTON** | **23** | **12** | **4** | **7** | **27-21** | **40** |
| PORTSM. | 23 | 10 | 7 | 6 | 34-23 | 37 |
| **EVERTON** | **23** | **8** | **8** | **7** | **29-23** | **32** |
| TOTTENHAM | 23 | 9 | 5 | 9 | 28-31 | 32 |
| **READING** | **23** | **9** | **4** | **10** | **31-31** | **31** |
| MAN. CITY | 23 | 8 | 6 | 9 | 19-25 | 30 |
| **NEWCASTLE** | **23** | **8** | **5** | **10** | **26-30** | **29** |
| BLACKBURN | 22 | 8 | 4 | 10 | 24-31 | 28 |
| **FULHAM** | **23** | **6** | **10** | **7** | **25-35** | **28** |
| MIDDLESB. | 23 | 7 | 6 | 10 | 24-28 | 27 |
| **A. VILLA** | **23** | **5** | **11** | **7** | **24-28** | **26** |
| SHEFF.UTD | 23 | 6 | 6 | 11 | 18-30 | 24 |
| **WIGAN** | **22** | **6** | **4** | **12** | **23-36** | **22** |
| WEST HAM | 23 | 5 | 4 | 14 | 15-36 | 19 |
| **CHARLTON** | **23** | **4** | **4** | **15** | **18-43** | **16** |
| WATFORD | 21 | 1 | 9 | 11 | 12-29 | 12 |



**TRAUSTIR FÉLAGAR** José Mourinho og John Terry. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

John Terry, fyrirliði Chelsea:

## Vill ekki að Mourinho fari

**FÓTBOLTI** John Terry, fyrirliði Chelsea, er tilbúinn að fara fyrir mótmælum leikmanna liðsins til þess að berjast fyrir framtíð José Mourinho á Stamford Bridge. Það hefur verið mikið skrifað um það í enskum fjölmiðlum að portúgalski stjórinn sé á sínu síðasta tímabili með liðið.

„Við viljum ekki að José fari og ef það þarf fimm eða sex leikmenn til þess að segja þeim það þá erum við tilbúnir að berjast fyrir hann. Ég er í engum vafa um að José er sá besti og hann verður það áfram í tuttugu ár til viðbótar. Við viljum hafa það besta hjá Chelsea og ég er viss um að hann heldur áfram með liðið á næsta tímabili,“ sagði Terry sem er enn frá vegna erfiðra bakmeiðsla. - óój



**FLOTTUR Á BEKKNUM** Shaquille O'Neal kann að klæða sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

NBA-deildin í körfubolta:

## Bið eftir Shaq

**KÖRFUBOLTI Shaquille O'Neal hefur aðeins spilað fjóra leiki með Miami Heat á tímabilinu en hann sleit liðþófa í hné 12. nóvember. O'Neal er þó kominn vel á veg í endurhæfingunni og er að einbeita sér að því að styrkja vinstra hnéð.**

**Miami mætir Lakers í nótt og það verður því ekkert Kobe-Shaq einvígi í Staples Center eins og sumir voru að vonast eftir. O'Neal lék átta tímabil í Los Angeles og vann þar þrjá meistaratitla.**

**„Ég er ekki viss um hvenær ég kem til baka. Ég vil ekki gefa út einhverja dagsetningu því mér líkar ekki að lofa einhverju sem ég get ekki staðið við. Ég kem því til baka þegar ég er orðinn 100% góður,“ sagði O'Neal en Miami er eins og er síðasta liðið inn í úrslitakeppnina í Austurdeildinni.** - óój



**BJARGAÐI LEIKNUM** Obafemi Martins skoraði mark og lagði upp annað á aðeins 90 sekúndum og Glenn Roeder, stjóri Newcastle, var sáttur við sinn mann. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Everton komst upp fyrir Tottenham í stigatöflunni:

# Frábær fótbolti

**FÓTBOLTI** Nicky Butt tryggði Newcastle 3-2 sigur á White Hart Lane í stórkostlegum leik sem bauð upp á allt það besta í boltanum. Tottenham komst tvisvar yfir en það dugði skammt.

Tvö mörk á 90 sekúndum færðu meiðslahrjáðum gestum frá Newcastle öll þrjú stigin. Obafemi Martins skoraði fyrst gull af marki upp úr engu og mínútu síðar lagði hann upp mark fyrir Butt. Leikurinn var frábær skemmtun en liðin áttu samanlagt 36 skot.

„Við áttum að fá meira út úr þessum leik og við trúum því bara ekki að við stöndum eftir stigalausir. Ég vil samt hrósa Newcastle fyrir að koma hingað og skora þrjú mörk,“ sagði Martin Jol, stjóri Tottenham.

„Ungu strákarnir í liðinu voru stórkostlegir og ég er mjög stoltur af mínu liði. Búningsklefinn okkar er frábær staður til að vera á núna.“ sagði Glenn Roeder, stjóri Newcastle.

Sylvester Stallone stal senunni á Goodison Park þegar hann fylgdist með leik Everton og Reading. Andy Johnson tryggði heimamönnum jafnteflið með skallamarki undir lokin. Með stiginu og tapi Tottenham komust Evertonmenn upp í 7. sæti. - óój




## > ROBERT DE NIRO

Robert De Niro er í guðatölu hjá mörgum kvikmyndaáhugamönnum. Hann fæddist í New York borg árið 1943 og báðir foreldrar hans voru listamenn. Hann snéri sér fljótt að leiklistinni og varð fyrst frægur fyrir hlutverk sitt í myndinni Mean Streets frá 1973. Árið eftir fékk hann Óskarinn fyrir hlutverk sitt í Guðföðurnum 2 og 1980 var hann valinn besti leikarinn fyrir hlutverk sitt í Raging Bull. Hann lék í myndinni The Fan sem sýnd verður á Stöð 2 Bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON DÁIST AÐ ÍSLENSKRI DAGSKRÁRGERÐ

# Leitin að hinu óáþreifanlega

Mikið er það ánægjulegt að íslenskar sjónvarpsstöðvar skuli leggja út í tugmilljóna króna dagskrárgerð þjóðinni til uppfræðslu og ánægjuauka. Einn meiður af slíkri viðleitni er gerð þátta sem falla undir hugtakið raunveruleikasjónvarp. Þar hefur Idolið verið flaggskipið á undanförnum árum en einhverra hluta vegna hefur verið ákveðið að leggja því og beita systurskipinu X-factor í staðinn. Gott og vel.

Ég og sonur minn horfum stundum saman á X-factor en upp kemur alltaf sama vandamálið. Við skiljum ekki alltaf um hvað er rætt. Það skal tekið fram að ég hef á litlu að byggja, kann ekki á hljóðfæri og börn fara að gráta þegar ég syng. Sonur minn kann meira en ég, vegna þess að hann er byrjaður í tónlistarnámi.



Ég skil þó svo mikið að verið er að leita að því óáþreifanlega eða X-factornum hjá keppendum. En slíkt er verkefnið, svo umfangs- og yfirgripsmikið er það, að ekki er hægt að finna íslenskT orð yfir fyrirbærið né heldur virðist hægt að koma því í orð, hvernig einstakir keppendur syngja eða til hvers er ætlast af þeim yfirleitt. Það gengur hins vegar ágætlega þegar notuð er enska, þó ég hafi aldrei heyrt þessi orð áður töluð af þeim sem frá enskumælandi löndum koma.

Ég nenni yfirleitt ekki að skattyrðast við fólk og er seinþreyttur til vandræða. En þó verð ég að spyrja hvort það sé til of mikils mælst að íslenska sé nýtt til útskýringa í þáttagerð þar sem stærsti hópur áhorfenda er börn? Mér er líka andskotans sama, svo notuð sé íslenska, þó ekki sé leikin tónlist í þáttunum nema í undantekningartilfellum.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.40** Jamie Oliver STÖÐ 2



▶ **20.00** Pink Panther STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00** Heroes SKJÁR EINN



▶ **21.35** Crossing Jordan STÖÐ2



▶ **22.00** Að leikslokum SKJÁRSPORT

## SJÓNVARPIÐ

**15.45 Helgarsportið (e)**

**16.10 Ensku mörkin** Sýndir verða valdir kaflar úr leikjum síðustu umferðar í enska fótboltanum.

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.50 Táknmálsfréttir**

▶**18.00 Myndasafnið**

**18.01 Fyndin og furðuleg dýr** (7:26) (Weird & Funny Animals)

**18.08 Bú!** (17:26) (Boo!)

**18.16 Lubbi læknir** (43:52) (Dr. Dog)

**18.30 Ástfangnar stelpur** (5:13) (Girls in Love II) Bresk þáttaröð um unglingsstelpur og ævintýri þeirra.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.05 Maó** (2:4) (Mao - A Life) Franskur heimildamyndaflokkur í fjórum þáttum um Maó Tse-tung, fyrrverandi formann kínverska kommúnistaflokksins, og sögu Kína á 20. öld.

**21.10 Örþrifaráð** (2:3) (Last Rights) Bresk framhaldsmynd í þremur þáttum. Sagan gerist í náinni framtíð þegar skeytingarleysi almennings um stjórnmál hefur náð hættulegu stigi og þeir sem völdin hafa vilja binda enda á lýðræðið. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Ensku mörkin (e)**

**23.20 Spaugstofan (e)**

**23.55 Kastljós**

**00.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Tumi Þumall og Þumalína**

**08.00 Just For Kicks** (Alltaf í boltanum)

**10.00 I Capture the Castle** (Kastalalíf)

**12.00 Trail of the Pink Panther**

**14.00 Tumi Þumall og Þumalína**

**16.00 Just For Kicks** (Alltaf í boltanum)

**18.00 I Capture the Castle** (Kastalalíf)

▶**20.00 Trail of the Pink Panther** Aðalhlutverk. Peter Sellers, David Niven, Herbert Lom, Robert Wagner. 1982.

**22.00 Interstate 60** (Þjóðvegur 60)

**00.00 The Fan** (Aðdáandinn) Stranglega bönnuð börnum.

**02.00 Pinero** Stranglega bönnuð börnum.

**04.00 Interstate 60**

## STÖÐ 2

**06.58 Ísland í bítið**

**09.00 Bold and the Beautiful**

**09.20 Í fínu formi 2005**

**09.35 Oprah**

**10.20 Ísland í bítið (e)**

**12.00 Hádegisfréttir**

**13.05 Sisters** (Systur)

**13.55 Wife Swap** (3.12) (e)

**14.40 Listen Up** (8.22) (Takið eftir)

**15.05 George Lopez** (24.24)

**15.30 Ljónagrín** (Father of the Pride)

**15.50 Tvíburasysturnar** (5.22)

**16.13 Skrímslaspilið** (35.49)

**16.33 Animaniacs** (Villingarnir)

**16.53 Smá skrítnir foreldrar**

**17.18 Véla-Villi**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours** (Nágrannar)

**18.18 Íþróttir og veður**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

▶**19.40 Jamie Oliver - með sínu nefi** (13.26) (Oliver´s Twist)

**20.05 Extreme Makeover. Home Edition** (24.25)

**20.50 Grey´s Anatomy** (8.22).

▶**21.35 Crossing Jordan** (14.21) (Réttarlæknirinn) Lest á leið til Boston springur í loft upp og liggja margir í valnum, mest megnis börn á skólaaldri. Það sem vekur enn meiri óhug er að önnur sprengja leynist víst annars staðar og gæti sprungið á hverri stundu. Bönnuð börnum.

**22.20 Dentists from Hell** (Skelfilegar tannlæknasögur) Í þessum skondna þætti eru rifjaðar upp nokkrar af skelfilegustu tannlæknasögum sem um getur; sögum sem eru lyginni líkastar.

**23.10 Prison Break (11.22)** (Flóttinn)

**00.00 Golden Globe 2007 - Rauði dregillinn** Aðdragandi og upphitun fyrir Golden Glober-verðlaunahátíðina 2007.

**01.00 Golden Globe 2007** Bein útsending frá Golden Globe-verðlaunahátíðinni 2007 sem fram fer í Hollywood. Veitt eru verðlaun fyrir helstu afrek ársins 2006.

**04.00 Pinero** Dramatísk kvikmynd um viðburðaríka ævi skáldsins og leikarans Miguels Pinero. Stranglega bönnuð börnum.

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

**06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**19.30 Seinfeld** (11.24) Kærasti Elaine býður Jerry afspyrnugóð kjör í bílakaupum.

**20.00 Entertainment Tonight**

**20.30 Janice Dickinson** Janice Dickinson er fyrsta ofurmódel heims... að eigin sögn. Eftir að hafa verið dómari í þáttunum America/s Next Top Model í nokkur ár, fannst Janice kominn tími til að breyta til. Hún ákvað því að opna sína eigin umboðsskrifstofu og til að gera verkefnið enn meira spennandi lætur hún taka allt ferlið upp fyrir sjónvarpið. Meira en 500 manns mættu í opnar prufur sem Janice hélt.

**20.55 Leiðin að Hlustendaverðlaunum FM 957** Upphitun fyrir Hlustendaverðlaun FM 957 sem fram fara í Borgarleikhúsinu 23. janúar.

**21.00 Tekinn** Rock Star-stjörnurnar Toby og Storm Large eru hrekktar af Audda sem fékk þau Ragnhildi Steinunni og Sveppa til liðs við sig.

**21.30 Star Stories** Gamanþættir þar sem gert er grín að stjörnunum og lífi þeirra. Þættirnir eru byggðir upp eins og þættir þar sem skyggnst er á bak við tjöldin hjá frægu fólki. Allar sögurnar í þáttunum eru sannar en það eru leikarar sem stíga í fótspor raunverulega fólksins.

**22.00 Trading Spouses** Nokkrar fjölskyldur taka sig til og prófa nýtt líf. Er líf þeirra ekki nógu gott eða eru þau vanþakklát? Við fylgjumst með nokkrum fjölskyldum þar sem mæður og feður skipta um fjölskyldur. Í hverri viku mun einn húsráðandi skipta um hlutverk við annan húsráðanda.

**22.50 Insider**

**23.15 Weeds** (11.12) (e)

**23.45 Twenty Four** (7.24) (e)

**00.30 Twenty Four** (8.24) (e)

**01.20 Seinfeld** (11.24) (e)

**01.45 Entertainment Tonight (e)**

**02.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210 (e)**

**08.00 Rachael Ray (e)**

**08.55 Venni Páer (e)**

**09.25 Melrose Place (e)**

**15.40 What I Like About You (e)**

**16.05 Game tíví (e)**

**16.35 Beverly Hills 90210**

**17.20 Rachael Ray**

**18.15 Melrose Place**

**19.00 Everybody loves Raymond (e)**

**19.30 Just Deal** Bandarísk unglingasería um þrjá ólíka vini.

**20.00 One Tree Hill**

▶**21.00 Heroes** Bandarísk þáttaröð sem hefur slegið í gegn og er vinsælasta nýja þáttaröðin í bandarísku sjónvarpi í vetur. Hún hefur fengið frábæra dóma og gríðarlegt áhorf. Heroes er fersk og spennandi þáttaröð um venjulegt fólk með óvenjulega hæfileika. Aðalsöguhetjurnar héldu að þær væru eins og allir aðrir þar til þær vöknuðu einn daginn með yfirnáttúrlega hæfileika.

**22.00 C.S.I. - NÝTT** William L. Petersen, sá besti af þeim bestu, er hér í hlutverki réttarrannsóknarmannsins Gil Grissom. Grissom og félagar eru snillingar í að leysa sakamál sem líta stundum illa út í byrjun, því oft virðist ekki vera neitt til að byggja málið á, en alltaf tekst þeim að koma manni á óvart. Páttur sem grípur þig heljartökum um leið og þú byrjar að horfa og kemur þér alltaf á óvart.

**23.00 Everybody loves Raymond**

**23.30 Jay Leno**

**00.20 Boston Legal (e)** Þriðja þáttaröðin í þessu bráðfyndna lögfræðidrama þar sem fylgst er með skrautlegum lögfræðingum í Boston.

**01.20 Beverly Hills 90210 (e)**

**02.05 Melrose Place (e)**

## SKJÁR SPORT

**14.00 Sheff. Utd. - Portsmouth (frá 13. jan)**

**16.00 Blackburn - Arsenal (frá 13. jan)**

**18.00 Þrumuskot**

**19.00 Ítölsku mörkin**

**20.00 Watford - Liverpool (frá 13. jan)**

▶**22.00 Að leikslokum**

**23.00 Ítölsku mörkin (e)**

**00.00 Everton - Reading (frá 14. jan)**

**02.00 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

### SIRKUS KL. 21.00

**Tekinn**



Auðunn Blöndal heldur uppteknum hætti á nýju ári með því að hrekkja þjóðþekkta einstaklinga allrækilega og taka allt saman upp á falda myndavél. Þessi þáttur er einstakur í sinni röð fyrir þær sakir að hér eru fórnarlömbin í fyrsta sinn erlendar stjörnur; nefnilega „Rokkstjörnurnar“ Toby og Storm úr raunveruleikaþáttunum RockStar: Supernova. Það var einmitt góðvinur þeirra úr þáttunum, Magni Ásgeirsson, sem hjálpaði Audda við að góma söngvarana, þegar þau voru stödd hér á landi á dögunum og héldu tónleika í Laugardalshöll. Það sem meira er þá gat Auddi í fyrsta sinn tekið sjálfur þátt í hrekknum, af þeirri einföldu ástæðu að þau Toby og Storm, höfðu, merkilegt nokk, ekki hugmynd um hver þessi landsfrægi sjónvarpsmaður var. Auddi þykist þannig vera að taka við þau viðtal og er með ólíkindum illa upplýstur og vanhæfur spyrill. Sjón er sögu ríkari.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ CSI Á SKJÁR EINN 22.00

William L. Petersen, sá besti af þeim bestu, er hér í hlutverki réttarrannsóknarmannsins Gil Grissom. Grissom og félagar eru snillingar í að leysa sakamál sem líta stundum illa út í byrjun, því oft virðist ekki vera neitt til að byggja málið á, en alltaf tekst þeim að koma manni á óvart. Þáttur sem grípur þig heljartökum um leið og þú byrjar að horfa og kemur þér alltaf á óvart. Einn vinsælasti þátturinn í Bandaríkjunum í dag.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Fréttir **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stefnumót
**11.00** Fréttir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssaga Slóð fiðrildanna (10:23)
**14.30** Miðdegistónar
**15.00** Fréttir
**15.03** Krossgötur
**16.00** Fréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Söngvamál
**21.00** Aðeins vextina
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Úr tónlistarlífinu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**16:40 Spænski boltinn** (Sevilla - Mallorca) Útsending frá leik í spænska.

**18:20 NFL - ameríska ruðningsdeildin** (San Diego - New England)

**20:20 Ali Rap** (Ali 65 ára) Hnefaleikagoðsögnin Muhammad Ali verður 65 ára þann 17. janúar og Sýn býður áskrifendum sínum upp á splunkunýja þætti um kappann af því tilefni. Ali er án efa einhver þekktasti íþróttamaður allra tíma og er jafnan nefndur til sögunnar sem fremsti þungavigtarmaður í sögu hnefaleikanna. Ali setti jafnframt gífurlegan svip á samtíma sinn þegar hann var upp á sitt besta. Þessi fyrsti þáttur sýnir einmitt hvers vegna Ali hefur stundum verið kallaður skáld og fyrsti rapparinn.

**21:15 Spænsku mörkin**

**22:00 Coca Cola mörkin** Hér er farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu.

**22:30 Football Icons** Enskur raunveruleikaþáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englandsmeistara Chelsea.

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð.

### DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** SKRÅL **6.30** Anton - min hemmelige ven **7.00** Gurli Gris **7.05** Alfons Åberg **7.15** Charlie & Lola **7.30** Søren Ryge - Christianias haver **8.00** Design for fremtiden **8.30** Ude i naturen **9.00** Mik Schacks Hjemmeservice **9.30** Hva' så Danmark? - reform af den offentlige sektor **10.00** Familiejagten **10.30** Det store bryllup **11.00** TV Avisen **11.10** 21 Søndag **11.50** DR-Dokumentar - Det skæve skib **12.50** Aftenshowet **13.20** Nyheder på tegnsprog **13.30** Desperate boligdrømme **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Hjerteflimmer **15.30** Snurre Snup **15.35** Monster allergi **16.00** Troldspejlet **16.30** Den lille brandskole **16.55** Gurli Gris **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Vejret på DR1 **18.00** Aftenshowet **18.30** Genbrugsguld **19.00** Kløvedal i Kina **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Hercule Poirot: Døden på Nilen **22.40** OBS **22.45** Sandheden om Yellowstone **23.35** Hjerteflimmer **5.30** Pippi Langstrømpe **6.00** Den lille prinsesse

### NRK 1

**6.30** Stå opp **6.40** Lisa **6.50** Teddy og Annie **7.00** Willy Nilsen på camping **7.25** Bravo Bibbi! **7.40** Disneytimen **8.35** Familien Pling **9.00** V-cup alpint: Slalåm **9.50** V-cup skiskyting: Fellesstart kvinner **10.55** V-cup kombinert: Hopp lag **11.50** V-cup skiskyting: Fellesstart menn **12.45** V-cup hopp: Skiflyging **13.25** Sport i dag **13.40** V-cup hopp: Skiflyging **14.30** V-cup kombinert: Høydepunkter stafett lag **15.00** EM skøyter 2007: 5000 m kvinner og **10 000** m menn **16.45** Sport i dag **17.00** Willy Nilsen på camping **17.20** Småspøkelsene **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Planeten vår **20.05** Supersize Me 21.45 NM-rally: Mountain Rally **22.10** Kveldsnytt **22.25** Dok1: En historie fra Hässelby **23.15** Nytt på nytt **23.45** En griselekker flukt

### SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Nära djuren **13.45** Vi mötte stormen **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Pepparkakslandet **17.00** Lilla syster kanin **17.20** Goda råd **17.30** Evas funkarprogram **17.45** Dr Dogg **18.00** Lilla sportspegeln **18.30** Rapport **19.00** Svenska Idrottsgalan 2007 **21.30** Supernatural **22.15** Rapport **22.25** Kulturnyheterna **22.35** Sopranos **23.30** Sändningar från SVT24 5.00 Gomorron Sverige



**HRÓSIÐ ...**



*... fær Jakob Þór Einarsson leikari sem fagnaði fimmtugsafmælinu með skemmtilegum hætti, fylgdist með Manchester United í sigurleik á Old Trafford.*

# Idolstjörnur áberandi í fyrsta holli Eurovision

„Ég tapaði veðmáli og þess vegna er ég með,“ segir Idolstjarnan Snorri Snorrason sem er einn þeirra söngvara sem flytja lag í fyrsta riðli undankeppni Eurovision á laugardaginn. Snorri syngur lagið Undarleg er ástin eftir Óskar Guðnason og textahöfundinn Kristján Hreinsson. Þegar Fréttablaðið ræddi við Snorra í gærdag var verið að leggja lokahönd á lagið. „Þetta lag datt inn í keppnina á síðustu stundu af því að annað lag datt út. Það gerist því allt mjög hratt og við erum bara að klára að taka það upp,“ segir Snorri.

Idolstjörnur eru áberandi í fyrsta riðlinum. Auk Snorra syngja þær Aðalheiður Ólafsdóttir og Bríet Sunna Valdimarsdóttir líka á laugardagskvöldið. Heiða syngur lagið Enginn eins og þú eftir Roland Hartwell við texta Stefáns Hilmarssonar og Bríet Sunna syngur lagið Blómabörn eftir Trausta Bjarnason við texta Magnúsar Þórs Sigmundssonar. Þá syngur Bergþór Smári eigið lag og texta, Þú gafst mér allt. Sigurjón Brink syngur lagið Áfram, sem hann semur með Bryndísi Sunnu Valdimarsdóttur en hún og Jóhannes Ásbjörnsson eiga textann. Hreimur Heimisson syngur lagið Draumur eftir Svein Rúnar Sigurðsson og Matti úr Pöpunum syngur Húsin hafa augu eftir Þormar Ingimarsson, en Kristján Hreinsson á textann við tvö síðasttöldu lögin. Finnur Jóhannsson syngur svo Allt eða ekki neitt, textinn er eftir Þorkel Olgeirsson sem semur lagið með Torfa Ólafssyni og Eðvarð Lárussyni.

Fyrsta undankvöld Eurovision af þremur verður í Sjónvarpinu á laugardagskvöld. Öll þessi lög verða flutt á Rás 2 í dag og verða svo aðgengileg á www.ruv.is.

**- hdm**



**HEIÐA** Syngur lag Rolands Hartwell.



**BRÍET SUNNA** Syngur lagið Blómabörn.



**SNORRI** Tapaði veðmáli og syngur því í undankeppni Eurovision.

| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** kirkjuleiðtogi **6** íþróttafélag **8** landspilda **9** andi **11** guð **12** duglegur **14** skorða **16** tónlistarmaður **17** galdrastafur **18** for **20** vörumerki **21** fimur.
**LÓÐRÉTT**
**1** fiskur **3** málmur **4** hjálpsamur **5** svelgur **7** hæðinn **10** farfa **13** ónotaður **15** svari **16** kóf **19** slá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** páfi, **6** fh, **8** lóð, **9** sál, **11** ra, **12** iðinn, **14** stýfa, **16** kk, **17** rún, **18** aur, **20** ss, **21** frár.
**LÓÐRÉTT: 1** ufsi, **3** ál, **4** fórnfús, **5** iða, **7** háðskur, **10** lit, 13 nýr, **15** ansi, **16** kaf, **19** rá.




ÍSLAND Í HOLLYWOOD: HUNDRUÐ MILLJÓNA Í HÚFI

# Fyrirspurnir frá draumaborginni hafa sexfaldast

„Það hefur átt sér stað mikil vakning um Ísland meðal erlendra kvikmyndagerðarmanna,“ segir Einar Tómasson hjá Film in Iceland. „Fyrirspurnir hafa sexfaldast á undanförnum árum og hækkun á endurgreiðslu í fjórtán prósent skipti þar miklu máli,“ útskýrir hann.

Á undanförnum árum hafa kvikmyndir á borð við Tomb Raider, Batman Begins og James Bondmyndin Die Another Day verið að hluta til teknar upp á Íslandi en eitt stærsta verkefnið var án nokkurs vafa Flags of our Fathers þar sem Clint Eastwood lagði Sandvík á Reykjanesi undir sig í nokkrar vikur en reikna má með að dvöl tökuliðsins hafi skilað hundruðum milljóna til baka. Helga Margrét Reykdal hjá True North staðfestir þetta en vill ekki gefa upp nákvæma tölu, það sé trúnaðarmál. Hún segir að aðstæður skipti miklu máli fyrir áhugann og nefnir þar sérstaklega gengi krónunnar. „En fyrirspurnirnar eru alltaf jafn margar,“ segir hún. „Að fá erlent kvikmyndagerðarfólk til landsins er atriði sem skiptir miklu máli fyrir litla þjóðarbúskapinn okkar.“

Einar Sveinn, markaðsstjóri hjá Pegasus, segist finna vel fyrir auknum áhuga hjá erlendu kvikmyndagerðarfólki sem vilji koma hingað til lands. Hann segist ekki vita til þess að jafn stórt verkefni og Flags of our Fathers sé á teikniborðinu en upplýsir að Pegasus sé með í pottinum nokkrar bitastæðar kvikmyndir sem gætu ratað hingað upp á land. „Í þessum iðnaði er betra að segja minna heldur en meira,“ svara Einar sem vildi ekki gefa upp hverjir það væru sem sýnt hefðu landi og þjóð áhuga.

Hjá Saga Film fengust þær upplýsingar að stórt verkefni væri í burðarliðnum en framleiðandinn Jón Bjarni Guðmundsson var þögull sem gröfin og vildi ekkert tjá sig um málið. „Þetta er ekki jafn viðamikið og Flags of Our Fathers en tökudagarnir verða fleiri,“ útskýrir Jón Bjarni og segir að mjög stórt nafn í Hollywood sé að lesa handritið yfir en sagðist ekki geta upplýst hver það væri að svo stöddu. „Við náum henni vonandi, ef ekki á þessu ári þá á því næsta,“ segir Jón Bjarni. Hann tók hins vegar undir með Helgu Margréti og sagði að ytri aðstæður gætu oft skipt sköpum. „Við getum ráðið við veðrið en ekki við hátt matarverð.“



**STÆRSTA VERKEFNIÐ** Gerð kvikmyndarinnar Flags of our Fathers er talin hafa skilað hundruðum milljóna til íslenskra aðila.



**HELGA MARGRÉT REYKDAL** Ytri aðstæður geta oft ráðið miklu um hvort erlent kvikmyndagerðarfólk kemur til landsins.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Bjarni Ármannsson** og hans fólk í Glitni bauð til glæsilegs galadansleiks í nýju Laugardalshöllinni á laugardagskvöld. Yfirskrift kvöldsins var Stefnumót við stjörnurnar og hátt í 600 gestir voru boðnir til dansleiksins, stórir viðskiptavinir bankans og lykilstarfsmenn hans. **Björk Jakobsdóttir** leikkona var veislustjóri og þótti standa sig með prýði. Meðal annarra listamanna sem komu fram á galadansleiknum voru **Diddú**, **Ívar Helgason**, **Jón Jósep Snæbjörnsson** og **Páll Óskar Hjálmtýsson** sem söng með stórsveit.



Í veislunni voru samankomnar margar stórkanónur úr viðskiptalífinu. Þarna mátti meðal annarra berja augum **Hannes Smárason**, **Magnús Ármann**, **Þórð Má Jóhannesson** í Straumi og **Magnús Kristinsson** úr Vestmannaeyjum. Þarna voru líka **Kári Stefánsson** hjá Íslenskri erfðagreiningu, **Björn Bjarnason** dómsmálaráðherra, **Jakob Frímann Magnússon** Stuðmaður, **Jóhannes Jónsson** í Bónus og **Kristín Jóhannesdóttir**. Þá eru ótalin þau **Vala Flosadóttir** stangarstökkvari, **Svafa Grönfeldt**, rektor HR, **Bjarni Benediktsson** alþingismaður og **Hólmfríður Karlsdóttir** fegurðardrottning.



Veislan þótti einkar vel heppnuð og allir gátu étið og drukkið nægju sína. Mikla lukku vakti svo þegar vel var liðið á nóttina, og þar með veisluna, að borið var fram miðnætursnarl fyrir ballgesti. Þeir allra hörðustu gátu þá gætt sér á eggjum og beikoni og haldið svo áfram að stíga dansinn.



**- hdm**




# Frábærlega skemmtilegt frisbí

Innan veggja Háskóla Íslands starfar Flugdiskafélag stúdenta, fyrsta og eina íþróttafélag sinnar tegundar á landinu. Það kemur saman í Hagaskóla á mánudagskvöldum til að iðka íþrótt að nafni Ultimate frisbee. „Þetta er mjög einfalt sport og maður er fljótur að læra það. Ég kunni sjálf ekkert þegar ég byrjaði, hafði bara komið við frisbí í einhverju gríni,“ sagði Freydís Vigfúsdóttir, forseti frisbífélagsins.

Félagið var stofnað síðastliðið haust, að frumkvæði skiptinemans Björn Thomas frá Þýskalandi. Leikið er eftir föstum reglum, sem Freydís segir líkjast blöndu af körfubolta og amerískum fótbolta. „Maður má bara taka svona stjörnuskref þegar maður er með diskinn, eins og í körfubolta. Og svo skorar maður með því að félagi manns grípur frisbídiskinn innan ákveðins svæðis,“ útskýrði hún.

Félagið á við nokkra manneklu að stríða eins og stendur og vill ólmt fá fleiri Íslendinga til liðs við sig. „Það eru þeir sem munu halda þessu gangandi. Svo viljum við líka bara geta skráð okkur hjá ÍSÍ og orðið almennilegt félag,“ sagði Freydís. „Við stefnum á að þetta sport verði kynnt fyrir Íslendingum, það er alveg frábærlega skemmtilegt. Það eru allir velkomnir á æfingu,“ sagði hún. **- sun**



**FORSETI FRISBÍFÉLAGSINS** Freydís Vigfúsdóttir segir íþróttina vera frábærlega skemmtilega.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ULTIMATE FRISBEE** Reglur leiksins líkjast blöndu af körfubolta og amerískum fótbolta.


Miðnætur opnun
Í KVÖLD KL. 23:59
10 11 12 1 2
AÐEINS Í EFTIRTÖLDUM VERSLUNUM BT
BT Skeifunni • BT Akureyri
BT Akranesi • BT Selfossi
BT Egilstöðum • BT Ísafirði
WORLD OF WARCRAFT
SPECIAL EDITION Í TAKMÖRKUÐU MAGNI!
EXPANSION SET
WORLD OF WARCRAFT
BURNING CRUSADE
12+
Tryggðu þér eintak í kvöld
BT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • BT Akranes • www.bt.is • Sími 550 4444

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Stórmarkaður í stofunni heima**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS




**BAKÞANKAR**
**ÞRÁINS BERTELSSONAR**

## *Einkaþotan mín*

Pínulítil og púkaleg einkaþota sem tekur ekki nema 5 til 8 farþega og hefur bara um 3.000 km flugþol kostar um 500 milljónir króna. Meðalstór einkaþota fyrir 9 farþega með næstum 5.000 km flugþol kostar um milljarð. Almennileg Boeing Business þota fyrir 25 farþega og 11.500 km fæst ekki fyrir minna en þrjá og hálfan milljarð – nema hún sé notuð.

**ÞAÐ** kostar náttúrlega soldið að reka þokkalega einkaþotu. Maður þarf að ráða flugmenn og kaupa tryggingar og eldsneyti og borga alls konar gjöld, varlega áætlað um 20 milljónir á ári, svo að það er hæpið að þetta borgi sig. Reyndar er þumalfingurreglan sú hjá milljarðamæringum að sá/sú sem eyðir meira en 500 tímum á ári í háloftunum eigi ekki að hika við að fara að svipast um eftir einkaþotu.

**ÞÓTT** góð farartæki séu dýr á ég samt eitt sem er mun verðmætara og meiri dvergasmíð en einkaþota eiganda Microsoft. Þetta verðmæta farartæki er skrokkurinn á mér, farartækið sem flytur mig í lengsta ferðalagi sem dauðlegum manni stendur til boða; ferðinni miklu milli vöggu og grafar.

**ÞENNAN** skrokk fékk ég ókeypis og hvorki ég né dánarbúið munum hagnast á honum því að endursöluverðið stendur í núlli. Þetta er samt fínn skrokkur og með því að taka eldsneyti þrisvar á dag og slökkva á hreyflunum í 8 tíma á sólarhring hefur hann dugað mér prýðilega. Margir milljarðamæringar mættu öfunda mig af þessum skrokki, sérstaklega þeir sem ekki hafa gefið sér tíma til að viðhalda sínum eigin og rogast um með ístru sem gæti rúmað tvíbura eða hafa stíflað í sér æðakerfið. Svona fínt áhald krefst auðvitað viðhalds og það sniðuga er að jafnvel auðugasti maður veraldar getur ekki keypt það á verkstæði, heldur verður hver og einn að sjá sjálf(ur) um viðhaldið á sínum eigin skrokki. Sund, gönguferð eða líkamsrækt í hálftíma á dag er allt sem þarf. Jú, og svo þarf að huga að eldsneytinu, svona fínt áhald á ekki að nota til að brenna drasli. Þetta er ómetanleg völundarsmíð en ekki sorpeyðingarstöð. Það mundi engum detta í hug að troða hamborgurum í eldsneytistankana á einkaþotu. Og eru þær þó ekki svona verðmætar.





Af hverju að sætta sig við það næstbesta þegar þú getur fengið það besta? **Nissan Pathfinder** er rjóminn í 4x4, alvöru jeppi og leiðandi bíll á öllum sviðum, bæði hvað varðar styrk, tækni og fjölhæfni. Pathfinderinn er líkt og skapaður fyrir íslenskar aðstæður og býður upp á frábæra akstursupplifun, hvort sem er á þjóðveginum, upp til fjalla eða í borginni.

**Komdu og reynsluaktu og kynntu þér verðið!**

NISSAN PATHFINDER

NISSAN

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt | Akranesi 431 1376 | Akureyri 464 7940 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Njarðvík 421 8808 | Reyðarfirði 474 1453

ZEPTO® the notebook company

ORMSSON LÁN TIL 48 MÁNAÐA



**ZEPTO 4015SE**
***Fjölhæf og þolgóð***
15" XGA skjár
1,5 Ghz Intel Celeron 1MB örgjörvi
512 MB DDR2 vinnsluminni
80 GB harður diskur
Innb. DVD skrifari, þráðl. netkort o.fl.
Allt að 5 klst. rafhlöðuending

LISTAVERÐ: KR. 99.900,-
MÁNAÐARGREIÐSLA: KR. 2.886,- pr./mán. í 48 mánuði

***Fartölvutaska fylgir frítt með öllum tölvunum.***



**ZEPTO 6015WD**
***Gæðagripur***
15,4" WXGA+ 1280x800 skjár
1,8 Ghz Intel Core 2 Duo örgjörvi
1 GB DDR2 vinnsluminni
Intel Centrino DUO tækni
80 GB 7200 rpm harður diskur
Innb. vefmyndavél, Bluetooth, Innbyggt 54 mbps þráðlaust netkort, minniskortalesari, Dual-Layer DVD brennari o.m.fl.

LISTAVERÐ: KR. 149.900,-
MÁNAÐARGREIÐSLA: KR. 4.330,- pr./mán. í 48 mánuði



**ZEPTO 6214W**
***Kraftmikil og nett***
14,1" WXGA 1280 x 800 skjár
1,83 Ghz Intel Core Duo T2400 örgjörvi
1 GB DDR2 vinnsluminni
80 GB SATA Hitachi harður diskur
Innbyggt 54mbps þráðlaust netkort, Bluetooth, minniskortalesari.

AUKAHLUTASETT FYLGIR FRÍTT*

AUKAHLUTASETT:
· Þráðlaust optical mús
· 512 MB minnislykill
· Skype headset

LISTAVERÐ: KR. 159.900,-
MÁNAÐARGREIÐSLA: KR. 4.619,- pr./mán. í 48 mánuði



**ZEPTO 2425W**
***Öflug og skemmtileg***
15,4" Crystal Clear breiðtjaldsskjár
Intel Core Duo 1,83Ghz örgjörvi
Geforce Go 7600 256MB skjákort
100GB harður diskur 1 GB DDR2 vinnsluminni
Innb. DVD skrifari, þráðl. netkort, vefmyndavél, fingrafaralesari o.fl. Allt að 4 klst. rafhlöðuending

AUKAHLUTASETT FYLGIR FRÍTT*

LISTAVERÐ: KR. 169.900,-
MÁNAÐARGREIÐSLA: KR. 4.907,- pr./mán. í 48 mánuði

ORMSSON

Gerðu verð- og gæðasamanburð áður en þú fjárfestir í fartölvu.

SMÁRALIND · Sími 530 2900 | AKUREYRI · Sími 461 5000 | SÍÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800 | www.ormsson.is